# FRÉTTABLAÐIÐ

70. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 23. MARS 2018




Liðsmenn knattspyrnufélagsins Fálka ásamt vinum mættu á hátíðarsýningu myndarinnar Víti í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Reyndar er ekki um raunverulegt knattspyrnulið að ræða heldur var þarna leikhópur myndarinnar saman kominn. Myndin fjallar um ævintýri liðsmanna Fálka og vina þeirra á knattspyrnumóti í Vestmannaeyjum. Sjá síðu 34 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ákærð fyrir líflátshótun í garð þjálfara

**Móðir þroskaskertrar konu hefur verið ákærð fyrir líflátshótun gegn boccia-þjálfara dóttur sinnar. Þjálfarinn er grunaður um að hafa brotið gegn þroskaskertum konum sem hann þjálfaði. Mál hans er á borði saksóknara eftir tæplega þriggja ára rannsókn hjá lögreglu.**

**DÓMSMÁL** Gefin hefur verið út ákæra á hendur Guðrúnu Karítas Garðarsdóttur fyrir líflátshótun gegn manni sem grunaður er um kynferðisbrot gegn þroskaskertum konum.

Maðurinn, sem hefur um árabil starfað sem boccia-þjálfari á Akureyri, mun hafa stofnað til náinna vináttusambanda við kvenkyns iðkendur íþróttarinnar og nýtt sér þær kynferðislega í krafti yfirburðastöðu sinnar gagnvart þeim. Hefur hann til dæmis útvegað þeim húsnæði til búsetu og þannig tryggt sér aðgang að þeim, en þær á sama tíma rofið öll tengsl við fjölskyldu sína. Kæra var lögð fram á hendur manninum árið 2015 og er rannsókn lokið hjá lögreglu og hefur málinu verið vísað til héraðssaksóknara. Ákvörðun um ákæru á hendur manninum liggur ekki fyrir.

Þegar Guðrún varð þess áskynja í ágúst síðastliðnum að maðurinn var að reyna að setja sig í samband við dóttur hennar, sem er þroskaskert og æfði um tíma boccia undir handleiðslu mannsins, brást hún ókvæða við og þusti inn á gólf vinnustaðar hans og hafði í hótunum við hann í vitna viðurvist.

> Þetta eru veruleg vonbrigði og ég var slegin þegar mér var tilkynnt um ákæruna.
>
> Guðrún Karítas Garðarsdóttir

Henni var birt ákæra í síðustu viku þar sem henni er gefið að sök að hafa sagt: „Ég skal drepa þig helvítið þitt,“ og „já víst, ég get látið drepa þig“. Síðari orðin er Guðrún sögð hafa haft uppi þegar brotaþoli lýsti efasemdum um hæfni hennar til manndrápa. Sjálf segist Guðrún ekki hafa sagt síðari orðin en gengst við því að hafa hótað manninum vegna samskipta hans við dóttur hennar.

„Þetta eru veruleg vonbrigði og ég var bara slegin þegar mér var tilkynnt um ákæruna,“ segir Guðrún og lýsir furðu og vonbrigðum með að hún sé ákærð á undan manninum sem hefur að hennar sögn gengið laus og haldið uppteknum hætti allt frá því að grunur vaknaði um brot árið 2014. Nánari umfjöllun um málið er á frettabladid.is. **– aá**

## Bónusgreiðslur hífðu upp forstjóralaun

**VIÐSKIPTI** Árslaun og hlunnindi Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips, sem námu nærri 103 milljónum króna á síðasta ári, hafa hækkað um 41 prósent eða ríflega 30 milljónir króna frá árinu 2014.

Heildargreiðslur til forstjórans hækkuðu um tæp níu prósent árið 2017 frá fyrra ári en þar munar mest um rúmlega 8,9 milljónir króna í árangurstengdar greiðslur. Launaskrið hefur verið hjá öðrum yfirstjórnendum félagsins.

Sex lífeyrissjóðir eru meðal tíu stærstu hluthafa Eimskips. Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti hluthafinn með 13,9 prósenta hlut en Gildi er fjórði stærsti með rúm 9,4 prósent. **– smj /** **sjá síðu 8**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Brynhildur Pétursdóttir vill bönd á smálánafyrirtæki. 17

**SPORT** Freyr Alexandersson, þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta, telur sig hafa fundið lausnir til að bregðast við fjarveru Dagnýjar Brynjarsdóttur í undankeppni HM. 20

**MENNING** Jón Axel Björnsson og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir opna listsýningar hvort á sinni hæð í Hafnarborg. 28

**LÍFIÐ** Dýralæknirinn Freyja Kristinsdóttir segir sögu hundsins Rjóma í heimildarmynd. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BRÚÐKAUP**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL

VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

markhönnun ehf

nettó

Páskabæklingur Nettó er kominn út!



## Veður




Í dag minnir veturinn á sig á Vestfjörðum, þar gengur í allhvassa norðanátt með snjókomu og frystir. Norðanstrengurinn gerir einnig vart við sig vestast á landinu og eitthvað slæðist með af hvítleitri úrkomu. Í öðrum landshlutum verður veður mun rólegra. SJÁ SÍÐU 24

# Dulnefni Stellu stoppi ekki greiðslur

**MENNING** Settur umboðsmaður Alþingis mælist til þess að bókasafnssjóður leysi efnislega úr máli Stellu Blómkvist leiti höfundurinn á ný til sjóðsins.

Um árabil hefur einstaklingur skrifað bækur undir dulnefninu Stella Blómkvist. Höfundurinn hefur yfir fjórtán ára tímabil sent erindi til sjóðsins og spurt um rétt sinn til greiðslna á grundvelli laga um bókmenntir. Svar sjóðsins til höfundarins var að til að fá afgreiðslu þyrfti umsókninni að fylgja nafn og kennitala.

**Stella Blómkvist er afkastamikill höfundur en enginn veit hver er á bak við höfundarnafnið.**




Í kvörtun höfundarins var því haldið fram að með þessari afstöðu nefndarinnar væri hann settur í þá stöðu að þurfa að velja á milli þess að viðhalda nafnleyndinni og lögbundins réttar til greiðslna fyrir afnot á bókum hans.

Settur umboðsmaður taldi skilyrði sjóðsins fela í sér of fortakslausar kröfur til sönnunar sem ekki væru í samræmi við lög. Höfundurinn gæti mögulega sýnt fram á með öðrum hætti en nafni og kennitölu að hann ætti rétt á greiðslum úr sjóðnum. **– jóe**

# Farið yfir ferminguna



Séra Dís Gylfadóttir, prestur í Lindakirkju, fór í gær yfir fermingarathöfnina með fermingarbörnum. Dís segir að með því að æfa athöfnina sjálfa sé hægt að koma í veg fyrir óöryggi. Hún segir krakkana æðislega. „Þau hafa verið virk og dugleg í vetur að mæta og taka þátt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Björt Viðreisn með C-lista í Hafnarfirði

**HAFNARFJÖRÐUR** Björt framtíð og Viðreisn bjóða sameiginlega fram í Hafnarfirði í komandi sveitarstjórnarkosningum. Framboðið verður undir merkjum Bjartrar Viðreisnar og hefur listabókstafur Viðreisnar (C) verið valinn fyrir framboðið. Flokkarnir hafa skipað sameiginlega uppstillingarnefnd sem vinnur að því að skipa fólk úr báðum flokkum á lista og er niðurstöðu að vænta á næstu dögum.

Björt framtíð fer ekki fram í Reykjavík í komandi kosningum en samstarf með Viðreisn í öðrum sveitarfélögum hefur verið í farvatninu. Flokkurinn fékk tvo fulltrúa kjörna í Hafnarfirði í síðustu kosningum og myndaði meirihluta með Sjálfstæðisflokki sem fékk fimm menn kjörna. **– aá**




# Útflutningur eykst þrátt fyrir styrkingu krónu

**Hestaútflutningur hefur aukist um nærri 30 prósent frá árinu 2010 á sama tíma og folöldum hefur fækkað nokkuð. Formaður Félags hrossabænda segir gott verð fást fyrir góða gripi en bændur hafi fækkað hjá sér eftir nokkurt offramboð.**

**LANDBÚNAÐUR** Alls voru 1.485 hross flutt út á síðasta ári eða rúmlega fjögur hross á dag að meðaltali. Til samanburðar fæddust um 3.700 folöld í fyrra samkvæmt upprunaættbók íslenska hestsins. Er þetta fjölgun um nærri þrjátíu prósent frá árinu 2010. Sterk staða krónunnar virðist ekki gera hrossabændum erfitt að selja hross út. Þýskaland, Svíþjóð og Danmörk eru aðaláfangastaðir útfluttra hrossa.

Samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, hefur stígandi verið í sölu íslenskra hrossa erlendis. Fleiri íslenskir hestar eru samanlagt í þremur stærstu íslandshestalöndunum en á Íslandi.

„Það er mikilvægt fyrir íslenska hrossabændur að flytja út hross. Það bætir stöðu ræktenda og hrossabænda hér á landi. Í gegnum tíðina hefur alltaf ákveðið hlutfall farið út af kynbótahrossum,“ segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda.

Landsmót hestamannafélaga er haldið í sumar í Reykjavík. Þessi íslandshestahátíð er haldin annað hvert ár. Að mati Sveins er meira um að vera á landsmótsárum og menn leggja meira upp úr starfinu á þessum árum. „Landsmót er auðvitað mikill gluggi fyrir hestinn og hestamennskuna og menn kappkosta að reyna að ná árangri á landsmóti. Landsmót er til að mynda stærsta útihátíð sem haldin er á Íslandi,“ bætir Sveinn við. Mikill fjöldi erlendra gesta mætir á landsmótið hverju sinni.

„Góð hross eru að fara út á góðu verði. Góðir gripir geta selst á það góðu verði að það skili miklum virðisauka til eiganda. Það er í sjálfu sér mjög gott fyrir íslandshestaheiminn allan. Íslenski hesturinn er einnig þjóðinni mikilvægur og hefur mikið aðdráttarafl. Það sannast nú best í því að fjölmargir erlendir aðilar hafa beinlínis sest hér að vegna hestsins, eiga hér aðstöðu, húsnæði og jafnvel jarðir, til að stunda sína hestamennsku og ræktun. Það auðvitað skilar sér í bættum þjóðarhag,“ bætir Sveinn við.

Fæddum folöldum hefur verið að fækka undanfarið og segir Sveinn að markaðurinn sé að ná jafnvægi á nýjan leik eftir líkast til nokkurt offramboð á hestum síðustu ár.

sveinn@frettabladid.is

### Fjöldi útfluttra hrossa eftir árum 2010- 2017




### Þrír helstu áfangastaðir íslenskra hrossa árið 2017

| Þýskaland | Svíþjóð | Danmörk |
|---|---|---|
| 541 | 261 | 182 |

### Fjöldi íslandshesta erlendis

| | |
|---|---|
| Þýskaland | 51.000 |
| Danmörk | 38.700 |
| Svíþjóð | 31.000 |
| Noregur | 13.300 |
| Holland | 8.000 |
| Til samanburðar: Ísland | 96.000 |

**Góðir gripir geta selst á það góðu verði að það skili miklum virðisauka til eiganda.**

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda




RAV4 er svipmikill dugnaðarforkur með framúrskarandi aksturseiginleika. Hann er hljóðlátur, öruggur og með nóg rými fyrir fólk og farangur. Nú færð þú sérstaka útgáfu af RAV4 með veglegum lúxuspakka, sem inniheldur **dráttarbeisli**, **krómlista á hliðar**, **gluggavindhlífar**, **þverboga** og **heilsársdekk** – alls að verðmæti 460.000 kr. Keyrðu inn í vorið á nýjum og ríkulega búnum RAV4. Lúxuspakkinn fylgir ekki með RAV4 Hybrid.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Funda með þeim sem eftir því óska segir Ármann bæjarstjóri

**STJÓRNSÝSLA** „Vegna fréttar í Fréttablaðinu þar sem segir að ég hafi ekki svarað skilaboðum húsfélagsins við Þorrasali 9-11 í kjölfar úrskurðar úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindanefndar skal tekið fram að mér hafa hvorki borist skilaboð né beiðni um fund frá húsfélaginu,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Valgeiri Jónassyni, formanni húsfélagsins í Þorrasölum 9-11, að Kópavogsbær hunsaði íbúana í fjölbýlishúsinu eftir að húsfélagið vann kærumál gegn bænum. Það snertir aðkomu að bílageymslu nágrannablokkar sem Valgeir segir húsfélagið hafa árangurslaust varað við fyrir fram að stæðist ekki lög.

„Bæjarstjórinn svarar ekki skilaboðum, hann vill ekkert við okkur tala. Það er bara af því að við erum litlir karlar,“ var haft eftir Valgeiri í blaðinu í gær. „Ég funda með þeim sem eftir því óska og hafa bókað fundi á miðvikudögum en þá er ég með viðtalstíma,“ segir Ármann bæjarstjóri hins vegar.

„En eins og fram kom í fréttinni er málið í ferli hjá stjórnsýslu bæjarins. Þetta er gríðarlega flókið mál, það er verið að vinna að lausn þess og ég vona sannarlega að niðurstaða liggi fyrir sem fyrst,“ segir bæjarstjórinn.

Kópavogsbær freistaði þess að fá



**Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

úrskurðarnefndina til að taka málið upp að nýju eftir að nefndin úrskurðaði í september að byggingarleyfi sem bærinn gaf út vegna innkeyrslunnar umdeildu væri ógilt. Nefndin hafnaði því í desember.

Að sögn Ármanns hefur lögfræðingur hjá Kópavogsbæ verið í samskiptum við lögmann húsfélagsins sem nýverið hafi fengið tölvupóst frá Kópavogsbæ þar sem gerð var grein fyrir stöðu málsins. **– gar**

## Kennarar fái tæpa milljón

**SVÍÞJÓÐ** Launahækkanir kennara og lögreglumanna eru mikilvægari en nýjar skattalækkanir. Þetta segir Jan Björklund, leiðtogi Frjálslynda flokksins í Svíþjóð og fyrrverandi menntamálaráðherra.

Í viðtali við Dagens Industri segir Björklund að hæfustu sérgreinakennararnir ættu að vera með um 70 til 80 þúsund sænskra króna í mánaðarlaun eða um 847 til 968 þúsund króna.

Meirihluti kennara ætti, að mati Björklunds, að vera með um 50 þúsund sænskar krónur í mánaðarlaun eða um 605 þúsund íslenskra króna. Björklund segir að hjá þeim þjóðum þar sem kennarastarfið njóti meiri virðingar séu launin á þessu bili.

Fáránlegt sé að framhaldsskólakennari sé aðeins með 30 til 35 þúsund sænskra króna í mánaðarlaun eftir fimm ára nám eða um 363 til 423 þúsund íslenskar krónur. **– ibs**

## Ruslflekinn á Kyrrahafi stækkar ört

**UMHVERFISMÁL** Plastruslið sem hvirfillinn í Norður-Kyrrahafi hefur sogað til sín hrannast upp og stækkar ruslflekinn þar enn á miklum hraða. Þetta leiðir rannsókn sem Sjávarhreinsunarstofnunin í Delft, Hollandi, vann í samstarfi við alþjóðlegan hóp rannsakenda.

Rannsakendur telja að nú hafi um 80.000 tonn af plasti safnast saman á flekanum sem er staðsettur á milli Kaliforníu og Hawaii. Sú tala er um sextán sinnum hærri en áður var talið, að sögn rannsakenda.

Þótt hvirfillinn í Norður-Kyrrahafi sé án nokkurs vafa sá þekktasti er hann ekki sá eini sem sogar til sín rusl. Slíkir hvirflar eru einnig í Suður-Kyrrahafi, Norður- og Suður-Atlantshafi og í Indlandshafi. **– þea**

# Skylt verði að dagforeldrar starfi að lágmarki tveir saman

**Stærsta sveitarfélag landsins hefur hvatt til þess að reglugerð um dagforeldra verði breytt. Dagforeldrar verði þá minnst tveir saman. Dagmóðir var dæmd í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi vegna ofbeldis gegn barni.**





**Tuttugu mánaða gömlu stúlka var flutt með sjúkrabíl eftir að hafa hlotið áverka á meðan hún var í umsjá dagmóður í októbermánuði 2016. Dagmóðirin hefur verið fundin sek um að hafa veitt barninu áverkana.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**SAMFÉLAG** Reykjavíkurborg hefur eindregið hvatt til þess að reglugerð um daggæslu í heimahúsum verði breytt þannig að tveir dagforeldrar að lágmarki starfi saman. Samkvæmt núverandi reglugerð, sem er gefin út af félagsmálaráðherra, geta dagforeldrar starfað einstæðir.

„Þetta er byggt á reglugerð og við höfum eindregið hvatt til þess að þeirri reglugerð verði breytt, þannig að það séu að lágmarki tveir sem starfi saman. Sú reglugerð er í endurskoðun og við tökum þátt í þeirri vinnu. Það hafa verið okkar skilaboð í mörg ár að við teljum mjög mikilvægt að þessu sé breytt,“ segir Helgi Grímsson, framkvæmdastjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á þriðjudaginn dagmóður í níu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir ofbeldi gagnvart 20 mánaða gamalli stúlku sem hún gætti heima hjá sér í Mosfellsbæ. Atvikið varð 17. október 2016. Konan hafði átta ára reynslu af starfi dagmóður. Umræddan dag gætti hún fjögurra ungra barna á heimili sínu. Enginn annar var á heimilinu á þessum tíma.

Dagmóðirin tilkynnti til lögreglu að barnið hefði fallið úr barnastól niður á gólf og var barnið flutt með sjúkrabíl á Bráðamóttöku barna við

> **Þetta er byggt á reglugerð og við höfum eindregið hvatt til þess að þeirri reglugerð verði breytt,**
>
> Helgi Grímsson, framkvæmdastjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Hringbraut. Kvaðst dagmóðirin ekki hafa séð þegar barnið datt. Réttarmeinafræðingur, sem lögreglan leitaði til við rannsókn málsins, fullyrti að ekki væri hægt að útskýra áverka á barninu, aðallega marbletti, með þeim hætti að barnið hefði fallið.

Undir þá skoðun tók dómkvaddur réttarmeinafræðingur og læknirinn sem tók á móti barninu á spítala eftir atvikið.

Fjölskipaður Héraðsdómur Reykjavíkur segir í dómsniðurstöðu að þeir sérfræðingar sem hafi komið fyrir dóminn telji allir að áverkar á barninu samræmist því að hún hafi verið beitt einhvers konar ofbeldi, en áverkar á andliti gætu til að mynda verið eftir löðrunga eða högg með sveigjanlegum hlut. Þá séu áverkar á hálsi eftir sveigjanlegan hlut, svo sem ól, belti eða tog eftir fatnað sem hertur hafi verið að hálsinum. Dómurinn telur að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi veitt brotaþola þá áverka sem lýst er í ákærunni.

Fréttablaðið spurði Lindu Udengard, framkvæmdastjóra fræðslu og frístundasviðs Mosfellsbæjar, hvort til greina kæmi af hálfu bæjarins að skylda dagforeldra til þess að vera að minnsta kosti tveir saman. Í svari frá Mosfellsbæ segir að bærinn fylgi gildandi reglugerð um daggæslu í heimahúsum.

Á vegum velferðarráðuneytisins er starfandi nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða reglugerðina. Fréttablaðið óskaði svara frá félagsmálaráðherra um vinnu við reglugerðarbreytinguna. Þau svör hafa ekki borist. Í svörum frá Mosfellsbæ segir að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessari nefnd sé starfsmaður Mosfellsbæjar.

**jonhakon@frettabladid.is**






# Við erum
# sýn

**Sýn** er nýtt heiti á sameinuðu félagi **Vodafone** og **365 miðla**.

Við trúum á mikilvægi sköpunar og þróunar og ætlum að vera leiðtogar í að skapa framtíð snjallra fjarskiptalausna og fjölmiðlunar í gegnum breiða starfsemi sterkra vörumerkja.

vodafone
vísir
BYLGJAN 989
FM957
SPORT
X 97·7

Við erum framtíðin. **Við erum Sýn.**

# Lögmaður áminntur vegna tilhæfulauss reiknings

**DÓMSTÓLAR** Lögmaðurinn Ómar R. Valdimarsson var á síðasta degi febrúarmánaðar áminntur af úrskurðarnefnd lögmanna vegna háttsemi sinnar í garð umbjóðanda síns.

Atvik málsins eru þau að í októbermánuði féllst Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu á kröfu velferðarsviðs Kópavogsbæjar þess efnis að konu yrði gert að sæta nauðungarvistun á sjúkrahúsi vegna örlyndis og mögulegrar geðhvarfasýki. Konan skaut málinu til héraðsdóms og gætti áðurnefndur Ómar hagsmuna hennar fyrir dómi.


Ómar R. Valdimarsson lögmaður.

Héraðsdómur staðfesti ákvörðun sýslumanns með úrskurði en þeim úrskurði var skotið til Hæstaréttar. Með dómi réttarins var úrskurðurinn staðfestur. Í úrskurði héraðsdóms var kveðið á um að þóknun Ómars, 148 þúsund krónur, greiddist úr ríkissjóði. Í Hæstarétti var þóknun Ómars dæmd 124 þúsund til viðbótar.

Það taldi Ómar aðeins ná yfir hluta þeirrar vinnu sem hann vann. Hann hafi unnið í rúmar 20 klukkustundir vegna málsins og tímagjald hans sé tæpar 23 þúsund krónur auk virðisaukaskatts. Gaf hann því út reikning vegna aksturs og þeirrar upphæðar sem upp á vantaði, alls rúmar 325 þúsund krónur. Þessu vildi konan ekki una og kvartaði til úrskurðarnefndarinnar. Taldi hún að Ómar hefði gert á hlut sinn með útgáfu reikningsins og krafðist þess að hann yrði felldur niður.

Úrskurðarnefndin taldi að ákvörðun um þóknun talsmanns eða verjanda í lögræðismáli færi eftir ákvæðum lögræðislaga. Engin „lögbundin né samningsbundin stoð [var] fyrir hinum umþrætta reikningi“. Lögmaðurinn átti því ekki frekari heimtingu á greiðslu þóknunar umfram það sem dómstólar ákváðu. Reikningurinn var því felldur niður. Í ljósi þessa, og með hliðsjón af þeim aðstöðumunsem ríkti milli aðila, að háttsemi Ómars hafi ekki verið „til þess fallin að gæta heiðurs lögmannastéttarinnar“, var lögmaðurinn áminntur fyrir háttsemi sína. – jóe

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**MEST LESIÐ**



1 Þóttist skjóta sig í höfuðið yfir ræðu Bjarna

2 Veltu kyrrstæðum bíl í sigurvímu eftir Englandsleikinn

3 Brynjar: Börn þroskast í Sjálfstæðisflokknum og kjósa svo

4 Hryllingskóngurinn drottnar yfir sjónvarpinu

5 Píratar fordæma árásir Tyrkja í Afrin

# Meirihluti virðist fyrir því að lækka kosningaaldur í 16 ár

**Síðasta umræða um lækkun kosningaaldurs til sveitarstjórna fer fram í dag. Verði frumvarpið samþykkt mun hluti elsta árgangs grunnskólanema geta kosið í vor. Ráðuneyti og stofnanir telja örðugt að framkvæma breytinguna. Samkvæmt nýju ákvæði munu 16 ára ólögráða kjósendur ekki njóta kjörgengis.**

**ALÞINGI** Heitar umræður sköpuðust um það á Alþingi í gær hvort lækka ætti kosningaaldur fyrir sveitarstjórnarkosningar niður í sextán ár úr átján árum. Stefnt er að því að endanleg niðurstaða fáist í dag um það hvort frumvarpið verði að lögum eður ei.

Kosið verður til sveitarstjórna um land allt þann 26. maí næstkomandi. Lögum samkvæmt mun atkvæðagreiðsla utan kjörfundar því hefjast í næstu viku. Allt kapp er lagt á að ljúka málinu í dag enda hefst rúmlega tveggja vikna páskafrí þingmanna að þingfundi loknum. Of seint yrði að ljúka málinu dragist það fram í fríið.

Milli fyrstu og annarrar umræðu um málið var bætt inn ákvæði þess efnis að þó að sextán ára og eldri geti kosið þá njóti ólögráða kjósendur ekki kjörgengis. Lagt er til að lögin taki gildi samstundis.

Þingheimur skiptist í þrennt í afstöðu sinni til frumvarpsins. Í fyrsta lagi þeir sem vilja samþykkja það, í öðru lagi þeir sem eru því andvígir og að lokum þeir sem telja of stutt í sveitarstjórnarkosningar til að framkvæmdin geti tekist vel.

„Mér þykir vera hrópandi ósamræmi milli ólíkra réttinda. Til dæmis að við veitum viðkomandi ekki rétt til að bjóða sig fram heldur rétt til að kjósa en þó ekki í alþingiskosningum,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra. Hluti Sjálfstæðismanna taldi að rétt væri að flýta sér hægt, samræma kosningalöggjöfina í heild sinni og skoða hvort rétt væri að breyta lögræðisaldri og öðrum tímamörkum um það hvenær börn öðlast ýmis réttindi.


Dómsmálaráðuneytið telur illgerlegt að standa í svo miklum breytingum fyrir kosningar 26. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Þorsteinn Víglundsson.

„Það er dálítið fyndið að hlusta á suma sem taka hér til máls sem beita fyrir sig einhvers konar röksemdafærslu Marteins Mosdal að það þurfi að vera ein ríkisleið, einn ríkisaldur á öllum borgaralegum réttindum. Besta leiðin til að drepa þetta mál algjörlega, ef við blöndum saman kosningaaldri og áfengiskaupaaldri þá hækkum við kosningaaldurinn,“ sagði Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar.

Í gær bárust þingmönnum athugasemdir frá dómsmálaráðuneytinu þar sem fram kom að illgerlegt gæti orðið að framkvæma breytinguna. Kosningavefur ráðuneytisins hafi nú þegar verið uppfærður. Erfitt verði að yfirfara allt efni á vefnum ef frumvarpið verður samþykkt.

„Herra forseti. Það er ekki einu sinni komið fram hverjir eru í framboði þannig að við vitum að þessi vefur þarfnast uppfærslu,“ sagði Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.

Fjörutíu þingmenn greiddu atkvæði með því að kosningaaldur yrði lækkaður í sextán ár en hluti Sjálfstæðisflokksins sat hjá. Öllu minni samstaða var um breytingatillögur um hvort kjörgengi og kosningaaldur færi saman en þar klofnaði þingheimur. Sömu sögu er að segja um breytingatillögur um gildistökudag frumvarpsins. joli@frettabladid.is


FALLEGT, HLÝTT OG ÞÆGILEGT




Flíkur fyrir börn á leikskólaaldri

Sokkar, húfur, vettlingar, peysur, gallar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–19 | Um helgar 11–16










BRUNCH HLAÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Bónusgreiðslur hífðu upp forstjóralaun

**Bónusgreiðslur vegna afkomu ársins 2016 útskýra hækkun launa Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips. Árslaunin námu tæpum 103 milljónum í fyrra. Forstjóralaunin hækkað um 40 prósent frá 2014. Sex framkvæmdastjórar hækkuðu um alls 53,5 milljónir milli ára.**

**VIÐSKIPTI** Árslaun og hlunnindi Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips, sem námu nærri 103 milljónum króna á síðasta ári, hafa hækkað um 41 prósent eða ríflega 30 milljónir króna frá árinu 2014. Heildargreiðslur til forstjórans hækkuðu um tæp níu prósent árið 2017 frá fyrra ári en þar munar mest um rúmlega 8,9 milljónir króna í árangurstengdar greiðslur vegna ársins 2016.

Hærri árangurstengdar greiðslur til forstjórans í fyrra má rekja til bættrar afkomu Eimskips árið 2016 þegar félagið skilaði 21,9 milljónum evra í hagnað samanborið við 17,8 milljónir árið 2015. Á árinu 2017 dróst hagnaður félagsins þó aftur saman og nam 16,8 milljónum evra. Samkvæmt upplýsingum frá Eimskip kom ekki til bónusgreiðslna vegna afkomu ársins 2017, þar sem stjórnendur höfðu ekki náð settum markmiðum í rekstri.

Upplýsingar um laun og hlunnindi eru sundurliðaðar í ársreikningi Eimskips en til hlunninda teljast árangurstengdar greiðslur, ferðapeningur, framlag í lífeyrissjóði og húsnæðis- og bifreiðahlunnindi.

Samkvæmt ársreikningum Eimskips hafa grunnlaun forstjórans hækkað úr 55,9 milljónum árið 2014 í 67,4 milljónir í fyrra, eða um 11,5 milljónir. Miðað við grunnlaun voru mánaðarlaun forstjórans 5,6 milljónir í fyrra, en með hlunnindum námu þau 8,6 milljónum.

Launaskrið hefur sömuleiðis verið hjá öðrum yfirstjórnendum félagsins. Laun og hlunnindi sex framkvæmdastjóra Eimskips námu alls 245,4 milljónum króna í fyrra samanborið við 191,8 milljónir árið áður. Grunnlaun þeirra hækkuðu um 15,5 prósent milli ára eða sem nemur 22,8 milljónum króna en mest munar um 69 prósenta hækkun á hlunnindalið vegna bónusgreiðslna sem námu alls 30,7 milljónum. Hækkun á launum og hlunnindum framkvæmdastjóranna nemur alls um 28 prósentum eða sem nemur 53,5 milljónum króna milli ára.

Hlutabréfaverð Eimskipafélags Íslands hf. er nánast á sama stað í dag og við skráningu undir lok árs 2012 en fyrir aðalfundi félagsins sem fram fór í gær lá fyrir tillaga um að greiða hluthöfum félagsins 1.269 milljónir króna í arð. Sex lífeyrissjóðir eru meðal tíu stærstu hluthafa Eimskips. Lífeyrissjóður verslunarmanna er næststærsti hluthafi félagsins með 13,9 prósenta eignarhlut en Gildi lífeyrissjóður er fjórði stærsti með rúm 9,4 prósent.

mikael@frettabladid.is



Árslaun Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips, námu tæpum 103 milljónum í fyrra og hafa hækkað um 41 prósent frá árinu 2014. Hækkun milli ára skýrist af bónusgreiðslum vegna afkomu félagsins 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**41%**

**Hækkun launa og hlunninda forstjóra Eimskips frá 2014**

## Laun og hlunnindi lykilstjórnenda

| ÁRIÐ 2017 | GRUNNLAUN | HLUNNINDI | ALLS |
|---|---|---|---|
| **Gylfi Sigfússon** forstjóri | 67,4 | 35,2 | 102,6 |
| Sex framkvæmdastjórar | 170,3 | 75,0 | 245,4 |
| **ÁRIÐ 2016** | **GRUNNLAUN** | **HLUNNINDI** | **ALLS** |
| **Gylfi Sigfússon** forstjóri | 67,9 | 26,3 | 94,2 |
| Sex framkvæmdastjórar | 147,5 | 44,3 | 191,8 |

Upphæðir í milljónum króna

**Launaþróun forstjórans***

Gylfi Sigfússon




*Laun og hlunnindi




RENAULT
Passion for life

# Nýr Renault **CAPTUR**

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.**

RENAULT CAPTUR ZEN
**Verð: 2.750.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM87071

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

B|L

# Allt að sex nýir leikskólar verði byggðir í Reykjavíkurborg

**SAMFÉLAG** Reykjavíkurborg hyggst brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla á næstu árum samkvæmt aðgerðaáætlun sem kynnt var í borgarráði í gær. Til þess þarf að fjölga leikskólaplássum um 750-800. Þannig er stefnt á að bjóða öllum 12 mánaða börnum og eldri leikskólaþjónustu á vegum borgarinnar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að sjö nýjum ungbarnadeildum verði komið upp næsta haust auk þess sem fimm til sex nýir leikskólar verði byggðir á næstu árum. Í tilkynningu segir að jafnframt verði gripið til margvíslegra aðgerða til að bæta aðstöðu á leikskólum og vinnuumhverfi leikskólakennara og annars starfsfólks.



Gera á stórátak í leikskólamálum í Reykjavíkurborg á næstu árum.

Tillögur um uppbyggingu leikskólanna byggjast á vinnu starfshóps um verkefnið að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, sem borgarstjóri skipaði á vordögum 2016.

Aðgerðirnar eru sundurliðaðar eftir borgarhlutum og taka mið af áformum um þéttingu byggðar, nýjum hverfum og spám sem fyrir liggja um væntanlegan barnafjölda í hverfunum.

Aðgerðirnar sem kynntar voru í borgarráði fela enn fremur í sér að gripið er til margvíslegra aðgerða til að bæta vinnuumhverfi á leikskólum borgarinnar. Þær byggjast á tillögum starfshóps skóla- og frístundaráðs um nýliðun og bætt vinnuumhverfi leikskólakennara sem skilaði niðurstöðum í síðustu viku. Þar er meðal annars lögð áhersla á aukið rými barna, fjölgun starfsfólks á elstu deildum, aukinn undirbúningstíma, fjölgun leikskólakennara og annars fagfólks, fjármagn til heilsueflingar og liðsheildarvinnu, aðgerðir til að efla móttöku nýliða m.a. með handleiðslu, ímyndarvinnu og kynningu á störfum á leikskólum.

Loks var samþykkt tillaga um að auglýst verði 60 sumarstörf á leikskólum fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á námi í kennslu- og uppeldisfræðum. Markmiðið er að kveikja áhuga ungs fólks á því að starfa á leikskólum og leggja stund á nám í leikskólakennarafræðum. – **jhh**

## Glitur hafsins á umdeildum húsvegg

**SAMFÉLAG** Verkið Glitur hafsins eftir Söru Riel bar sigur úr býtum í samkeppni um nýtt útilistaverk á austurgafl Sjávarútvegshússins sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið efndi til í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna í nóvember á síðasta ári. Um er að ræða tímabundið verk sem mun prýða austurgafl hússins í að minnsta kosti þrjú ár. Kallað var eftir tillögum að verki með skírskotun í sögu sjávarútvegs á Íslandi.



Sara Riel sagði í samtali við Fréttablaðið að vinna hæfist í maí og nóg væri eftir. Í verkinu má finna raunveruleika í sambland við ímyndun en myndin sneri að tilfinningu fyrir hafinu. „Þetta er ekki bara hafið, heldur hvað býr í því. Hvernig ljósið fellur að því og hvernig lyktin er af því.“

Sara er að eigin sögn ánægð með að ákvörðun dómnefndar var samróma, þó það væru alltaf einhverjir sem ekki tengdu við verkið. „Veggurinn, hann er náttúrulega geggjaður og er svona hlið inn í miðborgina og mér fannst það vera eftirsóknarvert.“ – **bsp**

> **Þetta er ekki bara hafið, heldur hvað býr í því.**
>
> Sara Riel myndlistarkona

# Borgin greiðir ekki öryrkjum bætur sem þeim voru dæmdar

**Framkvæmd Reykjavíkurborgar að neita öryrkjum um sérstakar húsaleigubætur var dæmd ólögmæt. Samt sem áður neitar borgin að greiða sérstakar húsaleigubætur aftur í tímann til allra öryrkja sem rétt eiga á bótunum. Borgarstjórinn hefur enn ekki svarað tveggja mánaða gömlu bréfi frá Öryrkjabandalaginu.**

**SAMFÉLAG** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur enn ekki svarað bréfi Öryrkjabandalags Íslands frá 15. janúar síðastliðnum þar sem borgin er krafin um afturvirka leiðréttingu á sérstökum húsaleigubótum. Öryrkjabandalagið segir Reykjavíkurborg hunsa kröfur bandalagsins.

Forsaga málsins er sú að Reykjavíkurborg neitaði að greiða sérstakar húsaleigubætur til öryrkja sem bjuggu í íbúðum á vegum Brynju, hússjóðs ÖBÍ. Brynja er sjálfseignarstofnun á vegum ÖBÍ sem á nú ríflega 800 íbúðir. ÖBÍ lagði borgina með dómi sem kveðinn var upp í júní árið 2016. Framkvæmd Reykjavíkurborgar að greiða þeim ekki sérstakar húsaleigubætur var ólögleg. Frá þeim tíma hefur hins vegar gengið illa að fá réttlætinu fullnægt að fullu að mati öryrkja.



Dagur B. Eggertsson hefur ekki svarað tveggja mánaða gömlu bréfi frá Öryrkjabandalaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það er margt sem okkur þykir miður hvað þetta varðar,“ segir Aðalsteinn Sigurðsson, lögmaður ÖBÍ. „Fyrir það fyrsta greiðir Reykjavíkurborg ekki dráttarvexti nema fjögur ár aftur í tímann og ber fyrir sig fyrningu. Annað, sem er aðeins ljótara, er að Reykjavíkurborg greiðir aðeins út þessar sérstöku húsaleigubætur aftur í tímann fyrir þá sem hafa fengið skriflega neitun.“

Að mati Öryrkjabandalagsins hefur Reykjavíkurborg unnið þannig að þeim sem ætluðu sér að sækja um sérstakar húsaleigubætur hjá borginni hafi verið snúið við í dyrunum og sagt að það hefði ekkert upp á sig að sækja um því þau fengju neitun borgarinnar. „Aðilinn sem stefndi málinu upphaflega þurfti að fara þrisvar sinnum til að sækja um sérstakar húsaleigubætur,“ segir Aðalsteinn. „Í þriðja skiptið fékk hún lögmann með sér og þá fékk hún að sækja um.“

> **Það er margt sem okkur þykir miður hvað þetta varðar.**
>
> Aðalsteinn Sigurðsson, lögmaður ÖBÍ

Því er nokkuð stór hópur sem telur sig hlunnfarinn af ólögmætri framkvæmd Reykjavíkurborgar. Öryrkjabandalagið hefur reynt að krefjast úrbóta fyrir þann hóp með litlum eða engum árangri. Þær upplýsingar fengust frá borginni að borgarstjóri hafi vísað erindinu inn á velferðarsvið til skoðunar og til borgarlögmanns. Verið sé að vinna svar en þetta sé flókið mál og verið sé að fara varlega.

Ekki náðist í Dag B. Eggertsson borgarstjóra við vinnslu fréttarinnar. **sveinn@frettabladid.is**


ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi

munnsogstafla við særindum í hálsi






Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munni á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




The Power to Surprise

## Reynsluaktu Kia til að sigra!

Allir sem reynsluaka Kia í mars og apríl eiga möguleika á að **vinna flug, gistingu og miða fyrir tvo á leik Argentínu og Nígeríu í St. Pétursborg**, þann 26. júní. Ekki missa af þessu tækifæri! Komdu og reynsluaktu, heppnin gæti verið með þér í liði.

**Við tökum vel á móti þér í Bílaumboðinu Öskju og hjá söluumboðum Kia um land allt.**

Kia Rio á HM tilboði:

**2.390.777 kr.**

Verð áður: ~~2.590.777 kr.~~

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Hefnir fyrir hugverkaþjófnað með tollum á kínverskar vörur

**BANDARÍKIN** Tollar sem munu skila ríkissjóði Bandaríkjanna fimmtíu milljörðum dala verða lagðir á kínverskar vörur. Þá munu Bandaríkjamenn takmarka möguleika Kínverja til að fjárfesta í bandarískum fyrirtækjum. Þetta tilkynnti Donald Trump forseti í gær.

Í tilkynningu frá forsetaembættinu sagði að þetta væru mótvægisaðgerðir vegna þess að Kínverjar hefðu stolið bandarískum hugverkum í áraraðir. Nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða þar sem ekki hafi tekist að komast að sameiginlegri niðurstöðu.



Donald Trump forseti er æfur út í Kínverja.

Enn fremur sagði í tilkynningunni að rannsókn á kínverskum viðskiptaháttum hafi leitt í ljós að þeir væru hreinlega ósanngjarnir. Kínverjar takmörkuðu eignarhald útlendinga á kínverskum fyrirtækjum, þeir væru ósanngjarnir í garð bandarískra fyrirtækja og kínverska ríkið styddi og stæði að tölvuárásum.

Rúmlega 1.000 vörur eru á lista forsetaembættisins yfir það sem til stendur að leggja toll á. Mun fyrirtækjum gefast kostur á að senda inn umsagnir áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

> Rannsókn Trumps leiddi í ljós að viðskiptahættir Kínverja eru „ósanngjarnir“.

Gærdagurinn snerist hins vegar um fleira en bara Kína hjá Trump forseta. John Dowd, forsprakki lögfræðiteymis forsetans varðandi rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á meintum afskiptum Rússa af forsetakosningunum 2016 og meintum tengslum Rússa við framboð Trumps, sagði upp.

Bandarískir miðlar greindu frá því að Dowd hafi verið kominn á þá skoðun að Trump hundsaði flestar ráðleggingar hans. Þá var því einnig haldið fram að Trump hefði einfaldlega misst trúna á Dowd og hafi beðið hann um að segja upp. – þea



Sergei Skrípal. NORDICPHOTOS/AFP

## Mögulega með heilaskaða

**BRETLAND** Sergei Skrípal, fyrrverandi gagnnjósnari, og Júlía dóttir hans eru mögulega með heilaskaða eftir að ráðist var á þau með svokölluðu novichok-taugaeitri í Salisbury fyrr í mánuðinum. Þetta sagði breskur dómari í gær. Sagði hann jafnframt óvíst hvort þau myndu ná bata.

Bretar og bandamenn þeirra hafa sakað Rússa um að standa að árásinni en Skrípal var dæmdur í fangelsi fyrir njósnir í heimalandinu Rússlandi árið 2006. Hann hefur hins vegar búið í Bretlandi frá 2010 eftir njósnaraskipti. Rússar hafa hins vegar hafnað ásökunum.

Samkvæmt lækni sem dómari vísaði til í gær, þegar dómstóllinn veitti leyfi fyrir töku blóðsýnis svo efnavopnarannsakendur gætu staðfest að um taugaeitur hafi verið að ræða, eru Skrípal-feðgin nú á deyfilyfjum og geti ekki tjáð sig. – þea

## Pólskipti í Ungverjalandi

**UNGVERJALAND** Stjórnarandstöðuflokkurinn Jobbik í Ungverjalandi hefur frá stofnun árið 2003 verið kenndur við öfgaþjóðernishyggju. Flokkurinn ætlar hins vegar að veðja á að hann fái meira fylgi í kosningum næsta mánaðar með því að sækja inn að miðju.

Sú þróun hefur raunar átt sér stað á undanförnum árum samhliða því að flokkur Viktors Orban forsætisráðherra, Fidesz, hefur fært sig út á jaðarinn með sterkri andstöðu gegn Evrópusambandinu, sérstaklega þegar kemur að því að neita að taka á móti flóttamönnum.

> Fidesz, flokkur Orbans, mælist með um helming atkvæða. Jobbik mælist næststærstur með um tuttugu prósent.

„Þessar breytingar hugnast mér. Ég er hrifnari af flokknum nú en þegar hann var uppnefndur nasistaflokkur,“ sagði sextugi kjósandinn Dezso Borbas við Reuters í gær.

Í nýjustu könnunum mælist Fidesz langstærstur með um helming atkvæða. Jobbik mælist næststærsti flokkurinn, í tæpum tuttugu prósentum. Þrátt fyrir þetta þverhnípi var Gabor Vona, formaður Jobbik, kokhraustur í gær.

„Við erum ekki hrædd við Orban. Nafn hans verður fært á svörtustu síður sögunnar. Eftir 8. apríl fellur hann,“ sagði Vona og vísaði til kjördags. – þea



Stúlka, sem hryðjuverkasamtökin Boko Haram slepptu á miðvikudag, gengur um götur heimabæjarins Dapchi með föður sínum. NORDICPHOTOS/AFP

# Lausnargjaldsgreiðslur til Boko Haram stuðli að frekari ránum

**Ráðherrar segja ekkert lausnargjald greitt fyrir þær 104 stúlkur sem Boko Haram slepptu úr haldi á miðvikudag. Fjölmiðillinn sem greindi fyrst frá málinu segir ráðherrana ljúga. Tíðar lausnargjaldsgreiðslur Buhari-stjórnarinnar áhyggjuefni. Stjórnarandstaðan segir stjórnina hafa sviðsett allt málið til að græða atkvæði.**

**NÍGERÍA** Þrátt fyrir að tveir ráðherrar í ríkisstjórn Muhammadu Buhari, forseta Nígeríu, hafi þvertekið fyrir að yfirvöld hafi greitt lausnargjald fyrir þær 104 stúlkur sem hryðjuverkasamtökin Boko Haram skiluðu aftur heim til Dapchi á miðvikudag virðist hið gagnstæða vera satt. Nígerísk-bandaríska fréttastofan Sahara Reporters, sem greindi fyrst frá því að stúlkurnar væru komnar heim, sögðu frá þessu í gær.

Heimildir Sahara Reporters herma að yfirvöld hafi ekki bara greitt hryðjuverkamönnunum lausnargjald. Föngum úr röðum Boko Haram hafi þar að auki verið sleppt úr haldi. Ráðherrarnir tveir sögðu hins vegar að í stað þess að greiða lausnargjald hafi yfirvöld samið við hryðjuverkamennina um lausn stúlknanna.

Samkvæmt BBC er þetta ekki í fyrsta skipti sem yfirvöld greiða Boko Haram lausnargjald. Hundruð milljóna hafi farið í slíkar greiðslur, meirihlutinn frá því Buhari varð forseti árið 2015. Til að mynda hafi yfirvöld reitt fram myndarlega summu til að fá þrjá háskólakennara og tíu konur leyst úr haldi. Þá hafi um 400 milljónir króna farið í að tryggja það að 82 stúlkum frá Chibok yrði sleppt í fyrra og fimm hátt settum Boko Haram-liðum sleppt úr haldi á móti.

### Sársaukafullt að geta ekki verndað dóttur sína

„Það sem er sársaukafyllst við þetta allt er að geta ekki verndað dóttur sína,“ sagði faðir einnar af stúlkunum 104 sem sneru heim til Dapchi á miðvikudag við BBC í gær.

Faðirinn fékk að hitta dóttur sína í gær á spítala þar sem læknar skoðuðu ástand stúlknanna. Heimsóknin varði þó einungis í nokkrar mínútur.

„Eftir að hafa lofað henni að ég myndi ekki yfirgefa hana vorum við öll beðin um að fara og stúlkurnar voru teknar í burtu,“ sagði faðirinn enn fremur en bætti því við að hann teldi dóttur sína örugga í höndum ríkisstjórnarinnar.

Stúlkurnar voru þó fleiri en 110 þegar þær voru teknar í síðasta mánuði. Nígerískir miðlar hafa greint frá því að fimm hafi dáið í haldi Boko Haram. Ein sé þó enn í haldi hryðjuverkamannanna. Hún er sögð hafa neitað að snúast til íslam frá kristni.

> „Þetta misheppnaða Dapchi-drama er illa skrifaður harmleikur. Svindl sem á sér enga hliðstæðu.
>
> Hon Kola Ologbondiya, upplýsingafulltrúi stjórnarandstöðuflokksins PDP

Stjórnmálaskýrendur hafa haldið því fram að greinilegur vilji Buhari-stjórnarinnar til að greiða lausnargjald ýti undir vilja Boko Haram til að ræna almennum borgurum í stórum stíl. Þessu hefur nígeríska stjórnarandstaðan einnig haldið fram, til að mynda þegar rán Dapchi-stúlknanna var rætt í öldungadeild þingsins í febrúar.

„Þau finna leiðir til að ræna fólki svo þau geti svo samið við ríkisstjórnina um lausnargjald. Þetta gefur þeim aukið vægi,“ sagði Joshua Lidani öldungadeildarþingmaður í þeim umræðum.

Stærsti stjórnarandstöðuflokkur Nígeríu, PDP, sakaði ríkisstjórnina í gær um að hafa sviðsett rán Dapchi-stúlknanna í pólitískum tilgangi. Upplýsingafulltrúi flokksins, Hon Kola Ologbondiyan, sagði á blaðamannafundi að flokkurinn liti svo á að „þessi hryllilegi verknaður, að nota saklausar skólastúlkur sem peð í óheiðarlegum leik, væri hannaður til að plata Nígeríumenn og setja á svið hetjulega björgun til að auka sigurlíkur ríkisstjórnarinnar í kosningunum 2019“. Um væri að ræða óafsakanlega hegðun.

Kallaði Ologbondiyan eftir því að Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðaglæpadómstóllinn lýstu því yfir að ríkisstjórnin væri sek um glæpi gegn mannkyninu eftir rannsókn á málinu. Þá kallaði hann jafnframt eftir handtöku allra hlutaðeigandi og því að þau yrðu sótt til saka.

„Þetta misheppnaða Dapchi-drama er illa skrifaður harmleikur. Svindl sem á sér enga hliðstæðu. Nígeríumenn munu ekki fyrirgefa ríkisstjórninni og forsetanum þann hrylling sem stúlkurnar og foreldrar þeirra þurftu að þola,“ sagði Ologbondiyan.

thorgnyr@frettabladid.is

BOSS HUGO BOSS

SAND COPENHAGEN

POLO RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO HUGO BOSS

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



FERSKT
MEÐ FLUGI



**Jarðarber 250 g**

Sæt og safarík

**349** kr/pk
verð áður 599 kr/pk

Tilboð gilda út 25. mars

FERSKT
MEÐ FLUGI




**Bláber 500 g**

Stútfullt af andoxunarefnum

**1.299** kr/pk

ávöxtur
mánaðarins



**Mangó**

Mangó er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni

**699** kr/kg




**Cedars hummus**

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus

verð frá **399** kr/stk



**Steinbakað súrdeigsbrauð**

Hefðbundið · Kúmen · Spíraður rúgur

**849** kr/stk



**Snowdonia cheddar**

Margverðlaunaðir Cheddar ostar frá Wales

**639** kr/stk

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# Meira ljúffengt



25% afsláttur

·V·S·O·P·

**Lambalæri fullúrbeinað**

2.099 kr/kg

Verð áður 2.799 kr/kg




20% afsláttur

**Lambahryggur**

1.919 kr/kg

verð áður 2.399 kr/kg




25% afsláttur

**Hagkaups veislulæri**

1.874 kr/kg

verð áður 2.499 kr/kg




10% afsláttur

**Kjúklingur 100%**

719 kr/kg

verð áður 799 kr/kg

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Skrípaleikur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Aðeins Stalín hefur verið lengur við völd á síðari tímum í Rússlandi. Með yfirburðasigri Vladimírs Pútín í nýafstöðnum forsetakosningum – hann hlaut um 75 prósenta fylgi – mun valdatíð hans, annaðhvort sem forseti eða forsætisráðherra, hafa staðið yfir í nær aldarfjórðung þegar sex ára kjörtímabil hans rennur sitt skeið 2024. Óþarfi er að fjölyrða um aðdraganda og niðurstöður kosninganna. Þær voru skrípaleikur. Ekki er hægt að tala um raunverulegar lýðræðislegar kosningar í landi þar sem fjölmiðlunum, einkum stóru sjónvarpsstöðvunum, er að stærstum hluta beitt í áróðursskyni fyrir stefnu ráðamanna í Kreml.

Þótt lífskjör almennings hafi vissulega batnað til muna eftir þann glundroða sem einkenndi tíunda áratug síðasta aldar þá varpaði alþjóðlega fjármálakreppan, og í kjölfarið verðfall á olíumörkuðum, ljósi á kerfislega veikleika rússneska hagkerfisins. Ekkert sem máli skiptir hefur verið gert á undanförnum árum til að mæta þeirri staðreynd að ráðamenn í Moskvu geta ekki lengur reitt sig á hátt olíuverð til að standa undir miklum hagvexti. Þess í stað hefur ágeng utanríkisstefna Pútíns, sem hefur oft stjórnast af misráðnum skammtímasjónarmiðum fremur en einhverri djúpviturri langtímahugsun, þjónað þeim tilgangi að beina kastljósi almennings heima fyrir frá þeirri víðtæku spillingu og efnahagsstöðnun sem Rússar glíma við og viðhalda stuðningi við Pútín. Það hefur tekist. Niðurstaðan er hins vegar meðal annars sú að samskipti Evrópu og Bandaríkjanna við Rússland hafa núna um langt skeið einkennst af spennu og tortryggni.

Viðskiptaþvinganir vesturveldanna, í kjölfar hernaðaríhlutunar Rússlands á Krímskaga og í austurhluta Úkraínu, og lágt verð á olíumörkuðum hafði verulega neikvæð áhrif á rússneskt efnahagslíf með miklum fjármagnsflótta og gríðarlegu gengisfalli. Samkvæmt tölum frá Alþjóðabankanum þá skrapp hagkerfið saman um meira en þriðjung, mælt í Bandaríkjadölum, frá 2014 til 2016. Þó samdráttur síðustu ára sé að baki, samhliða því að olíuverð hefur farið hækkandi, þá stendur Pútín núna eftir sem áður frammi fyrir þeirri áskorun hvernig eigi að nútímavæða hagkerfi Rússlands. Útflutningur og tekjur ríkissjóðs Rússlands koma enn í dag nánast einvörðungu til vegna sölu á olíu og gasi. Væntingar um að þverrandi olíuauður myndi framkalla tímabærar efnahags- og lagalegar umbætur í Rússlandi hafa reynst tálsýn ein.

Rússland er um margt ónýtt ríki. Pólitískar stofnanir sem eiga að veita framkvæmdarvaldinu aðhald fyrirfinnast ekki. Helstu fjölmiðlar landsins reyna kerfisbundið að sverta og grafa undan öllum þeim sem gagnrýna stefnu stjórnvalda hverju sinni. Og það sem mestu máli skiptir: hagkerfi Rússlands stendur í reynd á brauðfótum. Kerfislægar efnahagsumbætur hafa setið á hakanum um árabil og fjárfesting í samfélagslegum innviðum er hverfandi. Að tala um Rússland og réttarríki er eins og hver önnur hlægileg öfugmæli. Þrátt fyrir þetta sýna forsetakosningarnar að Pútín nýtur enn stuðnings hjá meginþorra rússnesks almennings. Það er í senn sorglegur en sumpart skiljanlegur veruleiki.

> **Að tala um Rússland og réttarríki er eins og hvert annað hlægilegt öfugmæli.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hlátur í þingsal**

**Brynjar Níelsson, eins umdeildur og hann er, má eiga það að hann er sá þingmaður sem oftast uppsker hlátur í þingsal. Slíkt gerðist í gær í umræðum um kosningaaldursfrumvarpið. Þingmaðurinn er einn þeirra sem vilja að málið verði ekki afgreitt í flýti. Í ræðu hans var kallað fram í að börn gætu verið í flokknum þó þau gætu ekki kosið. „Þeir mega vera í flokknum. Það er einmitt þroskaferlið, að byrja á að koma í flokkinn og svo þegar búið er að þroska þau þar, þá geta þau kosið,“ sagði Brynjar úr pontu meðan þingheimur hló dátt.**

**Táknræn byssa**

**Annað atvik, miður geðslegt og líklega án fordæma í þingheimi, átti sér stað í umræðunum um kosningaaldur í gær. Hinum spurningaglaða Pírata Birni Leví Gunnarssyni mislíkaði þá málflutningur Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra. Ákvað þingmaðurinn að láta þá skoðun sína í ljós með því að mynda byssu með fingrum sínum, leggja hana að höfði sér og taka í ímyndaðan gikkinn. Slíkt athæfi, sem var vafalaust misheppnuð tilraun til hnyttni, á hvergi að sjást og sennilega allra síst af þingmanni í þingsal. Er það þingmanni til smánar.**

**joli@frettabladid.is**

# Norræna fjörskyldan



Sigurður Ingi Jóhannsson
samstarfsráðherra Norðurlanda

Hinn 23. mars ár hvert fagna Norðurlöndin samvinnu sem er rótgróin og víðfeðm en líka skapandi og skilvirk. Lengi vel lá lífæð Íslands í gegnum Kaupmannahöfn og nú skapa samskiptin við hinar Norðurlandaþjóðirnar, þ. á m. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, trausta fótfestu á alþjóðavettvangi.

En norrænt samstarf er svo miklu meira en bara stjórnmál. Undirstaðan er hið sumpart kyrrláta en þó kraftmikla samstarf sem fram fer úti um allt land. Ég leyfi mér að fullyrða að tugþúsundir Íslendinga hafi tekið og taki þátt í norrænni menningarsamvinnu, skóla- og vísindasamstarfi, eða hafi unnið og lært á Norðurlöndunum, og hátt í 30 þúsund Íslendingar búa þar.

Norðurlöndin eru þannig sterkur heimavöllur fyrir Ísland. Þangað flytja fyrirtækin út vörur og þjónustu en samanlagt eru Norðurlöndin okkar stærsta einstaka viðskiptaland. Norðurlöndin vilja verða samþættasta svæði heims. Þá geta 27 milljónir manna, fólk og fyrirtæki, fært sig hindrunarlaust og áreynslulítið á milli landa og freistað gæfunnar. Á meðan ýmsir boða byggingu múra – vilja Norðurlöndin opna dyr. Í viðskiptum geta norræn fyrirtæki náð betri árangri sem heild heldur en hvert í sínu horni, ekki síst á fjarlægum mörkuðum. Árangur danskra arkitekta í Asíu getur rutt brautina fyrir finnska bændur sem draga vagninn fyrir íslenska fatahönnuði. Norræna glæpasagan selur bækur en líka fisk. Vörumerkið „Norðurlönd“ er verðmætt og nývarið var sameiginlegu kynningarátaki TheNordics.com hleypt af stokkunum.

Og eins og í góðum fjölskyldum er heilbrigð samkeppni milli fólks, við lærum hvert af öðru og berum okkur saman. Þannig var ánægjulegt hve Ísland kom vel út úr síðustu skýrslu Nordregio um efnahagsþróun og vaxtarmöguleika á Norðurlöndunum. Þar voru sex íslenskir landshlutar sannkallaðir hástökkvarar, auk Færeyja. Í norrænum samanburði gengur margt vel á Íslandi en við sjáum líka hvar við þurfum að bæta okkur. Meira um það á fundi í Norræna húsinu kl. 14 í dag.

Ísland hlakkar til formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á næsta ári. Það verður skemmtilegt verkefni í norrænu „fjörskyldunni“!

> **Á meðan ýmsir boða byggingu múra – vilja Norðurlöndin opna dyr.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Eigi leið þú oss í freistni

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Hvaða stælar eru það í Guði að vilja leiða fólk í freistni? Í bæninni sem Jesús kenndi er ekki beðið um hjálp við að standast freistingar, eða sneiða hjá freistingum–heldur er Guð náðarsamlegast beðinn um að toga mann ekki beinlínis í átt til glötunar. Er lífið ekki nógu flókið samt?

Því er oft haldið fram að hér sé um ónákvæmni í þýðingu að halda, og bæði prestar og fræðimenn velta því stundum fyrir sér hvort ekki sé réttast að leiðrétta bænina örlítið. Meira að segja hinn „óskeikuli“ páfi í Róm hefur léð máls á því að lagfæra þetta orðalag. „Það er Satan sem leiðir okkur í freistni, það er hans deild,“ er haft eftir Frans páfa. Páfinn vill meina að réttara væri að í bæninni sé leitast eftir mótstöðuþreki til þess að standast freistingarnar.

**Freistingarnar sigra**

En orðalagið í bæninni er auðvitað engin tilviljun. Það virðist nefnilega vera nánast óbrigðull sannleikur um mannlegt eðli, og hefur örugglega ekki breyst frá því Fjallræðan var flutt, að freistingarnar sigra viljastyrkinn fyrr eða síðar. Jafnvel þeir allra viljasterkustu og öguðustu láta á endanum undan freistingunum ef þeim er stöðugt veifað framan í þá. Og það sama gildir um mótstöðuþrekið gagnvart freistingum eins og annað líkamlegt og andlegt þrek—að það þverr með áreynslu. Þetta hafa alls konar sálfræðirannsóknir leitt í ljós. Sá sem af óbilandi viljastyrk neitar sér tíu sinnum um kleinuhring og konfektmola yfir daginn finnur sjálfan sig gjarnan á kvöldin með tóman kexpakka í höndunum, súkkulaðisleikjur út á kinnar og mylsnu í náttfötunum.

Þótt mikilvægt sé að efla mótstöðuþrek sitt, er sennilega eina raunhæfa leiðin til að falla ekki í freistni að forðast freistingarnar en ekki standast þær.

Þetta þekkja auðvitað allir þeir sem hafa þurft að venja sig af einhverjum ósiðum eða fíknum. Sá sem hefur orðið háður áfengi þarf að byrja á því að hella niður öllu sem til er á heimilinu og helst að forðast allar aðstæður þar sem verið er að glenna framan í hann brennivín. Þeir sem vilja draga úr notkun snjallsímans komast yfirleitt að því að besta leiðin til þess er að skilja hann við sig til lengri eða skemmri tíma—og allir vita hver eru líklegustu örlög súkkulaðis og sætinda sem húsráðendur eiga í skápum fyrir óvænta gesti.

**Frelsið er yndislegt**

Það er nefnilega pínlegt frá því að segja fyrir okkur sem trúum umfram allt annað á frelsi einstaklingsins—að mjög oft er okkur sjálfum alls ekki treystandi til þess að taka bestu ákvarðanirnar fyrir okkur sjálf. Við þurfum sem sagt ekki bara að biðja um styrk til að taka rétta ákvörðun—heldur þurfum við að biðja um að valkostir okkar séu skilyrtir og takmarkaðir; að við séum ekki leidd í freistni.

Mér varð hugsað til þessa nýlega þegar ég barðist á hvítum hnúum gegn ærandi löngun í bragðlausa og ólystuga nikótíntöflu sem ég vandi mig á að nota fyrir nokkrum árum. Eins og margir hafði ég álpast til þess að ánetjast sígarettum en fannst orðið tímabært að láta af þeim ósið, enda mátti heita augljóst að kappreykingar í dúnúlpu á götuhornum í íslenskum vetrarhríðum eiga ekkert skylt við nautn en allt skylt við fíkn.

Mér reyndist hins vegar mun erfiðara að hætta af fúsum og frjálsum vilja heldur en að byrja af fúsum og frjálsum vilja þannig að ég hlýddi því ráði að svala þörfinni tímabundið með þessum töflum. Þetta var mikið óheillaskref því ég varð fljótlega jafn ánetjaður töflunum eins og sígarettunum áður.

> **Þótt öll þurfum við að bera ábyrgð á sjálfum okkur og eigum heimtingu bæði á frelsi og mannvirðingu þá er gott að hafa það stundum í huga að mikilvægasta valfrelsið felst stundum í því að fjarlægja valið og takmarka frelsið—að búa svo um hnútana að maður leiðist ekki út í freistni.**

**Geri ég það sem ég vil?**

Af þessu tilefni gerði ég stutta könnun á Facebook og bað um reynslusögur. Tilgáta mín var sú að þeir sem reynt hefðu að hætta að reykja með aðstoð nikótínlyfja hefðu að jafnaði orðið nákvæmlega eins háðir tyggjói, töflum og plástrum eins og sígarettunum.

Þetta reyndist almennt vera rétt. Fólk festist í nikótínlyfjunum í ár og áratugi eftir að það hættir að reykja. En þó voru á þessu áberandi undantekningar. Þeir sem höfðu hætt að reykja þegar nikótínlyfin voru lyfseðilsskyld og höfðu fylgt nákvæmlega fyrirmælum lækna um skammtastærðir höfðu margir náð að losa sig algjörlega undan fíkninni, á meðan hinir sem nutu þess frelsis að geta skammtað ofan í sig eitrið voru að jafnaði áfram fastir í fjötrum nikótínfíknar löngu eftir að þeir drápu í síðustu sígarettunni.

Þótt öll þurfum við að bera ábyrgð á sjálfum okkur og eigum heimtingu bæði á frelsi og mannvirðingu þá er gott að hafa það stundum í huga að mikilvægasta valfrelsið felst stundum í því að fjarlægja valið og takmarka frelsið—að búa svo um hnútana að maður leiðist ekki út í freistni.

Það er nefnilega furðuoft sem maður notar ekki frelsið til þess að gera það sem maður vill, heldur hið þveröfuga.

# Eftir hverju er beðið?



Brynhildur Pétursdóttir
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

> **Þessi fyrirtæki hafa komist upp með að okra á neytendum með ólöglegum hætti en þau láta dómsúrskurði ekkert á sig fá.**

Það er merkilegt hvað stjórnvöldum hefur gengið illa að koma böndum á smálánafyrirtækin. Þau hafa einhverra hluta vegna ekki verið gerð starfsleyfisskyld og falla því ekki undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins eins og eðlilegt væri. Þessi fyrirtæki hafa komist upp með að okra á neytendum með ólöglegum hætti en þau láta dómsúrskurði ekkert á sig fá. Þau breyta bara um nafn og kennitölu, breyta flýtigjaldi í rafbók og halda ótrauð áfram.

Ekki er síður alvarlegt hversu auðvelt er að taka lán í nafni annarrar manneskju og það eru svikahrappar að nýta sér. Neytendasamtökin hafa fengið slík mál inn á borð til sín og líta þau mjög alvarlegum augum. Það ætti auðvitað ekki að vera mögulegt að taka lán í nafni annarrar manneskju með einungis kennitölu og bankaupplýsingar að vopni en þegar smálánafyrirtækin eru annars vegar virðist allt hægt.

Það liggur fyrir að regluverkið í kringum smálánafyrirtækin er ófullnægjandi og úrræðin gagnvart þeim duga skammt. Neytendastofa hefur til dæmis lagt stjórnvaldssektir á fyrirtækið E content sem rekur Múla, 1919, Hraðpeninga, Smálán og Kredia. Ekki liggur fyrir hvort þessar sektir hafi verið greiddar en Neytendasamtökin hafa ítrekað reynt að fá úr því skorið. Eftir því sem næst verður komist heitir E content núna eCommerce og er með aðsetur í Danmörku.

Á hverjum degi eru smálánafyrirtækin að veita neytendum lán sem Neytendastofa og áfrýjunarnefnd neytendamála hafa úrskurðað að brjóti í bága við lög um neytendalán þar sem kostnaður við lánin fer yfir lögleg viðmið. Stjórnvaldssektir, ítrekaðir úrskurðir og jafnvel niðurstaða dómstóla um lögbrot fyrirtækjanna duga skammt. Ekkert virðist fá þau stöðvað og þessi þrautseigja væri allt að því aðdáunarverð ef ekki væri fyrir alvarleika málsins. Og hann er sá að stjórnvöld hafa algerlega sofið á verðinum og ekki tryggt þá réttarvernd sem neytendur eiga rétt á lögum samkvæmt.

Stjórnvöldum hefur fyrir löngu verið bent á að fara sömu leið og nágrannaþjóðirnar og gera starfsemi smálánafyrirtækja leyfisskylda. Sú aðgerð er tiltölulega einföld og fljótleg. Það er ekki eftir neinu að bíða og reyndar löngu tímabært að hagsmunir neytenda séu tryggðir í viðskiptum þeirra við smálánafyrirtækin.



# Umferðaröryggi á Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð



**Adda María Jóhannsdóttir**
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og 2. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Það er orðið brýnt að fara í úrbætur á Reykjanesbraut þar sem hún liggur í gegnum Hafnarfjörð.

Reykjanesbrautin er þjóðbraut sem liggur til og frá alþjóðaflugvelli landsins og eina leiðin þaðan inn á höfuðborgarsvæðið.

Umferðarþungi á Reykjanesbraut hefur aukist mikið á undanförnum árum. Mikil uppbygging hefur verið í nýjum hverfum innan Hafnarfjarðar sem liggja sunnan Reykjanesbrautar og frekari uppbygging fyrirhuguð á næstu árum. Fyrirtæki hafa verið að koma sér fyrir á því svæði sem eykur enn á umferð. Þá hefur stóraukinn ferðamannastraumur einnig haft gífurleg áhrif á umferðarþróun, að ógleymdum þeim fjölda fólks sem ferðast til og frá höfuðborgarsvæðinu vegna vinnu.

**Íbúar í gíslingu**

Á álagstímum eru íbúar ákveðinna hverfa nánast í gíslingu. Reykjanesbrautin klýfur bæinn í tvennt og slysahættan þegar íbúar þurfa að þvera brautina til að sækja verslun og þjónustu er mikil. Það eru einnig brögð að því að ökumenn reyni að losna við umferðarhnúta á brautinni og fari í gegnum íbúðarhverfi sem við hana liggja. Þar er hámarkshraði víða 30 km/klst. enda leik- og grunnskólar í grennd. Allt þetta skapar mikla hættu.

**42% slysa á götum Vegagerðarinnar**

Í úttekt sem gerð var af verkfræðistofunni Eflu og liggur til grundvallar drögum að umferðaröryggisáætlun fyrir Hafnarfjarðarbæ kemur fram að umferðarmagn á Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð hefur aukist um rúmlega 50% frá árinu 2010 og er áætlað að þar fari yfir 45.000 bílar að meðaltali á dag. Í sömu úttekt kemur fram að 42% allra umferðarslysa í sveitarfélaginu á árunum 2010-2016 urðu á götum sem eru í eigu Vegagerðarinnar.

Brýnast er að ljúka tvöföldun á kaflanum frá Kaldárselsvegi að gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Ekki síður mikilvægt er gera endurbætur á tvennum gatnamótum á vegkaflanum frá Kaplakrika að Lækjargötu. Gert er ráð fyrir bráðabirgðaframkvæmdum við þau gatnamót en öllum er ljóst að þær duga ekki til og mikilvægt að huga strax að framtíðarlausn á þessum gatnamótum sem eru meðal slysamestu gatnamóta höfuðborgarsvæðisins.

**Ákall eftir samgönguáætlun**

Það þarf að marka heildarstefnu fyrir framkvæmdir við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar þar sem tímasetningar verði ákveðnar og fjármagn tryggt.

Það er því afar brýnt að ráðherra komi fram með samgönguáætlun sem fyrst og að hún liggi fyrir fyrir sveitarstjórnarkosningar. Það er ótækt að ríkisstjórnin sýni ekki á spilin varðandi samgöngur í landinu fyrir þann tíma.

# Fjórar klukkustundir meðal fagfólks



**Sigurbergur Sveinsson**
kaupmaður

**Reynsla mín er sú að flæðið gegnum heilbrigðiskerfið virkaði eins og best varð á kosið í mínu tilviki og ekki síst var notalegt að finna hlýjuna og umhyggjuna sem alls staðar mætti mér.**

Oft er hnjóðað í heilbrigðiskerfið okkar hér á Íslandi og skilja má af umræðu í fjölmiðlum að það sé á heljarþröm. Og eflaust má betur ef duga skal. En stundum er gott að finna á eigin skinni hvernig staðan er í raun og veru. Ég var heppinn og gæfa mín fólst í því að íslenskt heilbrigðiskerfi er ekki eins laskað og ég hafði mátt ætla.

Upphaf sögu þessarar er á laugardagsmorgni í byrjun febrúar 2018. Ég vaknaði allhress en fannst þó eins og ég væri eitthvað undarlegur í öðrum kálfanum. Þetta fannst mér varla geta verið alvarlegt svo ég var í ýmsu stússi og störfum fram eftir degi. Þegar ég kom heim úr vinnu fannst vinkonu minni ástand mitt alls ekki eins og best yrði á kosið og hafði samband við dóttur sína sem er hjúkrunarfræðingur. Hún vildi að ég drifi mig á Læknavaktina, sem ég gerði. Þá var klukkan um sex.

Á Læknavaktinni tók á móti mér geðþekkur læknir sem sá strax að rétt væri að skoða þetta betur svo hann skrifaði upp á „aðgöngumiða“ handa mér á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Svo þangað fór ég að bragði, staldraði stutt við á biðstofunni og var brátt kominn í hendurnar á snillingum sem byrjuðu á því að taka úr mér blóðprufu. Það gekk vel og eftir um 20 mínútna bið kom til mín þægilegur ungur læknir sem sótti einhvers konar skanna til að skoða í mér æðarnar. Að því loknu taldi hann að ég hefði fengið blóðtappa í fótinn en til að fá það staðfest yrði hann að leita til sérfræðings í þessum efnum. Og ungi læknirinn átti kollgátuna: Ég hafði fengið stíflu í æð í hægra fæti.

Eftir skamma stund var búið að finna út hvaða lyf myndu henta mér best í þessum óvæntu aðstæðum mínum. Ungi læknirinn sagðist síðan myndu hringja í mig ef eitthvað væri athugavert við nýrun í mér en það var víst helsta læknisfræðilega áhyggjuefnið þegar þarna var komið sögu.

Ég var búinn að fá lyf við heilsubrestinum kl. 10 um kvöldið, aðeins fjórum klukkustundum eftir að ég steig fyrst fæti inn fyrir fyrstu læknadyrnar þennan daginn og vissi ekkert hvað væri um að vera.

Reynsla mín er sú að flæðið gegnum heilbrigðiskerfið virkaði eins og best varð á kosið í mínu tilviki og ekki síst var notalegt að finna hlýjuna og umhyggjuna sem alls staðar mætti mér á þessari vegferð. Og þótt gaman hefði verið að heyra í lækninum aftur er ég óskóp feginn að hann hringdi ekki. Nýrun eru þá í lagi. Ég er einlæglega þakklátur forsjóninni og frábæru heilbrigðisstarfsfólki fyrir að ekki fór verr í þetta sinn. Er hægt að fara fram á meira?

# Metan á Strætó





**Heiða Björg Hilmisdóttir**
stjórnarformaður Strætó

**Halldór Auðar Svansson**
stjórnarformaður Sorpu

Svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarið, enda fer hún ekki fram hjá neinum þegar veður er þannig að hún sest fyrir. Samkvæmt rannsókn sem verkfræðistofan Efla hefur unnið fyrir Vegagerðina eru 80% af svifryki til komin vegna bílaumferðar; 49% vegna malbiks og 31% vegna sóts úr útblæstri. Í tilkynningu um skýrsluna frá Vegagerðinni segir að niðurstöðurnar styðji eindregið þann grun að vægi sóts í svifryki hafi vaxið mjög á síðustu árum og að sennilega megi rekja það til mikillar aukningar á bílaumferð og hækkandi hlutfalls dísilbíla. Ástæða er talin til að rannsaka þennan mengunarþátt nánar og skoða leiðir til að draga úr sótmengun.

Hér eru margar leiðir mögulegar og engin ein leið sem mun leysa allan vanda. Ein besta leiðin til þess að draga úr mengun af umferð er að styðja myndugleg við umhverfisvænni samgöngukosti þannig að fleira fólk velji að keyra minna á einkabíl. Þar er gott að byrja á sjálfum sér og því hefur stjórn Strætó sett metnaðarfullt markmið um að stefnt verði að því að allur vagnaflotinn verði kolefnislaus árið 2030. Það markmið er í fullum farvegi og Strætó hefur fest kaup á 14 rafmagnsvögnum sem senn koma til landsins.

**Metnaðarfullt verkefni**

Svo vill til að Sorpa stendur líka í mjög metnaðarfullu verkefni, sem er bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Í stað þess að urða lífrænan úrgang mun hann fara í moltugerð og metangasframleiðslu. Nú þegar er framleitt metangas úr urðuðum úrgangi í Álfsnesi sem er nýtt m.a. af Reykjavíkurborg á sorpbíla, en allur bílafloti sorphirðu borgarinnar keyrir nú á metangasi. Þegar gas- og jarðgerðarstöð hefur verið byggð og komin í rekstur (áætlanir gera ráð fyrir að það verði á næsta ári) mun metanframleiðsla aukast töluvert, og því metani þarf að finna farveg.

Þessi markmið, umhverfisvænni Strætó og aukin framleiðsla á metangasi, fara að sjálfsögðu algjörlega saman. Við viljum endilega halda áfram á þeirri braut að nýta umhverfisvænt metaneldsneyti sem við framleiðum sjálf á okkar eigin bílaflota. Þess vegna hafa Strætó og Sorpa verið að skoða í sameiningu hvernig nýta megi metangas beint og milliliðalaust á strætisvagna í framtíðinni með fjárfestingu í leiðslu og áfyllingarbúnaði fyrir vagnana. Þar er verið að skoða ýmis praktísk mál eins og útboðsskilmála Strætó og samkeppnissjónarmið. Allt bendir til þess að þetta sé algjörlega raunhæfur kostur og þeir metanvagnar sem í notkun eru í dag virka afar vel.

Það er frábær framtíðarsýn að í stað þess að grafa niður lífrænan úrgang af heimilum höfuðborgarsvæðisins verði hann nýttur til að knýja strætisvagna. Það eru engir draumórar heldur er þessi sýn í raun alveg handan við hornið, ef við höldum áfram að vinna þétt saman að metnaðarfullum umhverfismarkmiðum fyrir höfuðborgarsvæðið.

# Andófið gegn atvinnutækifærunum



**Einar K. Guðfinnsson**
formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva

Pennavinur minn Jón Þór Ólason, lögmaður og formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, stritast enn við í andófi sínu gegn uppbyggingu atvinnutækifæra og verðmætasköpunar í fiskeldi á Íslandi, í grein sem hann skrifaði hér í Fréttablaðið 21. mars.

Þrátt fyrir þrákelknina verður honum lítt ágengt í málflutningi sínum. Það er athyglisvert að Jón Þór skautar bæði fimlega og samviskusamlega fram hjá því að fiskeldi á Íslandi er byggt á vísindum og þekkingu. Sýnt hefur verið fram á í áhættumati Hafrannsóknastofnunar að möguleg áhætta af erfðablöndun sé bundin við þrjár ár, en ekki allt landið, eins og telja mætti af skrifum Jóns.

Hann víkur að Noregi, þar sem fiskeldi er m.a. stundað í nálægð við veiðiár og árósa, ólíkt því sem hér tíðkast og Hafrannsóknastofnunin hefur bent á. Í Noregi eru þó villilaxastofnarnir þeir sterkustu í Norður-Atlantshafi, eins og sjá má á skýrslum NASCO og fleiri stofnana. Þetta er raunin á sama tíma og laxeldi hefur margfaldast í Noregi og er nú um 1,3 milljónir tonna. Í skrifum sínum hengir Jón Þór sig á athuganir sem gerðar hafa verið í nokkrum ám á Vestfjörðum, sem eiga það m.a. sammerkt að vera ekki með eiginlega laxastofna og dregur af þeim athugunum ótæpilegar ályktanir. Þetta er brothættur grundvöllur að standa á.

Nú nýverið hafa birst niðurstöður Kevin Glover, prófessors í Bergen, sem sýna að „við litla eða nokkra blöndun, það er að segja 5-10% eldislaxa, sjáum við næstum engar breytingar á 50-100 árum í stærð smárra og fullorðinna laxa, né hve mikinn fisk áin framleiðir, né heldur breytingar á endurheimtum laxa eftir sjógöngu“.

En auðvitað tekur Jón Þór Ólason ekkert mark á svona staðreyndum; þær henta ekki hans málstað. Í hans huga er þetta væntanlega bara bænaþula og prófessorinn „áróðursmeistari“.

# Heilbrigðisþing aftur á dagskrá



**Ingimar Einarsson**
félags- og stjórnmálafræðingur

**Engum vafa er undirorpið að heilbrigðisþingin hafa verið mikilsverður vettvangur samskipta og skoðanaskipta um heilbrigðismál. Þar voru á dagskrá helstu stefnumál heilbrigðisþjónustunnar og málefni sem hafa verið til umræðu víða um lönd.**

Um áratugaskeið innihélt heilbrigðislöggjöfin ákvæði um að halda heilbrigðisþing eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Til heilbrigðisþings voru boðaðir stjórnendur, fagfólk, fulltrúar félagasamtaka, stjórnmálamenn og fleiri sem létu sig málefni heilbrigðisþjónustunnar einhverju varða. Hélst sú skipan þar til ný heilbrigðislög voru samþykkt á árinu 2007. Heilbrigðisþing voru haldin 1980, 1995, 1999 og 2003. Sambærilegar samkomur voru einnig haldnar á árunum 2000 og 2001. Annars vegar snerust þær um gæði og árangur heilbrigðisþjónustu og hins vegar um menntun heilbrigðisstétta og mannaflaspár heilbrigðisþjónustunnar.

**Vettvangur hugmynda**

Heilbrigðisþingin voru hugsuð sem eins konar vettvangur ráðgjafar- og umsagnarstarfa á sviði heilbrigðismála og um leið grundvöllur stefnumótunar og áætlanagerðar til langs tíma. Heilbrigðisráðuneytinu var venjulega falið að undirbúa heilbrigðisþingin, í samráði við Embætti landlæknis, og jafnframt hefur ráðuneytinu verið falið að fullvinna þau mál sem fram komu á hverju þingi fyrir sig. Í flestum tilvikum vantaði nokkuð upp á að niðurstöðum heilbrigðisþinga væru fylgt eftir í samræmi við þær kröfur sem gera verður um framkvæmd slíkra verkefna.

**Heilbrigðisþingin**

Fyrsta heilbrigðisþingið var haldið á haustdögum árið 1980, í embættistíð Svavars Gestssonar, og segir í skýrslu frá þinginu að þátttaka hafi verið mikil og áhugi og metnaður fyrir hönd íslensku heilbrigðisþjónustunnar hafi einkennt umræðurnar. Annað heilbrigðisþingið var haldið í byrjun árs 1995. Umfjöllunarefni þingsins var heilbrigðisástand Íslendinga og horfur um heilsufar þjóðarinnar á næstu árum. Á þriðja heilbrigðisþinginu 1999 kom greinilega fram að í heilbrigðismálum, sem og á öðrum sviðum þjóðlífsins, væri nauðsynlegt að vinna skipulega að áætlanagerð og setningu markmiða á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins. Loks var heilbrigðisþing haldið fjórum árum síðar, eða 7. nóvember 2003. Viðfangsefnið var Háskólasjúkrahús á Íslandi – Framtíðarsýn, hlutverk og samfélagsleg ábyrgð.

**Aftur á dagskrá**

Engum vafa er undirorpið að heilbrigðisþingin hafa verið mikilsverður vettvangur samskipta og skoðanaskipta um heilbrigðismál. Þar voru á dagskrá helstu stefnumál heilbrigðisþjónustunnar og málefni sem hafa verið til umræðu víða um lönd. Það er hins vegar umhugsunarefni hvers vegna þessi samtöl hafa ekki skilað sér nema að takmörkuðu leyti inn í hina pólitísku umræðu og ákvarðanatöku. Undantekningin er gerð heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 sem samþykkt var af Alþingi á vormánuðum árið 2001. Spurningin er hvort ekki sé þörf á að taka upp þráðinn að nýju og efna til heilbrigðisþings til að leggja grundvöll að heilbrigðisstefnu til framtíðar og tryggja að ákvörðunum þess efnis verði fylgt eftir.


OUTLET
DAGAR
ICEWEAR
15. - 25. MARS
80% AFSLÁTTUR
Parkaúlpur frá kr. 9.500.-
Dúnjakkar frá kr. 4.378.-
Flíspeysur frá kr. 1.598.-
Skeljakkar frá kr. 3.798.-
Regnjakkar frá kr. 3.140.-
Regnbuxur frá kr. 2.540.-
Göngubuxur frá kr. 2.860.-
af öllum
Outlet fatnaði
á Laugavegi 91 og Fákafeni 9
ICEWEAR
ICELAND
ICEWEAR OUTLET
REYKJAVÍK LAUGAVEGUR 91, KJALLARI OUTLET · FÁKAFEN 9 OUTLET

# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Breiðhyltingar vörðu heimavöllinn og eru komnir í lykilstöðu



**Garðbæingar með bakið upp að vegg** ÍR þarf aðeins einn sigur til viðbótar til að slá út Stjörnuna í úrslitakeppni Domino's-deildar karla eftir nauman sigur í Breiðholtinu í gær. Tíu ár eru síðan ÍR-ingar komust síðast í undanúrslit Íslandsmótsins í körfubolta en en þeir eru einum sigri frá því að komast þangað. Liðin mætast að nýju á sunnudaginn þar sem Stjarnan verður að vinna ætli liðið ekki að fara í sumarfrí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Leikmenn munu sjá til þess að við söknum ekki Dagnýjar

**Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, telur sig hafa fundið lausnir til þess að bregðast við fjarveru Dagnýjar Brynjarsdóttur. Ungir leikmenn gripu gæsina í Portúgal og fá sæti í leikmannahópnum sem mætir Slóveníu og Færeyjum í undankeppni HM. Leikirnir fara fram í byrjun apríl.**

**FÓTBOLTI** Freyr tilkynnti í gær hvaða leikmenn hann valdi til þess að mæta Slóveníu og Færeyjum í næstu leikjum liðsins í undankeppni HM 2019. Nokkrar breytingar eru á leikmannahópnum frá síðasta leik liðsins í undankeppninni sem var 1-1 jafntefli gegn Tékklandi síðasta haust.

Þar á milli tók liðið þátt í Algarve-mótinu í Portúgal. Þar fengu nokkrir óreyndir leikmenn tækifæri sem sumir gripu svo fast að þeir fengu sæti í liðinu að þessu sinni. Þá snúa Elín Metta Jensen, Sigríður Lára Garðarsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir aftur í leikmannahópinn eftir mislanga fjarveru.

„Við náðum að æfa vel varnarleikinn í leikjunum á Algarve-mótinu og náðum að halda þeim sterku þjóðum sem við spiluðum við þar í skefjum. Það verður hins vegar allt önnur nálgun sem við förum með inn í leikina sem við erum að fara að spila næst í undankeppninni. Þar munum við stýra leiknum meira og við verðum að sýna betri frammistöðu í sóknarleiknum en við gerðum í Portúgal,“ sagði Freyr í samtali við Fréttablaðið í gær.

> Rakel er góð að vinna návígi, getur sótt fram með boltann og er mikil ógn inni í vítateig andstæðinganna.
>
> Freyr Alexandersson

Elín Metta hefur glímt við meiðsli undanfarið og Sigríður Lára við veikindi og þær hafa ekki leikið með íslenska liðinu síðan í jafnteflinu gegn Tékklandi. Vonast er til þess að Elín Metta hafi hrist af sér meiðslin í tæka tíð fyrir leikina gegn Slóveníu og Færeyjum sem leiknir verða í apríl.

Sigríður Lára er síðan búin að ná tökum á liðagigtinni sem hefur verið að hrjá hana í vetur. Þá er Harpa Þorsteinsdóttir að komast í feiknarlega gott form og hún snýr til baka, en hún lék síðast með íslenska liðinu á Evrópumeistaramótinu í Hollandi árið 2017.

Það er skarð fyrir skildi hjá íslenska liðinu að Dagný Brynjarsdóttir sem hefur skorað þrjú mörk í þremur leikjum íslenska liðsins í undankeppninni til þessa er barnshafandi og tekur þar af leiðandi ekki þátt í næstu verkefnum Íslands.

„Það er auðvitað stór ástæða þess að sóknarleikurinn gekk ekki betur en raun bar vitni að við söknuðum Elínar Mettu og Dagnýjar sem hafa verið aðsópsmiklar í sóknarleiknum hjá okkur síðustu misseri. Þá var Fanndís [Friðriksdóttir] að glíma við smávægileg meiðsli í Portúgal og gat ekki beitt sér af fullum krafti,“ sagði Freyr um ástæður þess að sóknarleikurinn hikstaði örlítið á Algarve-mótinu.



Freyr Alexandersson á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég sé fyrir mér að Rakel [Hönnudóttir] geti framkvæmt marga þá þætti sem Dagný hefur verið að færa okkur. Rakel er góð að vinna návígi, getur sótt fram með boltann og er mikil ógn inni í vítateig andstæðinganna. Harpa er svo í góðu formi þessa dagana og gefur okkur aðra vídd í sóknarleikinn en við gátum boðið upp á í Portúgal. Svo erum við með fljóta leikmenn, eins og Öglu Maríu [Albertsdóttur], sem geta sært andstæðinginn,“ sagði Freyr um leiðir til þess að fylla það skarð sem Dagný skilur eftir sig inni á miðsvæðinu hjá íslenska liðinu.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

### ÍR - Stjarnan 67-64

**ÍR:** Danero Thomas 20, Ryan Taylor 17, Matthías Orri Sigurðarson 13, Sveinbjörn Claessen 7, Hákon Örn Hjálmarsson 4, Sæþór Elmar Kristjánsson 3, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 2, Kristinn Marinósson 1.

**Stjarnan:** Hlynur Elías Bæringsson 20/17 fráköst, Róbert Sigurðsson 13, Collin Anthony Pryor 10/10 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 10, Tómas Þórður Hilmarsson 9/10 fráköst, Egill Agnar Októsson 2 .

*Staðan í einvíginu er 2-1, ÍR í vil.*

### KR - Njarðvík 81-71

**KR:** Pavel Ermolinskij 24/11 fráköst/8 stoðsendingar, Kristófer Acox 15/13 fráköst, Darri Hilmarsson 15, Jón Arnór Stefánsson 13, Björn Kristjánsson 4, Sigurður Á. Þorvaldsson 4, Vilhjálmur K. Jensson 4.

**Njarðvík:** Terrell Vinson 20, Logi Gunnarsson 12, Maciek Baginski 11, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 10/18 fráköst, Ragnar Helgi Friðriksson 9, Oddur Rúnar Kristjánsson 6, Kristinn Pálsson 3.

*KR vinnur einvígið 3-0.*

## Settur í átta mánaða bann

**ÍSHOKKÍ** Falur Birkir Guðnason, leikmaður meistaraflokks karla hjá Skautafélaginu Birninum, komst að samkomulagi við Lyfjaeftirlit ÍSÍ um að fara í átta mánaða bann vegna kannabisnotkunar.

Eftir leik þann 13. janúar síðastliðinn gekkst Falur undir lyfjapróf. Í sýni hans greindist Tetrahydrocannabinol (THC) yfir leyfilegum mörkum. Það er í flokki átta á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannað í keppni).

Bannið tók gildi 13. janúar og hann gæti því snúið aftur á ísinn næsta haust. **– iþs**



**Jóhann Berg lék gegn Mexíkó fyrir átta árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ekkert mark gegn Mexíkó

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir því mexíkóska í vináttulandsleik á Levi's vellinum í San Francisco í nótt. Leikurinn hefst klukkan 02.00. Íslenska liðið leikur í fyrsta sinn í HM-búningnum í nótt.

Þetta er í fjórða sinn sem þessar þjóðir mætast en alltaf hefur verið leikið í Bandaríkjunum. Það væri synd að segja að fyrstu þrír leikir Íslands og Mexíkó hafi verið fjörugir. Árið 2003 gerðu liðin markalaust jafntefli í San Francisco og sömu úrslit urðu í leik liðanna sjö árum seinna í Charlotte. Í fyrra vann Mexíkó svo Ísland með einu marki gegn engu í Las Vegas.

Þetta er fjórði síðasti leikur íslenska liðsins fyrir HM í Rússlandi. Ísland mætir Perú í Harrison í næstu viku og svo Noregi og Gana í byrjun júní. **– iþs**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 23. MARS 2018



# Fólki þykir vænt um Kvennaathvarfið

Í Kvennaathvarfinu er mikið hlegið enda eru þar heimsins kröftugustu konur að hefja nýtt líf. Sigþrúður Guðmundsdóttir hefur veitt því forstöðu í ellefu ár og finnst hún vera í skemmtilegasta og merkilegasta starfi í heimi. →2

„Ég viðurkenni að eftir að ég varð amma drengs þá hugsa ég mikið um hvernig það gerist að drengir verði að mönnum sem beita ofbeldi.“ MYND/ERNIR



**Sumir vilja taka nesti með sér í flug til að spara pening. Aðrir vilja njóta þess að vera í fríi og fá sér eitthvað gott fyrir flugið. Sigurveig Káradóttir er ein af þeim.** →4



Framhald af forsíðu ➭

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, er fædd og uppalin í Hrunamannahreppi og lauk námi í félagsfræði og kennslufræði við HÍ. Hún hóf störf sem framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins fyrir ellefu árum. „Ég sá þetta starf auglýst og hringdi í fráfarandi framkvæmdastýru sem lýsti starfinu þannig að ég hugsaði: hvernig er hægt að taka allt það skemmtilegasta í þessu fagi og setja það í eitt starf? Og svo var ég svo ótrúlega heppin að umsókn mín var valin. Ég þekkti aðeins til hér því ég skrifaði BA-ritgerðina mína upp úr gögnum úr Kvennaathvarfinu og hafði starfað hér sem sjálfboðaliði meðan ég var í háskólanámi.”

Margir ímynda sér að það sé þungt yfir í Kvennaathvarfinu en Sigþrúður segir svo ekki vera. „Vissulega á sér margt sorglegt og erfitt stað hérna en það er líka gríðarlega mikið hlegið í Kvennaathvarfinu. Konurnar sem eru hér eru náttúrlega kröftugustu konur í heimi og þær eru að stíga svo merkileg skref, kannski að lifa fyrstu vikurnar án ofbeldis í mörg ár og áratugi. Það eru algjör forréttindi að fá að eyða með þeim hversdeginum þeirra. Athvarfið er heimili kvennanna á meðan þær eru hér og þær og börnin þeirra sinna sínu daglega lífi en eru líka í stuðningi og viðtölum hjá ráðgjöfunum sem starfa hér við að hjálpa þeim að vinna í sínum málum. Þetta er heimili og úlfatíminn eftir skóla er hér eins og annars staðar. Hér eru að meðaltali tíu börn á dag og við höldum jól og afmæli og hrekkjavöku og þess háttar.”



„Að fá fálkaorðuna þýðir að þessi málaflokkur þykir mikilvægur, að búa konum og börnum betra líf.“ MYND/ERNIR

Hún segir að konur þurfi að vera misjafnlega lengi í Kvennaathvarfinu. „Það er enginn skilgreindur dagafjöldi, svo lengi sem okkur finnst við vera að hjálpa konu er hún hér. Stundum er ofbeldismaðurinn fjarlægður af heimilinu fljótlega, í einstaka ánægjulegum tilfellum hafa hjónin samið um að hann fari og hún komi heim og þau vinni í sínum málum, stundum bjóða ættingjar og vinir skjólshús en konur sem eiga ekkert bakland þurfa kannski að vera hér lengur.“

## Börnin efst í huga

Hún segir konur gjarnan líta á Kvennaathvarfið sem síðasta úrræðið. „Það er risastórt skref að koma hingað og við hittum alls ekki allar sem verða fyrir heimilisofbeldi. Mörg hundruð konur hafa komið í Bjarkarhlíð í viðtöl vegna heimilisofbeldis sem greinilega sjá Kvennaathvarfið ekki sem kost í sinni stöðu. Okkar markmið er að hjálpa konunum sem hingað leita að losna við ofbeldið úr lífi sínu og gera þeim grein fyrir styrk sínum og hugrekki því þær hafa lifað af aðstæður sem aðrir geta vart gert sér í hugarlund.“ Hún segir að í flestum tilfellum sé skilnaður óumflýjanlegur fyrir konur í þessari stöðu. „Ég held að það þurfi mikið til að hjónaband gangi upp eftir langvarandi ofbeldi því svo margt hefur gengið á sem erfitt er að fyrirgefa. Stundum fara konurnar aftur til ofbeldismanna þar sem við vitum að ofbeldið heldur áfram. En sem betur fer fækkar þeim tilfellum milli ára og einstaka sinnum er maðurinn tilbúinn til að leggja á sig þá vinnu sem þarf til að rjúfa mynstrið.“

Hún viðurkennir að börnin séu henni alltaf ofarlega í huga við þessar aðstæður sem og aðrar. „Við tilkynnum til barnaverndar ef það eru börn í spilinu sem eru þá að fara aftur á vígvöll, stundum bara pínulítil og auðvitað er það erfitt.“ Hún bendir á að rannsóknir sýni að heimilisofbeldi hafi djúpstæð áhrif á börn og framtíðarmöguleika þeirra, jafnvel þó ofbeldið beinist ekki að þeim. „Við sjáum að margar kvennanna sem koma hingað til dvalar eiga ofbeldissögu úr æsku að baki og oft kemur í ljós að það eiga margir mannanna líka þó það sé alls ekki algilt. Börn sem alast upp við heimilisofbeldi þekkja oft ekki aðrar aðferðir til að leysa úr ágreiningi. Ég viðurkenni að eftir að ég varð amma drengs þá hugsa ég mikið um hvernig það gerist að drengir verði að mönnum sem beita ofbeldi. Þetta er keðja sem okkur langar svo til að brjóta svo þessi börn geti notið sömu lífsgæða og mannréttinda og önnur börn.“

Lífið eftir skilnað reynist mörgum þessara kvenna erfitt og ógnvekjandi. „Þess vegna erum við að leggja í það stóra verkefni að byggja lítið fjölbýlishús sem verður nokkurs konar áfangaheimili fyrir konur í veikri stöðu sem geta þá farið í húsnæði á viðráðanlegu verði og unnið að því að styrkja stöðu sína,

> Okkar markmið er að hjálpa konunum sem hingað leita að losna við ofbeldið úr lífi sínu og gera þeim grein fyrir styrk sínum og hugrekki.

klára nám, læra íslensku, fá vinnu og svo framvegis.“

## Fólki þykir vænt um Kvennaathvarfið

Sigþrúður segist verða vör við mikinn hlýhug í garð Kvennaathvarfsins sem er sjálfseignarstofnun og rekið af Samtökum um kvennaathvarf. „Ég er nánast alltaf með eitthvað í bílnum mínum sem fólk vill gefa okkur. Svo erum við líka með sjálfboðaliða hérna sem ganga í þau verk sem til falla og sýna þannig stuðning í verki. Í kringum tíu þúsund einstaklingar styrkja okkur mánaðarlega, mörg félagasamtök líka og svo eru ýmsir sem hafa samband og vilja gefa okkur húsgögn og þess háttar. Konurnar geta oft ekki sótt eigur sínar þar sem ofbeldismaðurinn er enn á heimilinu og vantar því stundum allt til að hefja nýtt líf, eru stundum bara með fötin sem þær standa í. Við erum því miður ekki lengur með aðstöðu til að geyma hluti en svo er ótrúlegt hvað allt smellur saman, kannski hringir einhver með sófa, ísskáp og þvottavél og það er akkúrat að fara frá okkur kona inn í galtóma íbúð. Okkur þykir óskaplega vænt um þennan hlýhug.“

Sigþrúður var sæmd Hinni íslensku fálkaorðu um áramótin og finnst sú viðurkenning mikilvæg, bæði persónulega og fyrir málaflokkinn. „Ég varð fyrst mjög hissa og svo þótti mér ógurlega vænt um að við skyldum fá þessa viðurkenningu. Það þýðir að þessi málaflokkur þykir mikilvægur, sem hann er því starf okkar snýst um að búa konum og börnum betra líf. Svo bættist ofan á öll gleði fólks yfir því að ég skyldi hafa fengið þessa viðurkenningu sem mér þykir líka rosalega vænt um.“

## Skemmtilegast að vera amma

Sigþrúður áttaði sig fljótt á því að starf og einkalíf yrðu ekki aðskilin með góðu móti. „Ég fer til dæmis aldrei svo í veislu eða gönguferð með gönguhóp án þess að þessi mál beri á góma.“ Hún segist þó stundum þurfa að taka sér frí og þá er best að fara upp í sveit eða út í lönd. „Ég á bróður sem er kúabóndi og það gefst sveitastelpunni stundum best að taka til hendinni í búskapnum. Mér finnst líka gott að fara til útlanda og í lengri og skemmri gönguferðir, sérstaklega í rigningu og roki, þá gustar svo vel út úr höfðinu. Það skemmtilegasta sem ég gerði áður en ég varð amma var að fara eitthvert, nú er að vera amma það skemmtilegasta og ég eyði miklum tíma með ömmustráknum mínum og fjölskyldunni.“

Aðspurð hvort hún sjái fyrir sér að starfa hjá Kvennaathvarfinu næstu ellefu árin segist Sigþrúður ekkert geta sagt um það. „Ég get ekki ímyndað mér skemmtilegra og meira gefandi starf. En ég vona að einhver hnippi í mig þegar ég verð of þaulsætin og farin að staðna. Þá vona ég að einhver hvísli mjög hlýlega í eyrað á mér að nú sé kominn tími til að fara.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,



Kjóll
**Verð 15.990,-**
Stærðir S-XXXL



Peysa
**Verð 7.990,-**
Stærðir S-XXXL



Kjóll
**Verð 12.990,-**
Stærðir S-4XL



Túnika
**Verð 6.990,-**
Stærðir 38-54



Kjóll
**Verð 10.990,-**
Stærðir S-4XL



Kjóll
**Verð 11.990,-**
Stærðir S-XXXL



Kjóll
**Verð 11.990,-**
Stærðir S-4XL



Kjóll
**Verð 10.990,-**
Stærðir S-4XL



Túnika,
**Verð 12.990,-**
Stærðir S-XXL



Kjóll
**Verð 11.990,-**
Stærðir S-XXXL

**- NÝ -**
SENDING

# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE® Jensen IMITZ Ciso

# Borgar sig að taka nesti með í flugið?

**Páskarnir nálgast og þá eru margir á ferð og flugi. Gott er að nýta fríið og halda til dæmis á sólarströnd. Þegar ferðast á með börn á flugi getur verið gott að taka með sér nesti. Flugvélamatur getur verið dýr og oft lítið framboð um borð þótt það sé misjafnt.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Eitt sinn var maturinn innifalinn í verði flugmiðans og spennandi að sjá hvað kæmi á borðið í fluginu. Nú eru breyttir tímar með lækkandi flugfargjöldum. Farþegar þurfa að kaupa allt um borð, þar á meðal mat og drykk. Sumir selja meira að segja vatnið líka. Þar fyrir utan er úrvalið oft fábrotið í fluginu. Baguette eða samlokur eru algengasta fæðan sem boðið er upp á.

Í Leifsstöð er fjölbreytt úrval veitingastaða en það er dýrt að kaupa mat fyrir fjögurra manna fjölskyldu þar. Á einfaldan hátt er hægt að undirbúa flugið með góðu nesti fyrir alla fjölskylduna. Hins vegar verður að gæta að því að ekki er leyfilegt að fara með vökva í gegnum öryggishliðið svo sleppa verður jógúrti, smoothies og þess háttar nesti.

Ef farþegar eru einungis með handfarangur er aðeins leyfilegt að taka með sér 100 ml af vökva. Allan vökva, til dæmis snyrtivörur, þarf að setja í sérstakan plastpoka með rennilásalæsingu. Það er hins vegar hægt að taka tómar vatnsflöskur með sér og fylla á þær inni í flugstöðinni, líkt og maður hefur með sér í ræktina. Það eru þó ekki allir hrifnir af því að taka með sér nesti um borð í flugvél og vilja heldur njóta þess að borða í flugstöðinni áður en haldið er af landi brott.

### Matarlykt um alla vél

Sigurveig Káradóttir ferðast talsvert með fjölskyldu sinni, Agli Helgasyni og Kára, syni þeirra. Hún segist ekki hafa vanið sig á að taka mikið nesti með í flug að undanskildum hafraklöttum sem hún býr til sjálf og er alltaf með í töskunni. „Við grípum yfirleitt eitthvað með okkur í flugstöðinni en það er sniðugt að taka með sér þurrkaða ávexti, súkkulaði eða svona hafraklatta. Ég myndi sennilega ekki smyrja nesti til að hafa í flug, mér finnst það hins vegar mjög þægilegt þegar maður fer í ferðalag í bíl. Mér finnst svakalega gaman að fljúga og ég eiginlega myndi ekki bjóða í það ef allir væru með mat, jafnvel harðfisk eða eitthvað sem lyktar. Það væri óbærilegt. Einu sinni tók ég með mér bláber sem ég var nýbúin að tína úti í náttúrunni. Ég sá mjög mikið eftir því. Þau fóru út um allt í töskunni og gerðu flugferðina ekki mjög skemmtilega,“ segir Sigurveig.

Þegar hún er spurð hvort maður þurfi að gera sérstakt nesti fyrir börn, svarar hún því neitandi. „Það hefur aldrei verið neitt vandamál hjá mér. Hins vegar þarf maður vissulega að hugsa út í þá hluti þegar maður er með ungbörn, hafa þurrmjólk á pelann og sérstakan barnamat.“

### Einu sinni var ...

Sigurveig segist vera á móti því að fólk sé að borða hnetur í flugvélum, þær geti hrokkið ofan í fólk og það sé ekki þægilegt í háloftunum. „Venjulega horfi ég á góða bíómynd um borð eða legg mig,“ segir hún. „Í mínum huga er það hluti af góðu ferðalagi að fá sér eitthvað gott að borða á flugvellinum áður en farið er í loftið.

Maður minnist þess þegar matur var borinn fram um borð, bakkar, glös og hnífapör. Mér finnst í rauninni ekkert þægilegt að vera með stóran matarbakka fyrir framan mig í sætinu og sakna þess ekki. Flugið er ódýrara en áður og mér finnst betra að hafa það þannig. Fólk hefur meira val. Það er helst á lengri ferðum, yfir sex klukkustundum, sem maður vill geta pantað sér eitthvað. Núna er ýmis afþreying um borð sem ekki var í boði áður fyrr. Það er helst að ég sakni þess tíma þegar ég var lítil og fékk að fara inn í flugstjórnarklefann en við lifum jú á öðrum tímum,“ segir Sigurveig.

### Hnetur ofnæmisvaldandi

Misjafnt er hvort fólk vill borða í flugstöðinni eða hafa með sér nesti til að spara pening. Bent hefur verið á að heimasmurð samloka með rjómaosti, laxi og eggi eða skinku og osti geti verið ágætis nesti í flug. Einnig er hægt að útbúa svokallað „wraps“ með grænmeti og köldum kjúklingi. Maður þarf bara að passa að enginn vökvi sé í nestinu. Svo er auðvitað einfalt að taka með sér epli eða banana. Það gæti einhver verið með ofnæmi fyrir hnetum í flugvélinni og þess vegna er ekki æskilegt að fólk sé með þær meðferðis. Þá eru sumir á sérfæði og þurfa þess vegna að koma með nesti með sér.



Sigurveig segir að fríið byrji í flugstöðinni en gaman sé að setjast niður og fá sér máltíð áður en farið er í flugið. MYND/STEFÁN



Það er einfalt að smyrja sér samloku og taka epli með í farangrinum.

Fimmtudaginn **29. mars** mun Fréttablaðið gefa út aukablaði

**ALLT FYRIR HÚSFÉLAGIÐ**

**Allt** ritstjórnarefni blaðsins er sérstaklega miðað á **fólk og fyrirtæki** sem hefur búsetu fjöleignarhúsnæði og deilir sameign með öðrum fasteignaeigendum.

Þessa dagana eru flest ef ekki öll húsfélög landsins farin að huga að aðalfundi. Samkvæmt lögum ber öllum húsfélögum að halda aðalfund fyrri hluta árs, eða fyrir 30. apríl.

Á aðalfundi er farið yfir rekstur og skipulag félagsins auk þess sem stórar ákvarðanir eru teknar um nauðsynlegar framkvæmdir endurbætur og viðhaldi á sameign.



Myndin er tekin af Anton Brink fyrir Fréttablaðið / Vísi

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

**Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.**
**Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Brúðkaup

FÖSTUDAGUR 23. MARS 2018

**Kynningar:** Herrafataverslun Guðsteins, Herragarðurinn, Icepharma, Hilton Reykjavík Nordica, Tækniskólinn, Carat

## Í hjónaband eftir tuttugu ára samband

Arndís Einarsdóttir og Róbert Kristjánsson gengu í hjónaband í Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd 1. júlí 2017 eftir að hafa verið saman í tuttugu ár. Dagurinn var bjartur, fagur og ótrúlega skemmtilegur, segja þau. →2



Glæsileg mynd í fallegri sveit af flottu fólki.



Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



Glæsileg brúðhjón ganga að kirkjunni. Róbert í kúrekafötunum og Arndís í fallegum hvítum kjól sem hún hannaði sjálf. Þau tíndu sjálf lúpínur í brúðarvöndinn. MYNDIR/THELMA

Arndís segir að þau hafi ákveðið fyrir mörgum árum að ganga í hjónaband. „Við létum samt aldrei verða af því. Einhvern veginn hélt maður að þetta yrði svo mikið umstang. Við höfðum bæði verið gift áður og mig langaði alls ekki að hafa eitthvert rjómatertubrúðkaup. Þegar við loksins ákváðum daginn vorum við sammála um að hafa allt í hófi, bara eins og okkur langaði helst til að hafa umgjörðina,“ segir Arndís.

Þegar hún er spurð hvort þessi dagsetning hafi einhverja þýðingu fyrir þau, svarar hún: „Karlinn minn á erfitt með að muna dagsetningar. Þegar við trúlofuðum okkur gerðum við það 1. apríl. Hann hefur aldrei getað gleymt þeim degi. Það var því ágætt að hafa brúðkaupið 1. júlí í góðu veðri,“ segir hún.

## Vöndur úr lúpínum

Arndís segir að þau hafi valið Kálfatjarnarkirkju vegna þess hversu falleg hún er auk þess sem hún er í þeirra sveitarfélagi. „Mér finnst kirkjan yndisleg og á svo fallegum stað,“ segir hún. Það var séra Kjartan Jónsson sem gaf þau saman. „Þessi dagur var geggjaður. Við vöknuðum snemma og fórum út að tína blóm í brúðarvöndinn. Ég bjó hann til sjálf úr lúpínum. Ég hafði samband við nokkra blómaskreytingamenn en þeir treystu sér ekki til að útbúa blómvönd með lúpínum. Ég vildi hafa blómin frjálsleg og vöndinn lafandi og fékk ráðleggingar um að ég yrði að tína blómin sama dag svo þau myndu haldast falleg. Það voru allir mjög hrifnir af vendinum,“ segir Arndís sem er mikil handavinnukona og flest allt föndur leikur í höndunum á henni.

## Í kúrekafötum frá Nashville

Kjóllinn var sérsaumaður hjá Evuklæðum og mágkona mín, Sigrún Kristjánsdóttir, var álitsgjafinn minn. Ég teiknaði grunnhugmyndina sjálf og þessar yndislegu konur hjá Evuklæðum saumuðu. Ég fann mig strax í þessum kjól. Róbert fékk hins vegar brúðarfötin sín í Nashville. Hann hefur alltaf langað í kúrekaföt enda hlustar hann mikið á kántrítónlist. Við fórum í ferðalag til Nashville og þar fékk hann allan gallann og var virkilega sáttur með sig. Róbert hefur alltaf verið einhvers konar kúreka-indíáni í sér og hefur gengið í kúrekastígvélum frá því ég kynntist honum,“ útskýrir Arndís og segir að ferðin til Nashville hafi verið í þeim tilgangi að kynnast tónlistinni.

Það var þó ekki leikin slík tónlist í kirkjunni á brúðkaupsdaginn. „Nei, við áttum okkar lög sem við lékum mikið á ferðalagi um landið þegar við vorum að byrja saman. Hann valdi eitt lag með Neil Young og ég annað með Eagles. Síðan var eitt sameiginlega valið, You've Got a Friend, með James Taylor. Okkur hefur alltaf þótt vinátta skipta miklu máli í sambandinu. Við höfum alltaf verið góðir vinir og erum jafnskotin hvort í öðru og fyrst þegar við hittumst. Ég er tíu árum yngri en Róbert og það hefur aldrei skipt máli, hann er fæddur 1950 og ég 1960. Maður er bara eins gamall og maður vill vera,“ segir Arndís.

## Sérstök boðskort

Arndís útbjó sérstök boðskort sem hún keypti á indianweddingcard.com sem er eins konar pappírsrolla, líkt og handrit sem sent var til hefðarfólks fyrr á öldum. Kortið var upprúllað og fallegt band utan um og síðan sett í gjafaöskju. Arndís segir að hún hafi sett öll kortin í póst sama dag en bróðir hennar í Noregi fékk það fyrst.

Arndís segir að þau hafi boðið nánustu fjölskyldu í brúðkaupið, börnum þeirra, mökum, barnabörnum, systkinum og mökum auk foreldra hennar. Foreldrar Róberts eru fallnir frá. Við buðum öllum út að borða í Hörpu og það var virkilega flott og skemmtilegt. Okkur langaði auðvitað að bjóða miklu fleirum en ákváðum að njóta dagsins vel með okkar nánasta fólki og hafa tíma fyrir það. Þetta var svo gaman allan daginn að ég get varla lýst því,“ segir Arndís.



Gengið inn í Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd.



Arndís og Róbert á stóra deginum.



Brúðarkossinn í íslenskri náttúru.

## Range Rover í morgungjöf

Þegar Arndís er spurð hvort lagalegt mál hafi flýtt fyrir giftingunni svarar hún því játandi. „Við erum að eldast og vildum hafa þessi bönd á milli okkar,“ segir hún. Róbert var ekkert að spara við sig þegar hann gaf frúnni Range Rover í morgungjöf sem kom brúðinni að sjálfsögðu mikið á óvart.

Þau hjónin hafa svipuð áhugamál, stunda stangveiði og ferðast mikið um landið. Arndís hnýtir flugur í frístundum en þau fóru í brúðkaupsferð í Sæmundará þar sem þau nutu sín við veiðar í nokkra daga.




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is



Ný lína frá Digel, Ceremony Vintage. Þessi glæsilegu jakkaföt kosta 49.900, vestið 14.900, skyrtan 9.900 og sixpensarinn 5.900. MYND/VERSLUN GUÐSTEINS

# Verslun með einstaka sögu og vandaða vöru

Verslun Guðsteins Eyjólfssonar við Laugaveg verður 100 ára á þessu ári. Verslunin hefur séð tímana tvenna en alltaf verið í fararbroddi þegar kemur að glæsilegum og vönduðum fötum á góðu verði.

Verslun Guðsteins Eyjólfssonar við Laugaveg í Reykjavík hefur starfað í heila öld á þessu ári. Hún hefur lífgað upp á stíl Íslendinga í langan tíma og fyrir löngu fest sig í sessi sem hluti af verslunarlífi landsins.

Verslunin leggur áherslu á vandaðan herrafatnað á hagstæðu verði og selur hágæða vörur frá íslenskum, þýskum, dönskum, ítölskum og enskum framleiðendum. Þökk sé áralöngum traustum viðskiptasamböndum og hagstæðum innkaupum getur verslunin boðið sérlega gott verð og mikið úrval.

„Herrafataverslun Guðsteins fagnar 100 ára afmæli á þessu ári og það er ýmislegt spennandi fram undan hjá okkur núna í tengslum við að fagna þessu afmæli í haust,“ segir Sólveig Grétarsdóttir, rekstrarstjóri verslunarinnar.

„Verslun Guðsteins selur mörg góð og vönduð vörumerki. Til dæmis þýska vörumerkið Digel, sem býður upp á úrval jakkafata og stakra jakka, sem og ýmsa fylgihluti, eins og skyrtur, bindi og belti. Núna nýlega bættu þeir líka við mjög skemmtilegri línu af skóm, sem er að sjálfsögðu hægt að fá hjá okkur. Hönnun Digel er mjög vönduð og falleg en á sama tíma á sanngjörnu verði.

Digel býður líka upp á alls kyns mismunandi stærðir, sem henta



mönnum af mismunandi stærðum, hvort sem þeir eru hávaxnir eða lágvaxnir, grannir eða þykkir,“ segir Sólveig. „Digel er líka með svokallaða Ceremony línu, sem er hátíðarlína sem hentar sérstaklega vel fyrir herramenn sem eru á leið í brúðkaup.

Við getum aðstoðað herrann við að velja jakkaföt, hvort sem það eru þessi klassísku svörtu og bláu eða úr Ceremony línunni, en við getum sérpantað úr þeirri línu, beint frá framleiðanda,“ segir Sólveig. „Svo erum við líka með alveg frábæra saumakonu hjá okkur, sem getur séð um allar nauðsynlegar breytingar á buxum og jökkum sem er verið að kaupa.

Við bjóðum líka upp á mjög mikið úrval af ýmsum fylgihlutum, eins og bindum, slaufum og

**„Verslunin býður sérlega gott verð og mikið úrval.**

skyrtum,“ segir Sólveig. „Við erum með skyrtur frá Olymp og Bosweel sem eru til í þremur víddum, slim fit, body cut og classic fit eða comfort fit.

Eitt af því sem gefur okkur svo sterka stöðu er að við getum boðið upp á föt og þjónustu fyrir margar kynslóðir, hvort sem það eru ungir menn, pabbar, afar eða langafar. Þannig getum við klætt herramenn frá einni kynslóðar til annarrar,“ segir Sólveig. „Það er alveg frábært og virkilega dýrmætt, því það getur tryggt samhengi í stíl þeirra, sem getur auðvitað verið skemmtilegt, en það gerir það líka bara svo miklu skemmtilegra og auðveldara fyrir herramenn af ólíkum kynslóðum að koma til okkar saman til að gera sig fína. Slík þjónusta á líka mjög vel við verslun sem á sér 100 ára sögu.“



Þessi klassísku jakkaföt kosta 49,900, vestið 14,900 og slaufan 6,900. MYND/VERSLUN GUÐSTEINS



Sólveig segir að hjá Verslun Guðsteins Eyjólfssonar sé hægt að fá vönduð og glæsileg föt á sanngjörnu verði. MYND/ANTONBRINK

# Ástin kviknaði í útilegu

**Hjónin Valgerður Sigurðardóttir og Friðbjörn Björnsson hafa verið gift í tæp 47 ár. Þau segjast heppin með hvort annað og hlakka til að vakna á morgnana og horfa til hvers nýs dags. Í farsælu hjónabandi segja þau mikilvægt að gefa hvort öðru svigrúm.**



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Það er ekki sjálfgefið að eiga farsælt hjónaband í nær hálfa öld en það þekkja hjónin Valgerður Sigurðardóttir (Vala) og Friðbjörn Björnsson (Böddi) úr Hafnarfirði sem hafa verið gift í tæp 47 ár. Þau segjast hafa verið heppin með hvort annað og hlakka til að vakna á morgnana og horfa til nýs dags. Besta ráðið sem þau geta gefið ungum brúðhjónum er að gefa hvort öðru svigrúm og leyfa hinum aðilanum að njóta sín á eigin vettvangi. „Hann Böddi er t.d. mikill veiði-, golf- og útivistarmaður og ég hef lengi verið í félags- og stjórnmálum. Núna gegni ég t.d. stöðu formanns Félags eldri borgara í Hafnarfirði en við höldum upp á 50 ára afmæli félagsins á næstu dögum. Áhugamál okkar beggja eru tímafrek en okkur hefur tekist vel að vinna úr því. Við eigum svo líka sameiginleg áhugamál og hjálpuðumst að heima fyrir með eldamennsku og uppeldi og nutum þá hvort á sinn hátt þess sem við vorum að gera, áhyggjulaus," segir Vala.

## Halda upp á daginn

Vala og Böddi ólust upp og gengu saman í skóla í Garðahreppi sem nú heitir Garðabær. Böddi segist hafa fallið fyrir Völu því hún hafi verið bæði sæt og skemmtileg meðan hún segist hafa heillast af því hversu flottur fótboltamaður hann hafi verið auk þess að vera fyndinn og skemmtilegur. „Við áttum ekkert formlegt fyrsta stefnumót heldur fórum við að vera saman í útilegu sem var haldin á vegum æskulýðsfélagsins þetta sumarið. Við vorum komin í foreldra- og íbúðarkaupendahlutverkið innan við tvítugt þannig að ábyrgðin var mikil á þessum fyrstu árum eins og tíðkaðist gjarnan á þessum tíma. Við vorum bæði að stíga okkar fyrstu skref að heiman og því tók það smá tíma að fóta sig en okkur tókst það," segir Böddi.

Þau giftu sig 19. desember árið 1971 og hafa haldið upp á daginn frá því þau áttu tíu ára brúðkaupsafmæli. „Þennan dag höfum við lengi nýtt í að gera eitthvað fyrir bara okkur tvö, t.d. farið saman á hótel yfir nóttina eða út að borða og átt notalega kvöldstund saman. Þegar við fögnuðum t.d. 20 ára brúðkaupsafmæli okkar fórum við á Hótel Örk í Hveragerði og vorum ein á hótelinu því allir voru heima að undirbúa jólin. Fyrir vikið fengum við afbragðs þjónustu."

## Ógleymanlegur dagur

Hjónin ráku saman fiskverkun í fimmtán ár og segja þau þessi ár hafa verið góðan tíma fyrir hjónabandið og fjölskylduna. „Við framleiddum saltfisk og skreið og stóðum sjálf í útflutningi seinni árin. Stelpurnar okkar þrjár höfðu gaman af því að vera með okkur þótt þær hafi ekki verið háar í loftinu í byrjun og var það fjölskyldulífinu ómetanlegt. Auðvitað tókum við oft vinnuna með okkur heim þar sem verkunin var það sem líf okkar snerist um. Það sem hefur sjálfsagt haft jákvæð áhrif á þessa miklu samveru okkar var hvað þetta var allt gaman. Lífið var sannarlega saltfiskur í þá daga."

Vala og Böddi endurnýjuðu heit sín þegar Böddi varð sextugur árið 2012. Hann segir það hafa verið sína hugmynd. „Mig langaði alltaf að kvænast Völu aftur þar sem ég var svo ungur þegar við giftum okkur. Ég var líka ákveðinn í að gera eitthvað ógleymanlegt þegar ég yrði sextugur. Við byrjuðum daginn á því að bjóða gestum í golfmót á Úthlíðarvelli. Eftir mótið stormuðu gestir til Úthlíðarkirkju þar sem Kristján Valur vígslubiskup, vinur okkar, kom og blessaði samband okkar. Um kvöldið var haldin veisla að sveitasið."

## Gæðastundir eru góðar

Þau hlakka bæði til næstu ára og eru staðráðin í því að njóta lífsins. „Við erum bæði búin að ganga í gegnum veikindi undanfarin ár. Ég fékk brjóstakrabbamein og Böddi hefur farið þrisvar sinnum í hjartaþræðingu og vonum við að sá kafli sé endanlega að baki. Golfið er á hraðri leið með að verða sameiginlegt áhugamál okkar og svo eigum við samhenta fjölskyldu í dætrum okkar þremur og tengdasonum, átta barnabörnum og tveimur langömmu- og langafabörnum. Það hefur verið ánægjuefni fjölskyldunnar að ferðast, fyrst í tjaldi og svo í tjaldvagninum. Kannski hefur upphaf sambands okkar haft þau áhrif á okkur, hver veit," segir Vala.

Þau segjast gera sér grein fyrir því að ung brúðhjón í dag búi í allt öðru og hraðara samfélagi en þau, þegar þau hófu búskap fyrir nærri hálfri öld síðan. „Umhverfið gerir meiri kröfur til ungs fólks í dag en áður. Það keyra færri um á lélegum bílum og búa í rúmlega fokheldum húsum, eins og margir gerðu hér á árum áður. Við hvetjum því ungt fólk til sjálfstæðis og að haga seglum eftir þeirra eigin vindaspá. Einnig er gott að eiga gæðastundir í ró og næði þar sem þau geta spjallað um heima og geyma og gleymt skyldum hverdagsins."



Valgerður Sigurðardóttir og Friðbjörn Björnsson ásamt dætrum sínum þremur. Í þessari samhentu fjölskyldu eru auk þeirra tengdasynirnir, átta barnabörn og tvö langömmu- og langafabörn.



Valgerður og Friðbjörn endurnýjuðu heit sín í Úthlíðarkirkju árið 2012.



Nýgift hjón þann 19. desember árið 1971.



Friðbjörn og Valgerður hlakka til næstu ára og eru staðráðin í því að njóta lífsins í botn.






ROYAL COPENHAGEN · WMF · GEORG JENSEN DAMASK · stelton · KOSTA BODA · GEORG JENSEN · eb erik bagger · LINDDNA · Villeroy & Boch · LE CREUSET · KitchenAid

# Vandaðar brúðargjafir

*Brúðhjón sem stofna brúðargjafalista hjá Kúnígúnd*
*fá 15% kaupauka frá versluninni.*

*Setjið saman ykkar eigin brúðargjafalista á kunigund.is*
*eða komið við í einni af verslunum okkar og fáið aðstoð.*







**KÚNÍGÚND**

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

# Sagði tíu sinnum já!

**Það var ást við fyrstu sýn þegar Björg Vignisdóttir og Trausti Þorgeirsson litu hvort annað augum í fyrsta sinn. Sléttu ári síðar barst bónorðið og nú verður ævinlega frí á brúðkaupsafmælinu.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is





Hjónin Björg Vignisdóttir og Trausti Þorgeirsson. MYND/STEFÁN



Brúðartertan frá 17 sortum var sérbökuð fyrir brúðhjónin og börnin þrjú.



Björg og Trausti nýgift og hamingjusöm á leið sinni út í lífið saman.



Glæsilegan brúðarkjólinn fann Björg í Brúðarkjólaleigu Katrínar.

Við Trausti kynntumst á Tinder og allt gerðist frekar hratt. Við spjölluðum saman í þrjá daga og hittumst svo á kaffihúsi og það var ást við fyrstu sýn!“ segir Björg Vignisdóttir sem fann ástina óvænt á vinsælasta stefnumótaforriti veraldar.

„Ég skráði mig á Tinder fyrir tilstilli vinkvennahópsins sem fannst að ég ætti að vera opin fyrir því, sem ég var ekki. Þetta var eins hjá Trausta. Vinirnir hvöttu hann til að skrá sig á Tinder. Við vorum því nýlega komin inn þegar við fundum hvort annað og þegar ég sá fyrstu myndina af honum fannst mér hann mjög spennandi og hann heillaði mig strax.“

Björg leit Trausta Þorgeirsson fyrst augum í gegnum glugga kaffihúss sem þau völdu fyrir fyrsta stefnumót sitt, 26. nóvember 2015.

„Um leið og ég kom auga á hann var ég kolfallin,“ segir Björg. „Á kaffihúsinu áttum við svo frábært samtal, urðum bálskotin hvort í öðru og höfum verið óaðskiljanleg síðan.“

## Bónorð við Skógafoss

Björg er 38 ára félagsráðgjafi sem starfar sem kennari við barnaskóla Hjallastefnunnar en Trausti er 35 ára hugbúnaðarverkfræðingur sem kennir stærðfræði og tölvunarfræði við Menntaskólann í Reykjavík.

„Bónorðið var borið upp á eins árs afmælinu okkar Trausta, 26. nóvember 2016. Í tilefni af því ákvað ég að bjóða honum í rómantíska gistingu í Vík í Mýrdal. Á leiðinni stoppuðum við í Skógum þar sem við settumst á bekk undir Skógafossi og ég hallaði mér þétt að Trausta. Úti var ískalt og tignarlegur fossinn í klakaböndum en þar sem við sátum hélt Trausti undurfallega tölu og dró svo fram lítið, sætt, rautt box og spurði hvort ég vildi giftast honum,“ segir Björg og þurfti engrar umhugsunar við.

„Ég held ég hafi sagt tíu sinnum já! Ég þurfti ekkert að hugsa mig um. Og þótt bónorðið hafi sannarlega komið á óvart varð ég ekki svo hissa því við Trausti vissum frekar fljótt, þótt við hefðum ekki sagt það, að við værum mjög svo til í að giftast hvort öðru.“

Björg er ekki í vafa um hvers vegna hún vildi gefast Trausta.

„Ég vildi giftast Trausta af mörgum ástæðum. Við deilum saman lífsins gildum, hann er svakalega skemmtilegur lífsförunautur og kímnigáfa hans er frábær. Það er eitthvað í Trausta sem ég elskaði strax og sannfærði mig um að vilja virkilega deila með honum lífinu.“

## Ákveðin í að eiga lífið saman

Hjónaefnin Björg og Trausti ákváðu að láta ekki langan tíma líða á milli trúlofunar og giftingar.

„Við vildum giftast sem fyrst því við vorum svo einörð og ákveðin í að verja lífinu saman. Við völdum föstudaginn 16. júní 2017 sem brúðkaupsdag og vorum gefin saman á sólbjörtum sumardegi. Okkur fannst heillandi tilhugsun að það yrði alltaf þjóðhátíð og frí daginn eftir brúðkaupsafmælin okkar í framtíðinni,“ útskýrir Björg broshýr.

Brúðkaupið fór fram í Fríkirkjunni í Reykjavík og var athöfnin óhefðbundin að ósk brúðhjónanna.

„Við Trausti erum hvorugt í þjóðkirkjunni og eigum bæði eftir að finna okkar guð. Því gáfu okkur saman besti vinur okkar, Konráð Jónsson, og fulltrúi sýslumannsins sem gekk frá skrifinnskunni,“ upplýsir Björg.



Brúðhjónin fyrir utan Fríkirkjuna á gamaldags hjóli með brúðarvagni.

Brúðkaupsveislan var skemmtileg og fór fram í veislusal Bergsson á Granda, rétt við spegilsléttan sæinn. Gestir voru nánasta fjölskylda og vinir, um 90 manns, og Bergsson galdraði fram gómsæta smárétti.

„Brúðkaupstertan var marglaga kaka frá 17 sortum en gestirnir fengu ekki sneið. Bara við Trausti og svo tókum við hana með heim og gáfum krökkunum með okkur. Brúðkaupsgestirnir fengu aðra dýrindis eftirrétti,“ segir Björg sem á eitt barn úr fyrra sambandi og Trausti tvö.

## Ítalskir hveitibrauðsdagar

Björg hafði dálitla fordóma fyrir brúðarkjólaleigum þegar hún tók sér ferð á hendur í Brúðarkjólaleigu Katrínar í Mjódd með systrum sínum og vinkonum.

„Konan sem tók á móti okkur horfði á mig upp og niður en hvarf svo baka til og birtist með hvítan brúðarkjól. Ég hugsaði með mér: „Guð minn almáttugur, hún er ekki að lesa mig rétt“ og mátaði örugglega fimmtíu kjóla áður en ég samþykkti að máta þann fyrsta sem hún ætlaði mér. Hann reyndist auðvitað fullkominn og ég þurfti ekki að leita lengra,“ segir Björg og hlær að minningunni.

Hugurinn hvarflar til baka, að brúðkaupsdegi þeirra Trausta.

„Það er tvennt sem stendur upp úr,“ segir Björg dreymin. „Það var þegar foreldrar mínir leiddu mig inn kirkjugólfið, ég sá Trausta standa upp við altarið og við horfðumst í augu í fyrsta sinn í kirkjunni. Það augnablik mun aldrei líða mér úr minni. En líka þegar við löbbuðum saman heim af Bergsson orðin hjón, en við búum skammt frá. Þá var kominn þjóðhátíðardagur í íslenskri og bjartri sumarnóttinni og við svo innilega fín og nýgift. Það fer enn um mig sæluhrollur þegar ég hugsa um þá hamingju og rómantík.“

Brúðkaupsnæturinnar nutu hjónin heima en daginn eftir fóru þau tvö í tíu daga brúðkaupsferð til Toskana á Ítalíu.

„Þar áttum við rómantíska hveitibrauðsdaga í bænum Greve í Chianti-héraðinu. Við höfðum húsaskipti, fengum þar yndislega íbúð og værum strax til í að fara þangað aftur!“ segir Björg í einlægri væntumþykju fyrir ástarsögu þeirra Trausta.

„Að giftast gerði samband okkar Trausta enn sterkara. Við urðum hjón og það er mikil sameining. Ég fann hvað ástin varð enn fegurri og dýpri.“

Spurð hvort hún mæli með því að giftast, svarar Björg: „Ég mæli 300 prósent með giftingu. Það er bara eitt stórt já við því. Allir sem eiga það eftir eiga gott í vændum. Þetta er stórkostleg upplifun og maður verður hreinlega svekktur þegar dagurinn er búinn. Okkur þótti líka undurvænt um undirbúninginn. Við vorum dugleg að njóta hvers skrefs og ég man ekki eftir mínútu þar sem við vorum stressuð. Hvort sem það var að velja kökuna, kjólinn, salinn eða annað varð það allt að mikilvægum og eftirminnilegum skrefum í átt að hamingjunni sem á að endast ævina út.“







kr. 33.200


Churchill sófi 252 cm kr. 286.400


kr. 39.800


Væntanlegt


kr. 16.900


Hook snagar frá kr. 2.900


Motta 170x240 kr. 49.900


kr. 4.900


kr. 93.800


kr. 19.900


Vegghilla 65x35 kr. 5.900


Púði 43x30 kr. 6.600


kr. 9.400

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



Frábært úrval af bindum frá Stenströms, Emporio Armani, Eterna, Monti, Polo Ralph Lauren og Tino Cosma.



Jakkaföt frá Corneliani, skyrta, bindi og klútur frá Stenströms.



Mikil sprenging hefur orðið í sérsaumuðum jakkafötum hjá Herragarðinum síðustu ár.



Fallegir skór í miklu úrvali frá Lloyd, Barker og Sand. MYNDIR/ANTON BRINK

# Manni á að líða vel í jakkafötum

**Herragarðurinn býður upp á ótal lausnir fyrir karlmenn þegar kemur að brúðkaupsklæðnaði, m.a. jakkaföt og smókinga frá Giorgio Armani, Sand og Hugo Boss. Sífellt fleiri kjósa að láta sérsauma á sig brúðkaupsfötin.**



Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, verslunarstjóri Herragarðsins í Kringlunni, ásamt Alvaro Calvi, yfirmanni sérsaumsdeildar Herragarðsins. MYND/GVA

Herragarðurinn hefur í áratugi verið í fremstu röð þegar kemur að herrafötum hér á landi. Með hækkandi sól fara margir að huga að brúðkaupsklæðnaðinum og eru Herragarðsmenn með ótal lausnir í þeim málum að sögn Vilhjálms S. Vilhjálmssonar, verslunarstjóra Herragarðsins í Kringlunni. „Við höfum séð síðustu ár að íslenskir karlmenn leggja meiri áherslu á að eiga vönduð föt fyrir stóra daginn og eru alls kyns útfærslur á því hvernig sá klæðnaður á að vera. Við bjóðum auðvitað mikið úrval af jakkafötum og smókingum frá t.a.m. Giorgio Armani, Sand og Hugo Boss sem eru allt merki sem þarf varla að kynna.“

Hins vegar hefur orðið sprenging hjá Herragarðinum undanfarin þrjú ár þegar kemur að sérsaumuðum fötum bætir hann við. „Við tökum eftir því að kröfur um gæði og ákveðið sérvalið útlit hafa stóraukist og því er sérsaumurinn fýsilegur og skemmtilegur kostur. Um er að ræða línu Herragarðsins sem gengur einfaldlega undir nafninu Herragarðurinn-sérsaumur. Viðskiptavinur getur valið úr hundruðum efna og valið um hvert einasta smáatriði í fötunum eins og lit á fóðri, tölur, snið og allt það sem hugurinn girnist.“

## Frjálslegri í dag

Varðandi ýmis smáatriði er margt skemmtilegt hægt að gera segir Vilhjálmur. „Ein skemmtilegasta hugmyndin sem kom frá viðskiptavini var að setja brúðkaupsdaginn á fötin. Þá settum við dagsetninguna undir boðunginn auk þess sem hægt er að merkja fötin og sauma inn í fóðrið. Þá er iðulega sett nafn brúðgumans en sumir setja nafn konunnar.“

Hann segist hafa tekið eftir því að mörgum þyki mikilvægt að eiga eitthvað sérstakt í tengslum við stóra daginn. Ekki dugi að vera í n.k. svörtum einkennisbúningi heldur sé skemmtilegt að krydda útlitið með sérvöldu efni. Einnig er gaman þegar feðgar eða karlmenn í heilu fjölskyldunum vilja vera í sérsaumuðum fötum á þessum mikilvæga degi. „Þegar ég byrjaði í herrafatabransanum fyrir um 20 árum var algengast að menn giftu sig í svörtum smóking og á það enn við. Í dag eru menn hins vegar mun frjálslegri í að breyta til og velja oft dökkbláan sem er einmitt upprunalegi liturinn á smóking. Einnig hef ég tekið eftir að mörg brúðkaup eru haldin í sveitinni og þá er klæðnaðurinn oft óformlegri, jafnvel stakur jakki eða ljósari litir sem hæfa umhverfinu. Það passar auðvitað ekki að vera í svörtum smóking í sveitabrúðkaupi.“

## Gott samband

Vilhjálmur segir starfsmenn Herragarðsins ávallt leggja sig fram við að mynda gott samband við viðskiptavini sína og losa þá við valkvíðann. „Viðskiptavinurinn kemur kannski með ákveðnar hugmyndir og við leiðum hann á beinu brautina. Einfaldast er að bóka tíma hjá okkur þar sem fagmaður mun aðstoða við efnisvalið og mæla menn á alla kanta. Sérsaumur getur oft verið nauðsynlegur upp á að fötin passi vel og svo sjáum við smáatriði sem menn vita jafnvel ekki um, eins og að önnur öxlin er jafnvel lægri en hin eða að fætur séu mislangir. Þá er gaman að stilla það af og þannig munu fötin passa betur. Manni á að líða vel í jakkafötum og hvað þá á stóra deginum.“

Hann bendir á að einfaldast sé að panta tíma á mtm@herragardurinn.is en frá mælingu líða fimm vikur þar til fötin koma í hús. „Þá er alltaf önnur mátun þar sem við stillum smáatriðin af ef þarf. Einnig bjóðum við upp á sérsaumaðar skyrtur og eigum auðvitað alla fylgihluti sem þurfa að fylgja með, t.d. réttu skóna, bindi, klúta og belti. Svo má að sjálfsögðu ekki gleyma að fá sér nýja sokka á brúðkaupsdaginn.“


EMPORIO ARMANI
BOSS
HUGO BOSS
POLO
RALPH LAUREN
SAND
COPENHAGEN
Stenströms
eterna
CORNELIANI
JACOB COHËN
PT01
pantaloni torino
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
herra GARÐURINN
sérsaumur

# Hjónaband tryggir réttindi

**Hverju breytir það að gifta sig þegar hægt er að skrá sig í sambúð? Fagstjóri hjá sýslumanni segir erfðamál veigamesta atriðið. Kaupmálar séu algengir á Íslandi.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Rómantískari atriði en kaupmála og erfðarétt má vel hugsa sér í tengslum við giftingar. Þetta eru þó atriði sem vert er að huga að. Óskar Sturluson, fagstjóri fjölskyldudeildar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, segir að í daglegu lífi finni fólk kannski ekki mikinn mun á því að vera í skráðri sambúð eða í hjónabandi, lagalega séð. Framfærsluskylda sé þó milli hjóna en ekki milli fólks í sambúð. Stærsta atriðið lúti að erfðamálum. Við andlát þurfi að skipta búi þegar fólk er í sambúð en þegar um hjónaband er að ræða getur eftirlifandi maki átt rétt á að sitja í óskiptu búi. Ekki sé erfðaréttur milli einstaklinga í sambúð.

„Meginreglan er sú að einstaklingur á það sem hann er skráður fyrir og skuldir hans tilheyra honum,“ segir Óskar. „Þegar einstaklingar eru í sambúð er ekki erfðaréttur milli þeirra nema beinlínis hafi verið gerð erfðaskrá um það. Við hjónaband verða hins vegar allar eignir hjúskapareignir, nema annað sé sérstaklega ákveðið, og á þá hvor maki um sig rétt á eignum hins. Hjón bera þó ekki ábyrgð á skuldum hvort annars. Ekki er því hægt að ganga á eignir annars fyrir skuldum hins, undantekningin á því eru þá helst skattaskuldir,“ segir Óskar.

### Hvað er framfærsluskylda?

„Einstaklingar í hjónabandi bera framfærsluskyldu hvor á öðrum og bera ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar en það á ekki við um fólk í sambúð. Ef til skilnaðar fólks í hjónabandi kemur getur annar aðilinn því átt kröfu á hinn að hann haldi áfram þessari framfærsluskyldu um einhvern tíma. Það heitir þá lífeyrir í hjúskaparlögum og almennt talað um 6 til 12 mánuði. Þetta er fyrst og fremst hugsað ef annar aðilinn hefur ekki verið útivinnandi og að hann hafi þá tækifæri til að afla sér menntunar eða hafi tíma til að komast út á vinnumarkaðinn til þess að geta tekið við framfærslu sinni sjálfur,“ segir Óskar.

Spurður hvort fólk geri yfirleitt kaupmála þegar það giftir sig segir Óskar það mjög algengt. Ýmist gangi fólk frá kaupmálanum áður en það gengur í hjónaband en einnig sé kaupmáli oft gerður eftir að fólk er gift.

„Í grunninn er þá kaupmáli um að einhver ákveðin eign skuli ekki verða hjúskapareign heldur séreign viðkomandi. Við skilnað eða andlát er sú eign því fyrir utan sameiginlegt bú. Þetta er tiltölulega algengt og kannski algengast ef stór munur er á því sem fólk hefur með sér inn í hjónabandið. Þá getur það skipt máli hvort fólk hefur áður verið gift og á jafnvel börn frá fyrra hjónabandi. Þá er mögulega verið að tryggja þeirra hag með því að tilgreina ákveðnar eignir sem séreign,“ segir Óskar en kaupmálar geti verið af ýmsum toga.

„Það er einnig hægt að gera kaupmála sem kveður á um að einhverjar eignir skuli vera séreignir, en við andlát verði þær hjúskapareignir. Þá eru þær einungis séreignir ef til skilnaðar kæmi. Varðandi gerð kaupmála og erfðaskrár ráðlegg ég fólki að leita aðstoðar lögmanns.“



Fagstjóri fjölskyldudeildar hjá sýslumanni segir ákveðin réttindi fylgja hjónabandi sem vert sé að huga að.



# Brúðurin á að vera hún sjálf

## Brúðir vilja líta eins vel út og hugsast getur á brúðkaupsdaginn. INIKA vörurnar eru náttúrulegar hágæða förðunarvörur sem sitja fallega á húðinni og gefa fallega og náttúrulega áferð.

Mikilvægt er að hugsa vel um húðina fyrir stóra daginn. Margrét R. Jónasar, förðunarmeistari fer yfir nokkur ráð til þess að hugsa vel um húðina fyrir stóra daginn.

„Það er gott að byrja að undirbúa húðina minnst þremur mánuðum fyrir brúðkaupið,“ segir Margrét. „Borgar sig að huga að góðu mataræði, vítamíninntöku eins og C-vítamíni í duftformi og að velja náttúrulegar húðvörur og förðunarvörur sem næra. Það skiptir miklu máli að hugsa vel um húðina með því að hreinsa hana kvölds og morgna, skrúbba með mildum kornahreinsi 2-3svar í viku og velja andlitsmaska sem henta húðgerðinni.“

Þá bendir hún á að það megi ekki gleyma líkamanum. „Það er upplagt að þurrskrúbba húðina áður en farið er í sturtu á morgnana. Það hjálpar sogæðakerfinu að losa eiturefni, stinnir húðina, fjarlægir þurrk og losar bjúg. Í sturtunni er gott að bera á líkamann góða olíu, þá fer rakinn inn um leið og olíunni er strokið á líkamann.“

Ef svo óheppilega vill til að það kemur erting eða útbrot á húðina rétt fyrir stóra daginn er, að sögn Margrétar, best að kreista ekki heldur bera á góðan vökva sem þurrkar bóluna. „Ef húðin er stressuð er gott að bleyta þvottapoka með kamillutei og leggja yfir andlitið í 10-15 mínútur til að róa. Á brúðkaupsdaginn er auðvelt að fela útbrot með þéttum hyljara.“

Það sem þarf að íhuga fyrir brúðarförðun er að ákveða hvort viðkomandi ætlar að farða sig sjálfur eða leita til fagaðila. „Síðan þarf að ákveða hvernig förðun hentar og velja liti sem fara brúðinni vel, hvað passar við húðlit, háralit og augnlit. Mikilvægast finnst mér að brúðurin sé ekki meira förðuð en vanalega og sé hún sjálf,“ segir Margrét að lokum.



Margrét R. Jónasar, förðunarfræðingur og eigandi Mstore.is

> Mikilvægast finnst mér að brúðurin sé ekki meira förðuð en vanalega og sé hún sjálf.

### Förðunin sjálf

Hér sýnir Hildur Sif Hauksdóttir létta brúðarförðun með lífrænu förðunarvörunum frá INIKA.

„Það er mikilvægt á stórum degi líkt og brúðkaupsdegi að undirbúa húðina vel,“ segir Hildur Sif förðunarfræðingur. „Fyrsta skrefið er að nota primer. Primerinn frá INIKA gefur mikinn raka og hjálpar farðanum að haldast lengur fallegur. Næsta skref er að fá fallega áferð og þar nota ég meikið frá INIKA sem gefur fallega náttúrulega þekju. Til að hylja svæði sem þurfa meiri þekju nota ég hyljarann frá INIKA sem inniheldur meðal annars Aloe vera sem hjálpar húðinni að halda í raka. Oft á húðin það til að glansa á sérstökum svæðum og því nota ég laust matt púður frá INIKA sem ég set undir augun, í kringum nefið og á ennið. Til þess að fá fallegan lit á andlitið nota ég sólarpúður frá INIKA yfir svæðin þar sem sólin myndi skína náttúrulega á andlitið – ennið, kinnbeinin og smá á nefið. Til þess að ná fallegum ljóma á húðina nota ég kinnalit efst á kinnbeinin. Fyrir augun var áherslan lögð á bronslitaða náttúrulega skyggingu þar sem ég nota augnskuggapalletuna frá INIKA. Því næst nota ég svartan blautan eyeliner frá INIKA sem inniheldur einungis náttúruleg efni sem erta ekki húðina, en það er mikilvægt fyrir förðun sem er nálægt augunum. Long Lash maskarinn frá INIKA var settur á augnhárin ásamt því að bæta við stökum gerviaugnhárum. Á varirnar var settur varablýantur í litnum Dusty Rose ásamt því að setja Organic Vegan varalit í litnum Nude Pink yfir varirnar en það er einnig gott að setja Organic Lip Serum til þess að halda í raka og gefa fallega glossáferð.“



Brúðarförðunin ætti að draga fram náttúrulega fegurð brúðarinnar. FÖRÐUN/HILDUR SIF MYND/EYÞÓR




INIKA vörulínan er breið og býður upp á fjölbreytt litaval sem ætti að henta öllum. Vörurnar eru allar litsterkar og því helst förðunin vel í langan tíma. Fáðu liti og hreinleika náttúrunnar með þér í lið með INIKA.

### INIKA vörurnar

INIKA er ástralskt vörumerki, sem býður upp á hágæða hreinar förðunarvörur. Öll vörulínan er náttúruleg, vegan, lífrænt vottuð og „cruelty-free“.

Við framleiðslu á vörunum eru notaðar jurtir og hrein steinefni sem næra húðina og bæta útlit hennar. Jurtaformúlurnar eru háþróaðar og hannaðar til að veita húðinni raka og næringu og þær eru skaðlausar og án allra gerviefna.

INIKA vörulínan er breið og býður upp á fjölbreytt litaval sem ætti að henta öllum. Vörurnar eru allar litsterkar og því helst förðunin vel í langan tíma. Fáðu liti og hreinleika náttúrunnar með þér í lið með INIKA.

INIKA vörurnar eru seldar á eftirfarandi sölustöðum; Systur & makar, www.mstore.is, Lyfjum & heilsu Kringlunni og Glerártorgi, Lyfju Lágmúla, Laugavegi & Smáratorgi, Hagkaupum Skeifunni & Akureyri, Íslands Apóteki.



„Bara það að kyssast alltaf hæ og bæ, t.d. á morgnana áður en haldið er til vinnu og svo þegar komið er heim síðla dags, hefur mikið að segja," nefnir Hrefna.



„Pör ættu ekki að vera hrædd við að tala saman ef ósætti kemur upp og alls ekki sópa óánægju undir teppið. Þá getur orðið algjör sprenging," segir Hrefna.

# Vináttan er límið í samböndum

## Hrefna Hrund Pétursdóttir sálfræðingur mælir með sex sekúndna löngum kossi kvölds og morgna og reglulegum stefnumótum til að viðhalda neistanum í sambandinu. Hún segir vináttuna límið sem heldur fólki saman.

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@frettabladid.is



Hvort sem fólk er gift eða í sambúð er gott að rifja reglulega upp hvernig sambandið var í upphafi og hvað það var sem kveikti neistann. Ný pör verja miklum tíma saman, tala saman, hafa mikinn húmor og fíflast saman og parið hefur auðvitað áhuga hvort á öðru. Þegar fólk hefur verið lengi saman og börn komin til sögunnar, vinnudagurinn langur og í mörg horn að líta er mikilvægt að taka frá tíma til að hlúa að sambandinu og reyna að finna jafnvægi í lífinu," segir Hrefna Hrund Pétursdóttir, sálfræðingur og annar eigandi Parameðferðar.

### Kyssast hæ og bæ

Hrefna segir gott að koma sér upp hefðum í sambandinu. „Bara það að kyssast alltaf hæ og bæ, t.d. á morgnana áður en haldið er til vinnu og svo þegar komið er heim síðla dags, hefur mikið að segja. Oft er talað um sex sekúndna koss, sem fólki finnst oft skondið, en á þeim tíma leysist út oxitosín sem er tengsla- og ástarhormón sem lætur fólki líða vel. Þess vegna er mikilvægt að pör séu í líkamlegri snertingu, knúsist og faðmist."

Regluleg stefnumót hafa líka mikið að segja og Hrefna mælir með að setja símana til hliðar a.m.k. eitt kvöld í viku. „Ég heyri á pörum sem koma til mín í ráðgjöf að símarnir eru miklir senuþjófar. Því er ráð að taka frá eitt kvöld í viku þar sem makinn fær alla manns athygli," segir Hrefna.

### Þakklæti og hrós mikilvægt

„Rannsóknir sýna að pörum sem sýna þakklæti og hrósa maka sínum vegnar betur en pörum sem gera það ekki. Sálfræðingur að nafn Gottman hefur rannsakað pör í meira en fjörutíu ár. Hann segir að þessir litlu hlutir í hversdagslífinu skipti miklu máli, eins og að sýna maka sínum að maður er með hann í huga sér. Auðvelt er að gera eitthvað lítið og dúllulegt til að sýna það, eins og að senda fallegt sms eða kaupa uppáhaldssúkkulaði makans. Eftir erfiðan vinnudag er hægt að láta renna í bað fyrir makann og leyfa honum að slaka á. Svo er líka gott að muna eftir að vera til staðar og hlusta, ekki síst ef eitthvað bjátar á."

### Rifrildi helsti vandinn

Helsti vandinn sem flest pör glíma við eru samskiptaerfiðleikar og rifrildi, að sögn Hrefnu. „Pör ættu ekki að vera hrædd við tala saman ef ósætti kemur upp og alls ekki sópa óánægju undir teppið. Þá getur orðið algjör sprenging og miklu erfiðara að leysa úr málunum. Ef rifrildi er komið í óefni er ráð að taka sér pásu og koma saman aftur eftir tuttugu mínútur. Á þessum tíma á ekki að hugsa um rifrildið heldur fara í stuttan göngutúr, setja í þvottavélina eða gera núvitundaræfingar eða eitthvað annað sem róar kerfið. Þetta verður oftast til þess að fólk sér hlutina í nýju ljósi. Ef makinn kemur með kvörtun ætti hinn aðilinn að reyna að vera forvitinn og komast að því hvað er á bak við óánægjuna. Mörg pör vilja ekki fara ósátt að sofa og rífast í marga klukkutíma en eftir langt rifrildi er skárra að fara í háttinn og ræða málin síðan óþreytt að morgni."

Fólk getur verið fast í vítahring rifrilda og segir Hrefna það vera greinilegt merki um að eitthvað þurfi að gera til að bæta sambandið. „Ég veit ekki nákvæmlega hvernig þetta er á Íslandi en í Bandaríkjunum leita pör of seint til ráðgjafa. Fólk hefur hugsað um það í allt að sex ár áður en það lætur verða af því."

Hún minnir á að öll pör lendi í sveiflum, bæði upp og niður og mikilvægt sé að pör ákveði hvað þau ætli að gera í niðursveiflu. „Ég mæli með að grípa inn í sem fyrst. Ég er ánægð með að sjá að yngra fólkið kemur gjarnan í ráðgjöf, oft til að fyrirbyggja sambandserfiðleika og það finnst mér skynsamlegt."








Heitir pottar, lúxusmeðferð og gufubað. Frábær slökun fyrir stóra daginn.

„Við erum með fjölmarga fallega veislusali. Hægt er að kaupa allar veitingar eftir óskum brúðhjóna og í raun allan pakkann fyrir brúðkaupið.

# Gerum daginn ógleymanlegan

**Þegar brúðkaupsdagurinn hefur verið ákveðinn getur Hilton Reykjavík Nordica séð um að veislan verði fyrsta flokks. Hægt er að panta brúðhjónasvítu, fara í spa og dekur fyrir og eftir brúðkaupið.**

Hjá Hilton Reykjavík Nordica er lögð áhersla á persónulega og góða þjónustu í afslöppuðu umhverfi. Ragnheiður Kristín Guðmundsdóttir, deildarstjóri Hilton Reykjavik Spa, segir mikilvægt að hefja undirbúning fyrir stóra daginn tímanlega. Í Hilton Reykjavík Spa er frábær líkamsræktaraðstaða með þjálfurum, margvíslegar nuddmeðferðir, snyrtistofa og heitir pottar þar sem gestum er boðið upp á herðanudd.

„Hilton Reykjavík Nordica býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir brúðhjón. Við erum með fjölmarga fallega veislusali. Hægt er að kaupa allar veitingar eftir óskum brúðhjóna og í raun allan pakkann fyrir brúðkaupið,“ segir Ragnheiður. Hún bendir á að það sé frábært fyrir brúðhjónin að undirbúa sig á Hilton Reykjavík Spa. „Margir vilja taka sig í gegn fyrir stóra daginn með öflugri líkamsrækt undir handleiðslu þjálfara.“

## Góður undirbúningur

Ragnheiður segir að góð afslöppun í snyrtimeðferð eða nuddi geri fólki mjög gott. „Við erum með margvíslegar meðferðir á snyrtistofunni okkar, til dæmis ávaxtasýrumeðferð sem er algjört dúndur fyrir húðina, og bæði fyrir dömur og herra. Sýrurnar fjarlægja dauðar húðfrumur og örva náttúrulega starfsemi og endurnýjun húðarinnar. Við erum sömuleiðis með vandaða andlitsmeðferð sem er bæði slakandi og endurnærir húðina. Þessi meðferð er mjög góð fyrir brúðina sem brúðgumann. Síðan er hægt að fara í hand- og fótsnyrtingu auk litunar og vaxmeðferða.

Margar konur koma til okkar í Body Strategist Cellulite vafning en það er virk meðferð sem vinnur á appelsínuhúð og örvar blóðrásina. Auk þess erum við með alls kyns nuddmeðferðir, hvort sem það er steinanudd, íþróttanudd, taílenskt eða japanskt svo eitthvað sér nefnt.

Við höfum fundið fyrir því að margir vilja byrja að undirbúa sig vel fyrir brúðkaupsdaginn. Pörin



Ragnheiður Kristín Guðmundsdóttir, deildarstjóri Hilton Reykjavík Spa.

koma oft saman í líkamsrækt til að byggja sig upp og við bjóðum aðstoð við mælingu og lífsstílsráðgjöf. Þau leggja af stað með verkefni til að undirbúa framtíðina saman. Það er mjög mikilvægt að vera andlega vel undirbúinn á brúðkaupsdaginn, losa sig við streitu og álag. Frábært að gefa sér tíma og byggja sig upp,“ segir Ragnheiður.

## Þægindi og góð þjónusta

Hægt er að óska eftir heildarpakka fyrir brúðkaupið hjá Hilton Reykjavík Nordica. „Öll svið vinna saman og geta útvegað veislusal, veitingar frá Vox, gistingu með morgunverði og aðgang að spa. Við leggjum mikið upp úr brúðarsvítunni og gefum til dæmis brúðhjónum gjöf við komuna. Einnig geta brúðkaupsgestir fengið gistingu hjá okkur. Lögð er áhersla á þægindi og góða þjónustu. Við viljum gera daginn ógleymanlegan fyrir brúðhjónin,“ segir Ragnheiður.

Á Hilton Reykjavík Spa er hægt að fá margvísleg gjafabréf sem henta vel til brúðargjafa. Hilton Reykjavík Spa er fyrsta flokks heilsurækt á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu og býður upp á allt það besta sem völ er á þegar kemur að líkams- og heilsurækt.

Nánar um líkamsrækt, námskeið og meðferðir á hiltonreykjavikspa.is og allt um hótelið á hilton.is.



Alls kyns snyrtimeðferðir eru í boði hjá Hilton Reykjavík Spa.



Hilton Reykjavík Spa býður m.a. upp á taílenskt nudd, jóga og spennandi hóptíma.



Frábær líkamsræktaraðstaða er í Hilton Reykjavík Spa í notalegu umhverfi.

# Skapandi nám í Handverksskólanum að baki

Þær Birna Sigurjónsdóttir, Eva Súsanna Muñoz, Gerða Kristín Lárusdóttir og Gígja Haraldsdóttir eru að ljúka eða hafa nýlega lokið námi í Handverksskólanum og eiga það sameiginlegt að hafa allar komið að undirbúningi brúðkaupa með einum eða öðrum hætti.

## Saumaði flöskugrænan og svartan brúðarkjól

Birna Sigurjónsdóttir er á lokaönn sinni í klæðskurði en hún er jafnframt menntaður fatahönnuður. Á undanförnum áratug hefur hún alloft tekið að sér að hanna og sauma brúðarkjóla en að klæðskeranáminu loknu sér Birna fyrir sér að mögulega verði meira um að hún saumi föt á brúðgumana. „Ég er einmitt að ljúka við að sauma smóking og næst tekur við að sauma kjólföt en það eru reyndar skólaverkefni,“ segir Birna og



Birna Sigurjónsdóttir er nemi í klæðskeranámi. MYND/STEFÁN

kveðst sannarlega tilbúin til að sauma á brúðhjón fyrir sumarið. „Já, þetta er svo skemmtilegt. Svo er ég að klára námið þannig að ég hef bætt við mig þekkingu og ætti að vera orðin nokkuð klár.“

Sem áður segir hefur Birna tekið að sér að sauma brúðarkjóla á undanförnum árum. Hún segist ekki endilega merkja að tískan hafi breyst mikið þegar kemur að kjólunum. „Þetta fer algjörlega eftir því hver er að gifta sig og við hvaða aðstæður.“ Hún minnist þess til dæmis fyrir nokkrum árum þegar hún var beðin um að sauma afskaplega óvenjulegan kjól. „Ég saumaði þá flöskugrænan og svartan brúðarkjól úr satínefni og blúndu. Hann var mjög óvanalegur en hrikalega flottur. Aðrir hafa flestir verið hvítir eða alla vega mjög ljósir.“

Hún segir að tilvonandi brúðir geti fylgst með kjólasaumnum frá upphafi til enda og að hún vinni kjólana gjarnan í náinni samvinnu við þær.

## Íslendingar einfaldir í vali

Gerða Kristín Lárusdóttir tekur sveinsprófið af gull- og silfursmíðabraut í vor en þangað til smíðar hún skartgripi alla daga hjá Metal Design við Skólavörðustíg og hefur gert undanfarna fjórtán mánuði. Gerða segir að öll nauðsynlegu undirstöðuatriðin hafi hún lært í skólanum en sérhæfðari reynsla fáist á verkstæðinu. „Maður lærir fyrst og fremst að vinna hratt og vel. Það er verið að smíða allan daginn og þannig nær maður hraðanum. Þá lærist svo margt annað, eins og það að tala við viðskiptavini og finna út hvað þeir vilja. Einnig hef ég verið að sérsmíða en það er ekki óalgengt að viðskiptavinir mæti í búðina með teikningu og þá verð ég að geta smíðað eftir henni.“



Gerða Kristín tekur sveinsprófið af gull- og silfursmíðabraut í vor. MYND/STEFÁN

Spurð að því hvað sé vinsælast hjá brúðhjónum um þessar mundir segir Gerða Kristín að einfaldleikinn sé í fyrirrúmi. „Vinsælustu hringarnir eru úr fjórtán karata gulli og hvítagulli, dýrari málmum, ekki silfri, og mér finnst Íslendingar velja einfalda hönnun. Þetta er ekki eins og í Bandaríkjunum þar sem allt snýst um einhverja risademanta. Íslendingar eru einfaldir í vali og kjósa einfalda bauga og þá jafnvel með áferð, burstaðri eða háglans. Og oft er konan með lítinn og smekklegan demant.“

## Látlausari greiðslur í sumar

Gígja Haraldsdóttir útskrifaðist nývera af hársnyrtibraut og starfar á Eplinu hárstofu í Borgartúni. Hún segist telja að í hártískunni verði einkennandi fyrir brúðkaup í sumar að brúðir líti þannig út að undirbúningur hafi verið áreynslulaus. „Hárið lítur þá þannig út að svo virðist sem hún gæti næstum hafa greitt sér sjálf, þ.e. gestir eiga ekki að taka eftir stífum uppgreiðslum og fleiri slíkum atriðum,“ segir Gígja og bætir við að greiðslurnar í ár gætu talist látlausari en oft áður. „Það verða kannski lausir lokkar við andlitið og meira um greiðslur sem eru úfnar frekar en alveg stífar og miklar. Þetta verður látlausara, hnútar í hnakkanum, með fléttuívafi eða snúningum. En auðvitað er þetta alltaf persónulegt.“



Gígja Haraldsdóttir útskrifaðist nývera af hársnyrtibraut og starfar á Eplinu hárstofu í Borgartúni. MYND/EYÞÓR

Hún segir að mikið sé um brúðargreiðslur á Eplinu hárstofu en mikilvægt sé að vera tímanlega í að hafa samband við hársnyrtinn og taka frá daginn.

Spurð út brúðgumana og hvernig þeir hafi sig til segist Gígja alla vega ekki þekkja til þess að þeir fari á brúðkaupsdaginn í greiðslu. „Það er ofboðslega algengt að þeir komi í klippingu svona viku fyrir brúðkaupið þannig að hárið sé aðeins búið að jafna sig. Þeir virðast svo sjá sjálfir um greiðsluna og treysta á að klippingin sé nægilega góð.“

Fræðast má frekar um Handverksskólann á http://tskoli.is/skoli/handverksskolinn.



Eva Súsanna Muñoz er á fjórða ári á gull- og silfursmíðabraut. MYND/STEFÁN

## Handsmíðaðir skartgripir

Eva Súsanna Muñoz er á fjórða ári á gull- og silfursmíðabraut í Handverksskólanum og útskrifast frá Tækniskólanum sem gullsmiður í vor ef allt gengur eftir. Fyrstu tvö árin í náminu læra gullsmíðanemar grunninn í skólanum svo þurfa þeir að leita sér að námssamningi í 18 mánuði hjá meistara. Eva Súsanna er á samningi hjá Önnu Maríu Sveinbjörnsdóttur gullsmíðameistara sem rekur verkstæði og verslunina Anna María Design á Skólavörðustíg 3.

Eva Súsanna segist hafa lært heilmikið í skólanum þegar kemur að smíði hefðbundinna trúlofunar- og giftingarhringa. Sú þekking hafi svo nýst sér vel á verkstæðinu hjá Önnu Maríu. „Hjá henni hef ég fengið góða faglega leiðsögn og mikla reynslu. Hjá Anna María Design er allt handsmíðað og bjóðum við upp á að hanna skartgripi í samvinnu við viðskiptavinina.“

Spurð að því hvað mest sé beðið um segir Eva Súsanna að ekki sé hægt að nefna eitthvað eitt ákveðið því það séu engar reglur

> Sumir vilja giftingarhringa með rúnum en þá eru nöfn brúðhjónanna slegin í hringana með rúnaletri.

og allt leyfilegt. „Um daginn kom viðskiptavinur sem vildi grænan stóran demant og hvíta demanta til hliðar. Einnig eru óskir um aðra eðalsteina til dæmis safíra eða rúbína. Sumir vilja giftingarhringa með rúnum en þá eru nöfn brúðhjónanna slegin í hringana með rúnaletri. Hefðbundnu giftingarhringarnir eru þó alltaf vinsælastir.“ Eva Súsanna smíðar ekki eingöngu hringa því hjá Anna María Design er einnig sérsmíðað brúðarskart. „Það geta verið hálsmen, eyrnalokkar eða armbönd og jafnvel hárskraut,“ segir hún og bætir við að herrarnir finni einnig morgungjafirnar í versluninni.“

# Ástin svífur yfir vötnunum

**Það er ævintýri að velja saman giftingarhringa hjá Carat/acredo. Það er ýmist hægt að gera í faðmi elskunnar heima í stofu eða með fulltingi gullsmíðafeðginanna Hauks og Rakelar Mistar.**

„Að velja giftingarhring er eitt af hjartfólgnustu augnablikum lífsins því þá velja hjónaefnin sér hringa sem þau ætla að bera út lífið,“ segir Haukur Valdimarsson, gullsmiður í Carat/acredo.

Haukur starfar við hlið dóttur sinnar, gullsmiðsins Rakelar Mistar, en saman sérhæfa þau sig í trúlofunar- og giftingarhringum og hvers kyns demantaskarti.

„Við Rakel höfum yndi af því að vera einn hlekkur í keðju þeirra gleðilegu tímamóta sem hjónaband er. Ástin svífur yfir vötnunum og tilhlökkunin leynir sér ekki,“ segir Haukur, en þau Rakel veita persónulega og þægilega þjónustu þar sem hver og einn fær þann tíma sem hann þarf við valið.

„Við bjóðum líka upp á ákveðna upplifun og erum með tvær starfsstöðvar þar sem fólk getur látið fara vel um sig og skoðað úrvalið, bæði í tölvum og á staðnum þar sem eru yfir 200 sýnishorn til að skoða og máta,“ útskýrir Haukur.

## Heillandi heimur hringa

Carat var stofnað árið 2000 og rak lengst af verslun í Smáralind. Árið 2015 flutti Carat sig um set yfir í Hátún 6a og hóf um leið samstarf við þýska skartgripaframleiðandann Acredo sem sérhæfir sig í gimsteinum og stórglæsilegu eðalskarti.

„Okkur fannst vanta meiri fjölbreytileika í landslagið,“ segir Haukur. „Með Acredo opnaðist risastór gluggi með áður óséðum möguleikum og útfærslum. Á heimasíðu okkar, acredo.is, má sjá stórkostlegt úrval hringa og þar getur fólk fiktað sjálft í forriti til að setja saman draumahringana og valið mismunandi þykktir og breiddir, demanta og liti á gulli, svo sem hvítagull, rauðagull, rósagull og platínu.“



**Carat/acredo leggur mikið upp úr umbúnaði hringanna og afhendir þá í glæsilegum öskjum með aukahólfi fyrir hringana sem er hentugt fyrir ferðalög.** MYND/STEFÁN

Þegar útlit hringanna hefur verið ákveðið í hönnunarforriti Acredo fara þeir í pöntunarferli hjá Carat/acredo og er hver hringur sérsmíðaður.

„Acredo hefur slegið í gegn hjá íslenskum pörum,“ upplýsir Haukur. „Þetta er heillandi heimur að stíga inn í og möguleikarnir endalausir að velja og setja saman útlit hringanna sjálf. Hver einasti hringur er sniðinn eftir óskum hvers og eins, og sannarlega engin lagervara sem er sótt upp í hillu.“



**Feðginin Haukur og Rakel Mist smíða einnig sína eigin fögru hringa, bæði með klassísku útliti og grófari séríslenskri áferð. Einnig hvers kyns sérsmíði að óskum viðskiptavina.** MYND/STEFÁN

## Demantar hæstmóðins

Demantar eru hæstmóðins í giftingarhringum nú.

„Demantar halda alltaf sínu og fara aldrei úr tísku,“ segir Haukur en níutíu prósent giftingarhringa frá Carat/acredo eru með demöntum í hring brúðar. „Oftar en ekki er nú bætt við grennri hring á fingur hennar sem er alsettur demöntum, og nú er líka vinsælt að setja jafnvel þrjá hringa á fingur brúðarinnar.“

Carat/acredo er með allar stærðir eðalsteina og þar á meðal glæsilega litaða demanta.

„Þannig eru svartir demantar nú í tísku hjá körlum og koma virkilega flott út í hring. En þótt demantur sé konungur eðalsteinanna er ánægjulegt að segja frá því að verðið er einfaldlega frábært í samstarfi við Acredo,“ segir Haukur.

Að velja sér hring á acredo.is er þægilegt. Verð á hringum birtist samsíða hringavali og breyting á verði fylgir jafnóðum og útliti, lögun og efniviði hrings er breytt.

„Það er hentugt að geta strax séð kostnaðinn og mikil hagræðing í að geta skoðað úrvalið í ró og næði heima. En hvort sem fólk hefur undirbúið sig heima eða ekki tökum við jafn vel á móti öllum og bjóðum upp á kaffi, sódavatn og jafnvel kampavín ef stemningin er þannig. Það er stór ákvörðun að velja réttu hringana og okkar innlegg í þá fögru minningu er að veita góðan tíma og ómótstæðilegt úrval,“ segir Haukur.

Feðginin Haukur og Rakel Mist smíða einnig sína eigin fögru hringa, bæði með klassísku útliti og grófari séríslenskri áferð. Einnig hvers kyns sérsmíði að óskum viðskiptavina.

Skoðið töfrandi úrval trúlofunar- og giftingarhringja á carat.is og acredo.is. Carat/acredo er í Hátúni 6a. Sími 577 7740. Vefverslun er á carat.is.





Veislustjórar mæla gjarna fyrir skál ef umræðuefni þrýtur og svo er líka hægt að slá í glas og láta brúðhjónin kyssast í framhaldinu.

## Góð ráð fyrir veislustjóra

Veislustjórinn er í raun í þjónustu brúðhjónanna svo veislan verði þeim sem ánægjulegust eftir margra mánaða skipulag. Hér eru nokkrar ráðleggingar sem gætu komið veislustjórum að góðum notum:

- Veislustjórinn þarf að vera búin/n undir að teygja tímann eða fylla upp í göt á dagskránni með skemmtilegum sögum eða stuttum atriðum. Það er þó ekki hlutverk veislustjóra að vera með löng skemmtiatriði heldur að láta veisluna ganga frekar en að vera sjálf/ur í sviðsljósinu
- Veislustjórinn þarf að vita hvernig brúðhjónin vilja hafa brúðkaupið. Hvað má halda langar ræður? Er einhver ættingi eða vinur sem helst ekki má stíga á svið eftir nokkur kampavínsglös? Einhverjar fyndnar sögur sem má helst ekki deila? Verða einhverjir leikir eins og til dæmis að brúðhjónin þurfi alltaf að kyssast ef gestir láta klingja í glösum sínu? Verður fjöldasöngur? Brúðhjónin eru að undirbúa brúðkaupið mánuðum saman, það er best að sem minnst komi þeim á óvart
- Láttu kynna þig á Facebook-síðu eða viðburði brúðkaupsins. Sumir vilja skrá sig fyrir ræðum eða skemmtiatriðum fyrirfram
- Kannaðu aðstæður. Er hljóðnemi í veislusalnum og hljóðkerfi? En sýningarkerfi fyrir myndir/myndbönd? Allt þetta þarft þú að vita

**Í veislunni:**

- Oft er fordrykkur eða biðtími áður en brúðhjónin mæta og þann tíma er gott að nýta í að segja gestunum til hvers er ætlast af þeim í sambandi við gestabækur eða myndatökur, móttöku brúðhjónanna, leiki og þess háttar
- Hvað er í matinn? Mikilvægt er að segja frá því ef það eru valkostir í boði fyrir þá sem hafa ofnæmi eða borða ekki ákveðinn mat. Ef maturinn er á hlaðborði kemur í þinn hlut að ákveða hverjir fara fyrst á eftir brúðhjónunum að borðinu og hvernig reglan er
- Í hvaða röð eru skemmtiatriðin? Hefð er fyrir því að foreldrar brúðarinnar haldi fyrstu ræðu og þá foreldrar brúðgumans. Hafið þrjú til fjögur atriði saman og smá bil á milli svo fólk hafi tíma til að blanda geði. Hafið gæsunar/steggjunarmyndbönd og vinaræður og grín frekar í seinni hluta veislunnar
- Síðasta verk veislustjóra í brúðkaupi er yfirleitt að kynna brúðardansinn eða brúðartertuskurð nema ef til stendur að kveðja brúðhjónin þegar þau yfirgefa veisluna

Svo er bara að njóta kvöldsins!

## Hjónabandssæla

Eftirfarandi uppskrift að hjónabandssælu er að finna á bukonan.wordpress.com.

3 bollar haframjöl
1 bolli hveiti
1 bolli heilhveiti
2 bollar púðursykur
1 tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
250 g mjúkt smjör
1 msk. mjólk

Blandið öllu saman í skál og hnoðið með sleif eða höndunum. Uppskriftina að deiginu er að finna á matarbloggi Bjarkar Bjarnadóttur, bukonan.wordpress.com og þar segir að deigið verði seigt ef það er hnoðað í hrærivél.
Skiptið deiginu til helminga og þrýstið helmingnum jafnt í botninn á smurðu formi. Smyrjið ofan á það þykku lagi af sultu eftir smekk. Hefðbundið er að nota rabarbarasultu í hjónabandssælu en aðrar sultutegundir koma vel til greina. Þá er restinni af deiginu stráð yfir í grófum molum. Bakið við 180 gráður í 35 til 40 mínútur eða þar til kakan er orðin brún.
Berið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.






SHIMANO
RFR.
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
CUBE 2018
reiðhjólin
eru komin!
CUBE
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
WWW.TRI.IS
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES CYCLING
#becube #triverslun
RolfPRIMA
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SMÁRALIND

ÞVÍ AÐ ÞÍN ER FERMINGIN
VEISLAN OG DAGURINN AÐ EILÍFU



ALLT SEM ÞARF FYRIR FERMINGUNA
FRÁ ÓSKALISTANUM TIL VEISLUBORÐSINS



Stretch og háar í mittið

Gallabuxur á 12.900 kr.
- 4 litir: brúngrátt, svart, hvítt, sandgrátt
- stærð 34 - 48
- 3 síddir

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Margrét Eir er með nýja plötu með frumsömdu efni í smíðum með hljómsveit sinni, Thin Jim. MYND/EYÞÓR

# Leggur línurnar

Margrét Eir Hönnudóttir ætlar að syngja með karlakórnum Hreimi í Eldborg í Hörpu annað kvöld. Hún er líka með plötu með eigin lögum í smíðum sem kemur út á árinu.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Um þrjátíu ár eru frá því að Margrét Eir kom fyrst fram á sjónarsviðið og söng sig inni í hjörtu landsmanna. Hún segir þessi ár hafa verið spennandi ferðalag. „Málið er að það er enginn síðasti söludagur á tónlistarfólki. Ef maður er með opinn huga og til í að prófa eitthvað nýtt í staðinn fyrir að festa sig í gömlu fari er hægt að vera langlífur í þessum bransa. Því fylgir þó ekki alltaf frægð eða peningar. Ég reyni að ögra sjálfri mér hvað varðar verkefnaval en viðurkenni að ég þarf að vera duglegri við að syngja frumsamda tónlist. Þar hefur enginn lagt línurnar fyrir mig og ég þarf að finna sjálf hvað mig langar að segja,“ segir hún.

## Ný plata væntanleg á árinu

Margrét Eir er með nýja plötu í smíðum með hljómsveit sinni, Thin Jim, og á henni verða aðeins frumsamin lög. „Við erum að leggja lokahönd á plötuna. Jökull Jörgensen, maðurinn minn, er með mér í bandinu, Birkir Rafn Gíslason spilar á gítar og Magnús Magnússon er á trommum. Svo á ég von á góðum gesti sem ætlar að syngja dúett með mér. Það verður eitthvað „legendary“ og ég reikna með að við sendum fljótlega frá okkur það lag. Platan kemur svo út í kjölfarið á þessu ári.“

Óhætt er að segja að undanfarnir mánuðir hafi verið annasamir og Margrét hefur sungið á mörgum tónleikum. „Ég fór nánast beint af jólatónleikum yfir í alls konar önnur verkefni. Ég sit í stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna, ásamt félaga mínum Jóhanni Ágústi, og við kláruðum það verkefni fyrir nokkrum dögum. Inn á milli söng ég í sýningunni Phantom of the Opera, á George Michael heiðurstónleikunum og á tríótónleikum með Guðrúnu Gunnars og Regínu Ósk. Þar fyrir utan kenni ég söng við FÍH og nemendurnir eru frá sextán ára og upp í fjörutíu og fimm,“ segir Margrét Eir.

## Vinna, blóð, sviti og tár

„Meðfram þessu öllu var ég tónlistarstjóri á nemendasýningu Verslunarskóla Íslands. Það var svakalega skemmtilegt verkefni. Þau settu upp söngleikinn The Producers, eða Framleiðendurnir, en hann hefur ekki áður verið settur upp hérlendis. Ég er bókstaflega að springa úr stolti af þeim. Þetta er alvöru söngleikur og mjög erfiður raddlega séð en þau stóðu sig öll með sóma og lögðu mikinn metnað í sýninguna,“ greinir Margrét Eir frá en hún hefur áður unnið með framhaldsskólanemum. „Ég hef bæði leikstýrt og verið tónlistarstjóri í sýningum nokkurra skóla. Ég er frekar „old school“ því ég er með mikinn aga. Ef það á að setja upp metnaðarfullt verkefni kostar það vinnu, blóð, svita og tár en krakkarnir uppskera líka árangur erfiðisins þegar kemur að því að sýna fyrir framan áhorfendur,“ segir hún.

> Málið er að það er enginn síðasti söludagur á tónlistarfólki. Ef maður er með opinn huga og til í að prófa eitthvað nýtt í staðinn fyrir að festa sig í gömlu fari er hægt að vera langlífur í þessum bransa. Því fylgir þó ekki alltaf frægð eða peningar.

## Sönghefðin og krafturinn ótrúlegur

Annað kvöld ætlar Margrét að syngja með Karlakórnum Hreimi sem á rætur sínar að rekja til Þingeyjarsýslu. Hann var stofnaður árið 1975 og er skipaður 60 söngelskum mönnum sem flestir koma úr Þingeyjarsýslum. Steinþór Þráinsson er stjórnandi kórsins og Steinunn Halldórsdóttir er undirleikari. „Karlakórinn Hreimur er kominn í útrás til höfuðborgarinnar. Við Gissur Páll Gissurarson sungum með kórnum á Húsavík fyrir um ári síðan en núna ætlum við að syngja saman í Eldborg í Hörpu. Sönghefðin og krafturinn í kórnum er ótrúlegur. Þessir strákar syngja af því að þeir verða að syngja og gera það frá öllu sínu hjarta. Orkan og ánægjan er ótrúlega mikil og þetta er smá keppnis,“ segir Margrét Eir.

Hún stefnir svo að því að halda áfram að syngja með Guðrúnu Gunnars og Regínu Ósk og segir það samstarf ganga mjög vel og þær eigi vel saman sem söngkonur. En hefur hún tíma fyrir þetta allt saman? „Ég hlakka mjög til að fá páskafrí og ætla að slaka á og safna orku. Vissulega er gaman að vinna undir pressu en síðustu vikur hafa verið heldur annasamar.“

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

VAKA




Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

## Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is




## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald




**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMÍÐAVIÐGERÐIR**
Öll almenn trésmíðavinna, viðhald eða breytingar. Eingöngu íslenskir iðnaðarmenn. Tilboð eða tímavinna. Uppl. S 7815544 eða smidavidgerdir@gmail.com SmidaVidgerdir ehf.







## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Íbúð óskast til leigu á Torrevieja svæðinu fyrir eldri hjón haust 2018 eða vor 2019 Góð umgengni og skilvísum greiðslum heitið. Uppl.í s:8666353

Íbúð óskast til leigu á Torreveija svæðinu fyrir eldri hjón.Haustið 2018 eða vor 2019. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl.s: 8666353

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Hreinar línur
Ræstingar, ráðgjöf & eftirlit

**RÆSTINGAR**
Við óskum efftir fólki til starfa við ræstingar. Í boði eru fastar stöður, hluta störf og vaktavinna. Helst á aldursbilinu 20-50 ára og með bílpróf. Reynsla ekki áskilin. Sækið um á hreinarlinur.is eða í pósti á atvinna@hreinarlinur.is

Hreinar línur
Ræstingar, ráðgjöf & eftirlit

**CLEANING**
We are looking for people to hire, for full time jobs, part time jobs and shifts work. Preferably between 20-50 years of age, Icelandic and/or english speaking with driving licence. Experience not mandatory. Please apply via hreinarlinur.is or via email: atvinna@hreinarlinur.is

Hreinar línur
Ræstingar, ráðgjöf & eftirlit

**SPRZTANIE**
Firma sprztajaca zatrudni osoby chetne do pracy na 50 lub 100%. Mile widziane prawo jazdy oraz osoby w wieku 20-50 lat. Prosimy o zaswiadeczenie o niekaralnosci. Kontakt na stronie hreinarlinur.is lum mail: atvinna@hreinarlinur.is

FANNDALSLAGNIR ehf
pípulagningaverktaki - s. 691-5698

FANNDALSLAGNIR EHF ÓSKA EFTIR VÖNUM PÍPULAGNINGAMÖNNUM TIL STARFA.

Fanndalslagnir óska eftir pípulagningamanni til starfa. Umsækjandi þarf að vera vanur störfum við pípulagnir. Sveinspróf í faginu er kostur. Umsækjandi þarf að geta starfað sjálfstætt í verkefnum. Fjölbreytt og næg verkefni framundan.
Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í gegnum netfang jonfanndal@simnet.is eða í síma 691-5698

**SÖLUMENN ÓSKAST.**
Óska eftir duglegum sölumönnum um allt land til að selja USB lykil sem á er digital bók. Um er að ræða ný trúabrögð sem er kristinn nýaldartrú. Sala fer þannig fram að kaupanda er boðinn lykill að himnaríki. Er þetta háheilagt sem selt er. Vinsamlegast berið virðingu fyrir því því þetta er hágæðavara. Síðan rettir sölumaður kaupanda auglýsingablað sem ég samdi sem á eru þær upplýsingar sem til þarf til að selja USB lykilinn. Ef um sölu er að ræða þá réttir sölumaður kaupanda miða og biður kaupanda að millifæra á reikning. Fær sölumaður 2000 kr eftir skatt en usb lykilllinn kostar 10 þús kr. Og unnið er á milli 12-20 alla daga. En hægt er að vinna einungis um kvöld og helgar.

Upplýsingar í síma 776-4111

**PROCAR BÍLALEIGA ÓSKAR EFTIR**

**STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖRF:**
Starfstöð Reykjavík:

óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu, vaktavinna (dagvakt), tölvu og enskukunnátta skilyrði. Meirapróf skilyrði.

Starfstöð Keflavik:

óskar eftir bókara í fast starf, æskileg kunnátta, word, exel og DK.
**Áhugasamir sendi umsókn á job@procar.is**

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**SMIÐA.IS**
óskar eftir að ráða smiði eða menn vana smiðavinnu til hinna ýmsu smiðastarfa. Uppl. í s. 899 7262 og smida@smida.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE ins@fe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***
***Verið hjartanlega velkomin.***
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart







HAPPY HOUR
ALLA DAGA!!
kl. 16-19

Gullnáman

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*„Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



Hljómsveitin
SMELLUR
kemur fram í fyrsta skipti á Catalinu og spila föstudagskvöld og laugardagskvöld frá 00:00 – 03:00.

Hljómsveitina skipa:
ARI JÓNSSON
SIGURÐUR DAGBJARTS
BIRGIR JÓHANN
BIRTA RÓS

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

# Finnur þú páskaungann?

Drögum út þrjá Vinningshafa daglega

Páskagladningur frá Nóa Siríus í verðlaun!






## Fréttablaðið.is efnir til páskaleiks dagana 21. - 27. mars.

### Svona virkar leikurinn:

1.) Farðu inn á **Fréttablaðið.is dagana 21. - 27. mars** og finndu bláa páskaungann

2.) Taktu mynd af páskaunganum, t.d. á símann þinn, og sendu okkur í skilaboð á Facebook eða Instagram

Þrír heppnir þátttakendur á dag fá páskagladning frá Nóa Siríus.

Alla daga kl. 10:00 munum við birta vísbendingu á Facebook og Instagram hvar á Fréttablaðið.is páskaunginn gæti verið þann daginn. Fylgstu með!

NÓI SÍRÍUS

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## Merkisatburðir

**1568** Vopnahlé gert í frönsku trúarbragðastyrjöldunum. Karl 9. Frakkakonungur og Katrín af Medici veittu húgenottum umtalsverð réttindi.

**1903** Wright-bræður sækja um einkaleyfi á hönnun sinni á flugvél.

**1919** Benito Mussolini stofnar Fasistaflokkinn í Mílanó.

**1933** Adolf Hitler verður kanslari Þýskalands.

**1937** Sundhöllin í Reykjavík vígð.

**1943** Keflavíkurflugvöllur tekinn í notkun af Bandaríkjaher.

**1960** Söngsveitin Fílharmónía kemur fram opinberlega í fyrsta sinn í uppfærslu Þjóðleikhússins á Carmina Burana eftir Carl Orff.

**1970** Þrír þjóðkunnir leikarar halda upp á 25 ára leikafmæli: Baldvin Halldórsson, Gunnar Eyjólfsson og Róbert Arnfinnsson.

**1989** Stanley Pons og Martin Fleischmann lýsa því yfir að þeim hafi tekist að framkalla kaldan kjarnasamruna í rannsóknarstofu við Háskólann í Utah í Bandaríkjunum.



**1997** Bresku sakamálaþættirnir Barnaby ræður gátuna hefja göngu sína á ITV.

**1998** Kjalarnes verður hluti af Reykjavík.

**1998** Boris Jeltsín rekur ríkisstjórn Rússlands og skipar Sergej Kíríjenko forsætisráðherra.

**2007** Nýja leikjatölvan frá Sony, PlayStation 3, kemur út í Evrópu, Ástralíu og Singapúr.



**Unnur Karen Guðmundsdóttir, Davíð Isebarn Ágústsson, Guðný Þórfríður Magnúsdóttir og Ásta Rún Ásgeirsdóttir voru í sigurliðinu sem vann til verðlauna á Ofurhetjudögum Origo en þar bar meðgönguappið sigur úr býtum.** MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

# Bjuggu til smáforrit fyrir meðgöngu á starfsdegi

**Sex starfsmenn Origo bjuggu til smáforrit fyrir meðgöngu sem hlaut flest verðlaun á svokölluðum Ofurhetjudögum Origo, nýsköpunarkeppni hugbúnaðarsviðs fyrirtækisins. Í verðlaun fengu þau 100 tíma til að hefja greiningu á verkefninu.**

Nýsköpun er lykilatriði í okkar starfsemi og því skiptir máli fyrir starfsfólk okkar að hafa vettvang til þess að koma eigin hugmyndum og nýjum lausnum á framfæri,“ segir Hákon Sigurhansson, framkvæmdastjóri hugbúnaðarlausna Origo, en fyrirtækið hélt svokallaða Ofurhetjudaga innan fyrirtækisins. Meðgönguappið, sem bar sigur úr býtum, inniheldur bæði fræðsluefni um meðgöngu auk þess sem gert er ráð fyrir að það geymi heilbrigðisupplýsingar úr meðgönguvernd móðurinnar.

Hákon segir að um Ofurhetjudagar séu frábær vettvangur til þess að halda nýsköpunarandanum á lofti og hugsa út fyrir kassann enda ekki alltaf tækifæri til þess í dagsins önn. Þannig hafa margar lausnir, sem hafa fæðst á þessum dögum í gegnum tíðina, hlotið framhaldslíf og jafnvel orðið að fullbúinni vöru.

Ásta Rún Ásgeirsdóttir, sem var hluti af sex manna teymi sem hannaði meðgönguappið, segir að þar sem mæðraskráin sé ekki lengur á pappír og sé orðin rafræn í sjúkraskrárkerfinu Sögu fannst þeim vanta vettvang fyrir verðandi foreldra til að hafa yfirsýn yfir sína meðgöngu og nálgast fræðsluefni sem henni tengist frá fagaðilum.

> **Mögulega er þetta app því einstakt á heimsvísu þar sem verðandi foreldrum býðst að nálgast fræðslu á meðgöngu og heilbrigðisgögn sín henni tengd.**
>
> Ásta Rún Ásgeirsdóttir

„Bæði fræðsluefnið og heilbrigðisgögn yrðu sótt af HeilsuVeru.is þar sem gögn móður verða geymd. Appið yrði því einfaldari aðgangur að gögnunum í stað þess að þurfa að skrá sig inn á HeilsuVeru.is, svipað og heimabankaöppin virka. Fræðsluefnið væri meðal annars næring á meðgöngu, fósturþroski í hverri viku ásamt breytingum hjá móður á sama tíma, fræðsluefni fyrir maka um líðan þeirra beggja á þessum tímamótum, fræðsluefni um andlega líðan og svo framvegis.“

Hugmyndin er sú að hægt sé að hafa samband við ljósmóður í gegnum appið, annaðhvort með skilaboðum eða myndsímtali. Verðandi móðirin gæti þar að auki bókað tíma hjá ljósmóður á fyrirfram ákveðnum tíma og séð yfirlit yfir tímabókanir sínar, hvort sem það er í mæðravernd eða sónar. Einnig er það hugmynd að hægt sé að bjóða aðstandanda með í appið, til dæmis maka eða einhverjum nákomnum sem konan velur.

„Mögulega er þetta app því einstakt á heimsvísu þar sem verðandi foreldrum býðst að nálgast fræðslu á meðgöngu og heilbrigðisgögn sín sem henni eru tengd.“

Teymið fékk 100 tíma í verðlaun til að hefja greiningu á verkefninu og segir Ásta að mikill áhugi sé fyrir þessu verkefni innanhúss og vilji til að halda því áfram. **benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST 23. MARS 2010

## Strippdans bannaður á Íslandi

Á þessum degi fyrir átta árum voru samþykkt lög á Alþingi sem bönnuðu að bjóða upp á nektarsýningar eða gera út á nekt starfsmanna á skemmtistöðum eftir 1. júlí sama ár. Siv Friðleifsdóttir, þáverandi þingmaður Framsóknar, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en það var samþykkt með 31 atkvæði en tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þau Árni Johnsen og Ragnheiður Elín Árnadóttir, sátu hjá. Enginn greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, hafði upphaflega flutt málið en Siv tekið við keflinu þegar Kolbrún hætti á þingi. Ásgeir Davíðsson, sem átti og rak staðinn Goldfinger, sagðist í viðtali við Fréttablaðið í kjölfar lagasetningarinnar ætla að skoða hvort grundvöllur væri fyrir skaðabótamál gegn ríkinu. Hann taldi lögin minna á reglur í ríkjum þar sem helst ekkert megi sjást í kvenfólk.

Í fréttinni kom einnig fram að allsherjarnefnd þingsins teldi ekki að lögin byðu upp á skaðabótaskyldu. Á tímabili voru starfræktir átta nektarstaðir á höfuðborgarsvæðinu, þrír á Akureyri og einn í Keflavík.



**Dansari í fullum skrúða leikur listir sínar við spegilinn.** NORDICPHOTOS/GETTY



✝

Okkar ástkæri

**Magnús E. Ársælsson**

Maríubaugi 41,

lést á Landakoti þann 15. mars. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Linda Guðbjartsdóttir, Ársæll Magnússon, Björk Inga Magnúsdóttir**
**Andrea Bergþóra Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Elskulegur maðurinn minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur R. Sighvatsson**

lést 19. mars sl. á gjörgæsludeild Landspítalans. Útförin fer fram miðvikudaginn 28.3. nk. kl. 13.00 í Hallgrímskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinafélag Austurbæjarskóla (reikn. 0111-26-440609, kt. 440609-1550).

**Gunnhildur Friðþjófsdóttir**
**Guðrún Magnea Aðalsteinsdóttir**
**Sigríður Hrönn**
**Atli Örn**
**Vigdís**
**Soffía Tinna**
**Einar**
**og barnabörn.**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Elín Inga Jónasdóttir**

frá Helluvaði,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, þann 18. mars síðastliðinn og fer útför hennar fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 27. mars klukkan 13.30.

**Bryndís Arna Reynisdóttir** **Garðar Ægisson**
**Hinrik Már Jónsson** **Kolbrún María Sæmundsdóttir**
**Friðrik Þór Jónsson** **Sigríður Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fréttamenn sem standa undir nafni

Fréttablaðið var stofnað árið 2001 og hefur verið mest lesna dagblað landsins frá upphafi. Þar starfa hátt í 100 hæfileikaríkir einstaklingar sem allir leggja hönd á plóg við að gera Fréttablaðið að einum stærsta fjölmiðli landsins. Á meðal þeirra er Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Kjartan Hreinn Njálsson

*fréttamaður*




Fréttir og ítarleg umfjöllun á frettabladid.is

FRETTABLADID.IS FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ



Útgefandi og aðalritstjóri: Kristín Þorsteinsdóttir, kristin@frettabladid.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Í dag minnir veturinn á sig á Vestfjörðum, þar gengur í allhvassa norðanátt með snjókomu og frystir. Norðanstrengurinn gerir einnig vart við sig vestast á landinu og eitthvað slæðist með af hvítleitri úrkomu. Í öðrum landshlutum verður veður mun rólegra og sólin skín væntanlega austanlands.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° ↘12 | -2° ↓14 | 0° →7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° →5 | 2° ↘13 | -4° ↘10 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° →4 | -1° ←13 | 0° ↙5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° ↙9 | 4° ↓2 | -2° ↓5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ávítur
5. niður
6. rómversk tala
8. krota
10. tveir eins
11. hundur
12. brak
13. íþróttafélag
15. sköpun
17. skrípaleikrit

**LÓÐRÉTT**
1. áritun
2. mögl
3. háma
4. ríki í afríku
7. letilíf
9. stífur
12. gersigra
14. sandeyri
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** ákúra, **5.** suð, **6.** lm, **8.** krassa, **10.** rr, **11.** tík, **12.** marr, **13.** fram, **15.** tilurð, **17.** farsi.
**LÓÐRÉTT: 1.** áskrift, **2.** kurr, **3.** úða, **4.** alsír, **7.** makræði, **9.** stamur, **12.** mala, **14.** rif, **16.** rs.

## Skák Gunnar Björnsson

Vitolins átti leik gegn Seidef-Sade í Belzy árið 1958

**Hvítur á leik**

**1. Hh7+! Hxh7 2. Dxg5+ Kxg5 3. d8D+ 1-0.** Mögulegt er líka að leik 1. d8D með sömu hugmynd. Áskorendamótið í Berlín er í fullum gangi. Tíunda umferð fer fram í dag.

**www.skak.is:** Hraðskákmótaröð TR í kvöld.




# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Útskriftarárgangurinn 2030**
**Hvað læra þau og hvernig?**
Sérfræðingar, kennarar og nemendur ræða um hvernig má læra af mistökum í íslensku menntakerfi og hvert þarf að stefna til framtíðar.



**Yfirlitssýning Rögnu**
Það er eins og ég fari í leiðslu, segir **Ragna Róbertsdóttir** myndlistarkona en yfirlitssýning á verkum hennar verður opnuð í Nýlistasafninu.





**Hermaður og prestur á Höfðabakka**
**Dan Sommer** er hermaður og stofnaði trúfélag á Íslandi.

**Fólk man eftir nafninu**
**Albertína Friðbjörg Elíasdóttir** segir frá lífi sínu og starfi á þingi.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMSUNG

# Ekki erfitt að velja!

SAMSUNG

## Ekta UHD 4K

UE43”MU6175.....kr. 99.900,-
UE49”MU6175.....kr. 119.900,-
UE55”MU6175.....kr. 129.900,-
UE65”MU6175.....kr. 229.900,-

*Öll þessi tæki hafa: Raunverulega UHD 4K myndvinnslu, þráðlaus samskipti um Bluetooth við Soundbar eða heyrnartól. Speglun á mynd við önnur snjalltæki. Myndgæði 1300 PQI. Forðumst eftirlíkingar.*




## Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

SAMSUNG

## QLED TV

Betra verð á öllum QLED tækjum - nú er rétti tíminn!

**Q picture**
Litur
Sýnir alla liti 100%
Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu
HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta liti
Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

**Q style**
Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild
Engin skil
Fellur alveg að veggnum
Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

**Q smart**
Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu
Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum
Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita




65” QE65Q7C Verð áður 459.000,-

**Verð nú 359.000,-**

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEISLUMATUR
## á góðu verði

Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt




**2.998** kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut Fillet**
Ungnautakjöt

100%
ÍSLENSKT
ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g




**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml




**298** kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml




**98** kr. 2 stk.

**Smash Style**
**Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka



SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUSEGGIN ÓDÝRUSTU PÁSKAEGGIN Í BÓNUS









**Nr. 3** 598 kr. 170 g

**Nr. 4** 998 kr. 315 g

**Nr. 5** 1.298 kr. 420 g

**Nr. 6** 1.598 kr. 520 g

**RISAEGG** 2.598 kr. 1 kg



3.598 kr. kg

**KS Lambafillet**
Frosið




3.998 kr. kg

**Íslandslamb**
Lambafille



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Hver einasti punktur hefur þýðingu

**Jón Axel Björnsson og Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir opna listsýningar hvort á sinni hæð í Hafnarborg á morgun. Jón Axel er málverkinu trúr en Jóhanna Kristbjörg leikur sér að því að teygja það út fyrir strigann.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hafnarborg í Hafnarfirði er heitur reitur. Þegar stigið er inn fyrir þröskuldinn sést að veitingastaðurinn á jarðhæðinni verður brátt opnaður í nýjum búningi. Sverrissalur er á sínum stað þar við hliðina og í honum er Jón Axel Björnsson að leggja lokahönd á uppsetningu sýningarinnar Afstæði með myndum frá tveimur síðustu árum. „Vatnslitamyndirnar eru allar nýjar – næstum of nýjar,“ segir hann glettinn. „Stóru myndirnar eru elstar, frá 2016. Hins vegar eru rammarnir býsna gamlir, ég lét gera nokkra slíka fyrir eitthvert verkefni og notaði svo bara einn, hinir hafa staðið upp við vegg. Þegar maður skiptir um vinnustofu kemur ýmislegt í ljós, bæði finnur maður hluti og týnir.“

Það glittir í fólk á öllum myndunum, að minnsta kosti líkamsparta, enda segir Jón þær allar fjalla um mannlega tilvist. „Öll mín list gerir það. Þetta er einhver tilraun til að balansera sjálfan mig,“ útskýrir hann og kveðst, aldrei þessu vant, verða með titla á öllum verkunum. Skyldi hann hafa haft þá í huga þegar hann málaði þau? „Ekki titlana endilega, en andrúmsloft myndanna, ég fer aldrei frá því. Myndgerð mín er í ótrúlega föstum skorðum, hver einasti punktur hefur þýðingu fyrir mig og ég get ekkert hnikað þeim til. Þú sérð litla svarta punktinn þarna neðst (bendir á eina af stóru myndunum). Hann er ekki bara myndbyggingarlegt atriði, heldur hefur hann ákveðna meiningu sem ég ætla þó ekki að upplýsa hver er. Ég vil að hleðsla myndanna sé bundin skynjun áhorfandans.“

Jón segir hverja mynd samspil að minnsta kosti þriggja þátta, fagurfræði, frásagnar og forma. „Þessir þættir þurfa að sameinast í að birta skoðun listamannsins þegar um myndlist er að ræða. Annars getur maður auðvitað skrifað hugmyndina í smásögu eða ljóði.“

Áhugi á myndlist er síst í rénun meðal almennings að mati Jóns. Þó hin gömlu gildi hennar séu honum mikilvæg, að eigin sögn, er hann ánægður með hvað unga fólkið kemur sterkt inn með alls konar nýjungar sem gera myndlistarumhverfið líflegt. „Það eru svo margir miðlar sem renna saman hjá unga fólkinu og þeir gera listina svo skemmtilega,“ segir hann.

Á tímabili tók Jón Axel sér langt hlé frá sýningum. „Ég sýndi ekkert í átta ár. Mér var sagt að eftir sjö ár þá jöfnuðu menn svona yfirborð grafarinnar (stappar létt yfir gólfið á smá bletti.) Þá væru þeir gleymdir og búnir. En síðustu árin hef ég sýnt fjandi mikið.“

Titill sýningarinnar, Afstæði, segir Jón geta sýnt afstæði til trúarlegra þátta í kringum okkur. Það sé sígilt umfjöllunarefni. „Ég sagði einhvern tíma í gamla daga að ég væri sennilega trúarlegasti málari á Íslandi. Ég veit ekki hvort menn eru enn að hlæja að því. Það hafði enginn hugsað út í það.“

*Og enginn pantað hjá þér altaristöflu?* „Nei, þessi sannleikur náði ekki alveg í gegn. En ég er alltaf með svipuð umfjöllunarefni. Tilraunin til útskýringar er í verkunum. Ég lít á þau sem tjáningarmiðil. Þessi sýning fjallar einfaldlega um mannlega tilvist og afstöðu okkar til trúar og siðferðis.“



„Ég sagði einhvern tíma í gamla daga að ég væri sennilega trúarlegasti málari á Íslandi,“ segir Jón Axel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



„Mér fannst ég þurfa að búa til mína eigin stefnu,“ segir Jóhanna Kristbjörg sem ekki er einhöm í listinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sýning Jóhönnu var í mótun þegar ljósmyndarann bar að garði.

**ÞAÐ ER SVO MARGT SEM RENNUR Í GEGNUM HÓLFIÐ Í HEILANUM ÞAR SEM MAÐUR PÚSLAR SAMAN FORMUM OG LITUM.**

Jóhanna Kristbjörg

## Margoft við sjáum

Á hæðinni fyrir ofan, í aðalsal Hafnarborgar, breiðir Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir úr sýningunni Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur. Sum verkin málar hún beint á veggi salarins, önnur hanga þar eins og málverkum er tamt og enn önnur eru frístandandi úti á gólfi. Jóhanna er í hópi þeirra ungu, líflegu listamanna sem hafa marga miðla á valdi sínu og Jón Axel minntist á. Í hliðarsalnum er til dæmis innsetning sem byggist á nokkrum málverkum, mottum á gólfinu, þremur skúlptúrum og tveimur vídeóverkum. „Ég er að vinna bæði með ný og eldri verk,“ segir Jóhanna og upplýsir brosandi að fjölbreytileikinn sé henni mikilvægur. „Þegar ég var að vinna í masternum þá bjó ég til minn eigin isma sem er Neo Constructiv-Emotionalismi.“

Jóhanna býr í Antverpen í Belgíu og kveðst hafa flutt flest verkin með sér þaðan. „Ég fór út í myndlistarnám árið 2012 og skráði mig í máladeild í Gent. Kom héðan úr Listaháskólanum þar sem var mikið flæði og ég fékk að snerta allt. Í máladeildinni úti angaði allt af olíu en ég hafði fram að því bara notað akrýl. Þá gerðist samt ýmislegt og ég fór að teygja málverkið út fyrir strigann, málaði á tau og við, gerði skúlptúra og vídeó. Samt allt í litapallettu, eins og málverkið. Þetta var dálítið ruglingslegt fyrir aðra og því fannst mér ég þurfa að búa til minn eigin hatt yfir mína list og þá bjó ég til þessa stefnu, Neo Constructiv-Emotionalismi. Það frelsaði mig dálítið.“

*Hefur enginn annar listamaður tekið hann upp?* Hún hlær. „Kannski og hann á örugglega eftir að koma sterkur inn – en ég var þó að minnsta kosti á undan! Það sem er svo fallegt við þessa stefnu er að orðið constructivismi þýðir á íslensku hugsmíðarhyggja. Það er svo margt sem rennur í gegnum hólfið í heilanum þar sem maður púslar saman formum og litum, þannig að hugsmíðarhyggja er frábært orð.“

Neo stendur fyrir nýja birtingarmynd og emotional er hin ljóðræna, flæðandi tilfinning sem ég hef alltaf unnið gegnum, svolítið væmin af því að hún er svo persónuleg en þaðan er ég komin um langan veg inn í mitt hlutverk sem myndlistarmaður. Fyrst málari, svo skúlptúristi og eftir allt saman ljóðskáld! Ég virðist alltaf vera að leita að frelsinu innan einhverrar formfræði.“

Á leið minni út úr Hafnarborg aftur rekst ég á bókarstand. Þar er einmitt ljóðabók eftir Jóhönnu Kristbjörgu á ensku og þaðan er titill sýningar hennar kominn: Many times we see and many times we see again.

markhönnun ehf

nettó

# Páskasteikina færðu hjá okkur



KEA

**HANGIFRAMPARTUR**
SAGAÐUR
**1.438 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.598 KR/KG~~



KJÖTSEL

-37%

**HAMBORGARHRYGGUR**
**999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.598 KR/KG~~

**SÆNSK SKINKA**
**1.097 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.995 KR/KG~~

STJÖRNU GRÍS

-45%



KEA



**LAMBAHRYGGUR**
LÉTTREYKTUR
**2.798 KR/KG**

*Gott á grillið!*

-30%



FJALLALAMB KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

**Í samstarfi við Fjallalamb. Allir skrokkar upprunamerktir frá bæ.**

**LAMBASKROKKUR 1/2**
GRILLSAGAÐUR
**979 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.398 KR/KG~~



**BAYONNE SKINKA**
**1.097 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.995 KR/KG~~

-45%




**HELGU STEIK**
Í HVÍTLAUKS- OG PIPARMARINERINGU
**1.665 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.329 KR/KG~~

-50%



**NAUTALUNDIR**
**3.696 KR/KG**
~~ÁÐUR: 4.298 KR/KG~~

DANISH CROWN

# Páskabæklingur
## Nettó er kominn út!




nettó

Á NETINU

**Tilboðin gilda 22. - 25. mars 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is



Valdimar og Örn Eldjárn ætla að taka lagið á Hverfisbarnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**23. MARS 2018**

### Tónlist

**Hvað?** Babies á Húrra
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Stuðkompaníið Babiesflokkurinn snýr enn og aftur á Húrra 23. mars. Það vita allir sem vita eitthvað að Babiesböllin á Húrra er ólýsanlegar gleðisprengjur. Ekki missa af þessari sprengju.

**Hvað?** Valdimar og Örn Eldjárn með tónleika á Hverfisbarnum
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Hverfisbarinn, Hverfisgötu

**Hvað?** Burtfarartónleikar – Baldvin Snær
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarskóli FÍH, Rauðagerði
Tónleikarnir verða um klukkutími að lengd og allir velkomnir. Eftir tónleikana verður boðið upp á léttar veitingar.

### Viðburðir

**Hvað?** Gunnlaugur Guðmundsson: Maðurinn og framtíð hans í heiminum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Gunnlaugur Guðmundsson flytur fyrirlestur um manninn og framtíð hans í heiminum. Allir velkomnir.

**Hvað?** Stella í Orlofi – föstudagspartísýning á stafrænu formi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Stella í orlofi fjallar um Stellu og baráttu hennar við geðilla karla, tryllt börn, alkóhólista, flugmenn, Lionsklúbbinn Kidda, danskar drósir og laxeldi. Myndin er sýnd í nýrri stafrænni útgáfu- og hefur aldrei litið betur út.

### Sýningar

**Hvað?** Elina Brotherus – Leikreglur
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Listasafn Íslands sýnir ný verk eins þekktasta ljósmyndara samtímans, Elinu Brotherus.



Baldvin Snær Hlynsson spilar á burtfarartónleikum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Langa blokkin í Efra-Breiðholti
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Lengd byggingarinnar er um 320 metrar og í fljótu bragði líkist hún helst virkisvegg. Innan hennar eru tuttugu stigagangar og 200 íbúðir þar sem búa nokkur hundruð manns. David Barreiro ljósmyndaði bygginguna, íbúana og umhverfið heima hjá þeim. Íbúarnir eiga það sameiginlegt að hafa reynslu af því að flytjast til Íslands og eru víða að úr heiminum.

**Hvað?** Spegill samfélagsins 1770
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Safnahúsið
Í tilefni 135 ára afmælis Þjóðskjalasafns Íslands hefur verið sett upp sýning á úrvali skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770. Danski konungurinn sendi þriggja manna rannsóknarnefnd til Íslands árið 1770 til að kanna samfélagið og auðlindir þess. Skjalasafn nefndarinnar, sem nefnd hefur verið Landsnefndin fyrri, er mikið að vöxtum, um 4.200 handritaðar síður.

**Hvað?** Innrás I: Guðmundur Thoroddsen
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ásmundarsafn
Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir inn í sýninguna List fyrir fólkið í Ásmundarsafni, þar sem verk myndhöggvarans eru skoðuð út frá ólíkum tímabilum á ferli hans. Völdum verkum hans er skipt út fyrir verk starfandi listamanna. Fyrsti listamaðurinn í röðinni er Guðmundur Thoroddsen. Guðmundur hefur undanfarin ár beint sjónum sínum á kómískan hátt að karlmennskunni og notað til þess meðal annars skúlptúra úr keramik og viði. Gróf form og efnisnotkun Guðmundar býður upp á áhugavert samtal við verk Ásmundar.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin hulíðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand.

**Hvað?** Kjarval: Líðandin – la durée
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals (1885-1972).

**Hvað?** Erró: Því meira, því fegurra
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á þessari sýningu er varpað sérstöku ljósi á verk Errós sem byggjast á ofgnótt og ofmettun. Slík myndgerð hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í listsköpun hans og má rekja aftur til ungdómsverka hans. Meira en þrjátíu verk úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur – málverk, klippimyndir og kvikmyndir – sýna hvernig listamaðurinn skapar flóknar og hlaðnar myndbyggingar, sem miðla myndefni sem tengist stjórnmálum, vísindum, skáldskap og listasögu.

# Bjóða landsmönnum að upplifa Reykjavík eins og ferðamenn

Það hefur ekki farið fram hjá landsmönnum að ferðamannaiðnaðurinn er orðinn sá stærsti á landinu. Miðbærinn er smekkfullur af ferðamönnum og hótelbransinn blómstrar sem aldrei fyrr.

Icelandair hótel hafa ákveðið að þakka borgarbúum og landsmönnum öllum fyrir gestrisnina og fyrir „að gæða borgina lífi og þeim einstaka anda sem heillar ferðamenn hvaðanæva“, eins og kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Af því tilefni býður fyrirtækið upp á leik þar sem vinningshafarnir fá að upplifa Reykjavík eins og ferðamenn, enda líklega margir Íslendingar sem hafa velt fyrir sér hver upplifun erlendra ferðamanna er af borginni. Þessi vinningur getur að minnsta kosti fært mann aðeins nær svarinu við þeirri stóru spurningu.

Icelandair hótel mun í samstarfi við Reykjavíkurborg gefa vinningshöfunum gistingu á einu af hótelunum sínum í Reykjavík og auk þess fá vinningshafarnir 24 tíma Reykjavík City Card frá Höfuðborgarstofu en það veitir aðgang í söfn og sundlaugar. Þau heppnu geta því ímyndað sér að þau séu túristar í heilan sólarhring, ferðast með strætó á milli helstu safna bæjarins og skellt sér í sund í einhverri laug sem þau hafa aldrei komið í.

Skráning er í gangi á vefsíðunni takkreykjavik.is og verða vinningshafa dregnir út 24. mars. – **sph**



Fyrir vinninginn væri meðal annars hægt að skella sér í Laugardalslaug og upplifa hina frábæru stemmingu sem ríkir þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Shape Of Water ........ 17:30
Spoor ........ 17:30
Stella í Orlofi ........ 20:00
Kobieta Sukcesu ENG SUB ........ 20:00
Andið eðlilega ENG SUB ........ 20:00
Woman Of Mafia ENG SUB ........ 22:15
The Florida Project ........ 22:15
Loveless ........ 22:00




KOMIN Í BÍÓ
BYGGT Á METSÖLUBÓK GUNNARS HELGASONAR
VÍTI Í VESTMANNAEYJUM
sagafilm
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Co-funded by the European Union
Creative Europe MEDIA
RÚV
LevelK
SAMFILM
vodafone
© Sagafilm 2018 - öll réttindi áskilin

# DAGSKRÁ
# Föstudagur



**AMERICAN IDOL**
KL. 19:25
Bráðskemmtileg sería af American Idol með nýjum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant. Frábær fjölskylduþáttur.

Frábært
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**NEVER BEEN KISSED**
KL. 20:55
Rómantísk gamanmynd um unga blaðakonu sem fær það verkefni að skrifa grein um nemendur í miðskóla. Hún ákveður að bregða sér í gervi nemanda við skólann og þá verður ekki aftur snúið. Aðalhlutverk leikur Drew Barrymore.



**WHY HIM?**
KL. 22:45
Ned er ástríkur faðir en ofverndar fjölskyldu sína. Þau fara í heimsókn til dóttur sinnar í Stanford yfir jólin og þar hittir hann fyrir sína mestu martröð, hinn viðkunnanlega en félagslega klaufalega Silicon Valley milljarðamæring og kærasta dóttur sinnar, Laird.

BÍÓ
**FIFTY SHADES DARKER**
KL. 22:00
Dramatísk mynd um hið sérstaka ástarsamband Anastasíu Steele og Christians Grey sem er beint framhald fyrstu bókarinnar og hefst aðeins nokkrum dögum eftir að henni lauk með sambandsslitum.




Allt þetta og meira til
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Ljóti andarunginn og ég
**08.05** The Middle
**08.30** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Mike & Molly
**10.45** Anger Management
**11.10** Restaurant Startup
**12.00** Atvinnumennirnir okkar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Evan Almighty
**14.35** Fly Away Home
**16.20** I Own Australia's Best Home
**17.10** Curb Your Enthusiasm
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** American Idol
**20.50** Never Been Kissed Rómantísk gamanmynd með Drew Barrymore, David Arquette og Molly Shannon. Josie Geller er 25 ára og starfar hjá dagblaði í Chicago. Hún fær það verkefni að skrifa um nemendur í miðskóla og hvað sé efst á baugi hjá þeim. Þetta er gott tækifæri fyrir Josie til að festa sig í sessi á blaðinu en hún er samt full efasemda. Hún verður að þykjast vera nemandi og snúa aftur í skóla sem hún á slæmar minningar úr.
**22.35** Why Him?
**00.25** The Other Side of the Door Hrollvekja frá 2015 sem fjallar um móður sem missir son sinn og uppgötvar leið til að kveðja látið barn sitt. En af misgáningi þá opnar hún leiðina á milli heims hinna dauðu og lifandi. Núna þarf hún að hætta öllu til að bjarga fjölskyldu sinni frá andanum sem eitt sinn var hinn kæri sonur hennar.
**02.05** Meet the Blacks
**03.40** The Darkness
**05.10** Evan Almighty Frábær gamanmynd frá 2007 með Steve Carell í aðalhlutverki og er sjálfstætt framhald af Bruce Almighty þar sem Óskarsverðlaunaleikarinn Morgan Freeman snýr aftur í hlutverki Guðs og Steve Carell leikur Evan. Hann fær það verkefni að byggja örk sem á að bjarga lífríkinu frá komandi stórflóði og að sjálfsögðu gengur það ekki eins og í sögu.

## STÖÐ 2 SPORT

**08.40** Domino's-körfuboltakvöld
**10.20** Augsburg - Werder Bremen
**12.00** Leipzig - Bayern München
**13.40** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**14.05** Seinni bylgjan
**18.30** Haukar - Keflavík
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**22.00** Seinni bylgjan
**23.00** New Orleans - Boston Celtics
**01.21** Premier League World

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Zenit - Leipzig
**10.20** Dynamo Kyiv - Lazio
**12.00** Keflavík - Haukar
**13.40** MD í hestaíþróttum - Samantekt
**14.25** Arsenal - AC Milan
**16.05** Salzburg - Dortmund
**17.50** Lengjubikarinn
**19.55** FA Cup
**21.35** Ensku bikarmörkin
**22.05** Lengjubikarinn
**23.45** Haukar - Keflavík

## STÖÐ 3

**18.15** Anger Management
**18.40** Last Man Standing
**19.05** Baby Daddy
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** Schitt's Creek
**22.05** NCIS: New Orleans
**22.50** Entourage
**23.20** Seinfeld
**23.45** Friends
**00.35** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Mamma Mu
**08.54** Strumparnir
**09.19** Lalli
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** Zigby
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Kormákur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Mamma Mu
**12.56** Strumparnir
**13.21** Lalli
**13.27** Hvellur keppnisbíll
**13.39** Ævintýraferðin
**13.51** Gulla og grænjaxlarnir
**14.02** Stóri og Litli
**14.15** Víkingurinn Viggó
**14.29** Zigby
**14.40** Mæja býfluga
**14.52** Kormákur
**15.02** Dóra könnuður
**15.26** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.49** Doddi litli og Eyrnastór
**16.02** Áfram Diego, áfram!
**16.26** Svampur Sveinsson
**16.51** Mamma Mu
**16.58** Strumparnir
**17.23** Lalli
**17.29** Hvellur keppnisbíll
**17.41** Ævintýraferðin
**17.53** Gulla og grænjaxlarnir
**18.04** Stóri og Litli
**18.17** Víkingurinn Viggó
**18.31** Zigby
**18.42** Mæja býfluga
**18.54** Kormákur
**19.04** Ratchet og Clank



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

**07.45** Inside the PGA Tour
**08.10** WGC. Dell Match Play
**14.10** Golfing World
**15.00** Kia Classic
**18.00** WGC: Dell Match Play

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** A Royal Night Out
**13.50** My Old Lady
**15.35** Phil Spector
**17.05** A Royal Night Out
**18.45** My Old Lady Rómantísk gamanmynd frá 2014 með Kevin Kline, Kristin Scott Thomas og Maggie Smith. Þegar Mathias Gold kemst að því að í íbúðinni sem hann er nýbúinn að erfa búa mæðgur sem ekki er hægt að segja upp leigunni ákveður hann að grípa til sinna ráða.
**20.30** Phil Spector
**22.00** Fifty Shades Darker
**00.00** Fist Fight Gamanmynd frá 2017 með Ice Cube, Charlie Day, Christinu Hendricks og Tracy Morgan. Eftir að Andy Campbell verður það á að láta reka samkennara sinn, Ron Strickland, úr starfi skorar Ron hann á hólm í hnefabardaga á skólalóðinni eftir skóla, fyrir framan nemendur, samstarfsfólk og aðra þá sem hafa áhuga á að sjá mann laminn í spað því Andy kann nákvæmlega ekkert að berjast. Það er því ljóst að Ron á eftir að lemja hann í köku mæti hann til leiks á skólalóðinni. Vandamálið er að Andy getur heldur ekki skorast undan því þá verður hann að athlægi allra nemenda.
**01.35** First Response
**03.05** Fifty Shades Darker

## RÚV

**15.05** Kínverska aðferðin
**15.35** Níundi áratugurinn
**16.20** Músíktilraunir 2017
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Fótboltasnillingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Gerð myndarinnar Lói - Þú flýgur aldrei einn
**20.05** Gettu betur - Úrslit
**21.30** Vikan með Gísla Marteini
**22.15** Mexíkó - Ísland: Upphitun
**22.35** Sumarið '92
**00.10** Saga HM: Mexíkó 1970
**02.00** Mexíkó - Ísland
**04.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.00** Dr. Phil
**13.40** The Mick
**14.00** Man With a Plan
**14.20** Trúnó
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice USA
**21.00** Thor: The Dark World
**22.55** 22 Jump Street
**02.30** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.10** The Walking Dead
**03.55** Penny Dreadful
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



blómaval

# PÁSKAR

## í Blómavali

-20%
**Stóll**
Butterfly Brooklyn
**47.680kr**
~~56.900kr~~
10515954

**Túlípanar**
10 stk, margir litir
**1.299kr**
~~1.490kr~~



**Páskagreinar**
Forsythia 3 stk
**899kr**



-20%
**Páskaliljur**
tet a tet í potti
**399kr**
~~499 kr~~



-25%
**Friðarlilja**
10 stk
**1.490kr**
~~1.990 kr~~
11261379



-33%
**Páskaliljur**
10 stk
**999kr**
~~1.490 kr~~



-33%
**Ástareldur**
**799kr**
~~1.199 kr~~
10327408



-26%
**Orkidea**
12 cm pottur
**1.990kr**
~~2.690kr~~
11325000



-33%
**Begonia**
**1.990kr**
11400027

# Fjölmenni á forsýningu

Kvikmyndin Víti í Vestmannaeyjum, eftir samnefndri bók Gunnars Helgasonar, var forsýnd í gær við góðar viðtökur. Mikið fjölmenni mætti til að gleðjast með leikstjóranum sem og að sjá dýrðina á hvíta tjaldinu. Frægir foreldrar kíktu við með börnunum sínum og gengu glaðir út í kvöldið eftir kraftmikla sýningu.




Gunnar Helgason höfundur og Bragi Þór Hinriksson leikstjóri.



Oliver Nordquist og Róbert Aron Magnússon, betur þekktur sem Robbi Chronic.



Krummi, Guðlaug, Jóhann og Guðrún.



Eyþór Einarsson og Hilmar Gunnarsson.



Sveppi, Arnaldur Flóki, Þórdís Katla og Bergþór Ingi.



Einar Örn Jónsson, Elísabet Ása, Felix Bergsson og Baldur Þórhallsson.

## Tekur tilganginn og notagildið úr hlutum

Listakonan Melkorka Katrín, gjarnan kölluð Korkimon, opnar sína fyrstu einkasýningu í dag. Sýningin samanstendur af sex teikningum og fimm skúlptúrum og er í Kjallaranum í Geysi Heima á Skólavörðustíg.

Spurð út í hvaða hráefni hún notar í skúlptúra sína segir Melkorka: „Ég vinn aðallega með vax, steypu og gifs í skúlptúrunum mínum sem aðalhráefni og svo aukahluti úr ýmsum hornum. Til dæmis er fléttan í einum skúlptúrnum gömul flétta af mér síðan ég var átta ára og fór fyrst í klippingu. Ég er einstaklega hrifin af krókum og hjólum, hlutum með einhvern tilgang en ég tek þá úr samhengi og sýni í nýju ljósi,“ segir Melkorka.

Þess má geta að verk Melkorku á sýningunni snúast að vissu leyti um skort á tilgangi og notagildi. Í tilkynningu um sýninguna segir m.a.: „Sumir skúlptúranna eru algjörlega ónothæfir til nokkurs. En hvers vegna þarf alltaf að vera gagn af hlutum? Hvers vegna þurfum við að setja allt í hólf? Skilgreina hvern einasta hlut? Hugsun um gagnleika allra hluta kemur í veg fyrir framfarir og nýjungar. Það er óþarfi að afmarka alla skapaða hluti.“ – **gha**

Sýnishorn af verkum Melkorku sem verða á sýningunni







**ÉG ER EINSTAKLEGA HRIFIN AF KRÓKUM OG HJÓLUM, HLUTUM MEÐ EINHVERN TILGANG EN ÉG TEK ÞÁ ÚR SAMHENGI OG SÝNI Í NÝJU LJÓSI.**

Melkorka lærði myndlist og listasögu í Sarah Lawrence College í New York.

MYND/ANNA MAGGÝ

# LESTUR ER FYRIR ALLA!




**Í nafni sannleikans**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.899.-




**Köld slóð**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Fyrir fallið**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




**Stalín**
**VILDARVERÐ: 4.799.-**
Verð: 5.799.-




**Landkostir**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




**Hulduheimar 4 - Hafmeyjarif**
**VILDARVERÐ: 1.399.-**
Verð: 1.699.-




EFTIR SAMA HÖFUND OG „GUÐ HINS SMÁA”

**Ráðuneyti æðstu hamingju**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




**Leikskólaföt 2**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




**Konan sem át fíl og grenntist (samt)**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 25. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Gult hlébarðamunstur frá toppi til táar? Við höfum séð það verra.

# Vor í lofti

Vorið er nánast komið og páskarnir nálgast, og þá er um að gera að lífga aðeins upp á fataskápinn. Gulur er liturinn og þú getur komið honum inn hjá þér, annaðhvort í fylgihlutum eða með áberandi flíkum. Eins og sést á myndunum frá götutískunni þá er leið til að klæðast þessum lit án þess að líta út eins og páskaungi. Glamour sýnir þér hvernig.

Gul taska frá Calvin Klein, 17.995 kr. GK Reykjavík.





Sólgleraugu, Cartier, Optical Studio.



Gulur gallajakki, Vero Moda 10.990 kr.



Buxur, Stine Goya, Geysir 27.800 kr.



Strigaskór frá Karhu, Akkúrat 11.900 kr.

**GULUR ER LITURINN OG ÞÚ GETUR KOMIÐ HONUM INN HJÁ ÞÉR, ANNAÐHVORT Í FYLGIHLUTUM EÐA MEÐ ÁBERANDI FLÍKUM.**





Sniðugt að eiga gegnsæja regnkápu og leyfa flíkinni innanundir að njóta sín.

Gulur leðurjakki sem setur skemmtilegan svip á svartan klæðnað.

Gulur er tískulitur núna og því auðvelt að finna viðeigandi flík fyrir páskana.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
● Facebook ● Instagram ● Twitter




## Frábær ferð til hinnar fallegu portúgölsku blómaeyju!

Madeira er stundum nefnd „skrúðgarðurinn í Atlantshafinu" enda með fádæmum gróðursæl eyja sem býr yfir einstökum náttúrutöfrum. Á Madeira ríkir afar þægilegt loftslag allan ársins hring en meðalhitinn í apríl er um 18-20 °C. Innan um tilkomumikil fjöll, vínekrur, ávaxtagarða og fagran hitabeltisgróðurinn hafa eyjarskeggjar skapað hina fullkomnu aðstöðu ferðamannsins. Komdu með og upplifðu magnaða fegurð Madeira!



**Hotel Melia Madeira Mare** ★★★★

**Frá kr. 163.195 m/morgunmat ofl.**

Netverð á mann frá kr. 163.195 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.




**Santa Cruz Village** ★★★★

**Frá kr. 99.995 m/morgunmat innif.**

Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.



**Stökktu** ★★★

**Frá kr. 89.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 í herbergi.
5. apríl í 14 nætur.



**Flugsæti**

**Frá kr. 42.800**

Netverð á mann frá kr. 42.800 báðar leiðir, með handfarangri og tösku.
5. apríl í 14 nætur.

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM87344


















Dýralæknirinn og kvikmyndagerðarkonan Freyja Kristinsdóttir segir sögu hundsins Rjóma vera einstaka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sá strax að saga Rjóma væri efni í mynd

Dýralæknirinn **Freyja Kristinsdóttir** er að leggja lokahönd á gerð heimildarmyndar um baráttu hundaeigandans Hilmars Egils við MAST um að fá að flytja hundinn Rjóma til Íslands frá Noregi.

Myndin er óvenjuleg því að hún fjallar um hund, það hefur örugglega aldrei verið gerð heimildarmynd um hund á Íslandi,“ segir dýralæknirinn og kvikmyndagerðarkonan Freyja Kristinsdóttir sem er þessa dagana að leggja lokahönd á heimildarmynd um hundinn Rjóma, sem er af tegundinni English Bull Terrier, og eiganda hans, Hilmar Egil Jónsson, sem stóð í áralangri baráttu við Matvælastofnun áður en Rjómi fékk loksins að koma til Íslands frá Noregi.

Hilmar sótti um að flytja Rjóma til Íslands frá Noregi árið 2012. Hann fékk synjun frá MAST og málið vakti athygli. Margir töldu að ástæðan fyrir synjun MAST væri vegna þess að English Bull Terrier væri á lista yfir bannaðar hundategundir á Íslandi en svo var ekki. Þess má geta að Rjómi kom til landsins í nóvember í fyrra.

Málið vakti athygli Freyju þegar hún heyrði af því árið 2015. „Þá var ég nýbúin að klára nám í heimildarmyndagerð í Danmörku. Þegar ég fór að skoða málið betur þá sá ég strax að þetta væri efni í heimildarmynd.“

Freyja setti sig í samband við Hilmar og hóf rannsóknarvinnuna. „Hilmar sendi mér málsgögnin og ég byrjaði á að lesa mig í gegnum það allt. Þar kemur ýmislegt fram sem kom mér mjög mikið á óvart,“ segir Freyja sem er hundaþjálfari og dýralæknir.

Hún segir sína þekkingu hafa komið sér vel þegar hún skoðaði rök MAST fyrir því að Rjómi mætti ekki koma til landsins. „Sú ástæða sem MAST kom með var sú að English Bull Terrier væri náskyldur Pit Bull Terrier, sem er tegund á bannlista. En þessar tegundir eru í raun ekkert svo skyldar. Þau hjá MAST vilja sem sagt meina að þessi tegund sé hættuleg en vísuðu ekki í neinar rannsóknir eða neitt slíkt.“



Hilmar Egill Jónsson með hvolpinn Rjóma í fanginu árið 2011 í Noregi.

## Eigandinn gafst aldrei upp

Freyja segir sögu Rjóma vera óvenjulega, sérstaklega fyrir þær sakir að eigandi hans gafst ekki upp. „Ég held að svipuð mál hafi komið margoft upp hjá MAST en það sem er óvenjulegt í máli Rjóma er að Hilmar gefst ekki upp. Ég held að flestir sem hafa lent í því að fá neitun frá MAST hafi ekki lagt í allan þann kostnað, tíma og vinnu sem fer í að fara í mál. En Hilmar gafst ekki upp, alveg sama hversu oft hann tapaði. Það er það sem gerir þetta mál einstakt.“

Aðspurð hvort hún sjálf hafi leitað svara hjá MAST segir Freyja: „Já, ég er búin að reyna að fá viðtal, ég reyndi það alveg í tvo mánuði. En ég fékk aldrei nein svör en svo fékk ég að lokum þau svör að þau vildu ekki veita viðtal. Ég er svo búin að fá eina yfirlýsingu frá þeim en í henni kom ekkert fram sem ég hafði ekki séð áður.“

„Það sem ég hefði viljað hafa með í myndinni er viðtal við einhvern frá MAST, en það verður þá kannski bara að koma eftir að myndin er komin út,“ segir Freyja sem stefnir á að koma myndinni um Rjóma í sýningu í Bíó Paradís í maí.

**gudnyhronn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*





# FOREIGNER

**LAUGARDALSHÖLL**

**FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ 18. maí**

**I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE**
**WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT**
**SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO**

EKKI MISSA AF ÞESSU

**MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS**

/ FOREIGNER Á ÍSLANDI

VÍKING BRUGGHÚS

Vista Expo

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Þórarins Þórarinssonar




## Framtíð

Ísland er erfitt land. Kalt, dýrt og samfélagið rótspillt. Samt er þó hvergi í heimi hér betra að búa en einmitt á þessu skeri. Meint hamfarasvæðin hérna eru ekki háskalegri en svo að flóttafólk; börn og fullorðnir, af öllum kynjum, gengur hér á land skælbrosandi, jafnvel grátandi af gleði. Eðlilega er Ísland draumalandið ef þú hrökklast hingað langan veg með óttann í farangrinum og dauðann á hælunum.

Ég leyfði tárum að falla (#föðurhjartað) yfir fréttum Stöðvar 2 þegar hún Salmah litla lauk flótta sínum frá Keníu, í gegnum Úganda, á Íslandi.

*Elín Margrét (fréttakona): Við hverju býstu á Íslandi?*

*Salmah (sjö ára flóttabarn): Framtíð.*

Þegar barn svarar með þessu eina orði verður merking þess svo djúp að mann sundlar. Íslensk börn þurfa ekki að láta sig dreyma um framtíð. Þótt efni og aðstæður séu misjöfn þá fáum við sem fæðumst hér framtíðina í vöggugjöf.

Framtíðin og þrá okkar eftir ávísunum á möl og ryð eru í boði náttúrunnar og auðlinda hennar. Síðan er, því miður, undir okkur sjálfum komið hversu lengi þær munu endast.

Framtíðin er einnig takmörkuð auðlind en svo lengi sem við varðveitum þær náttúrulegu munum við alltaf vera aflögufær um helling af framtíð sem við getum leyft börnum eins og Salmah að njóta með börnunum „okkar“. Þar fyrir utan er hvert mannsbarn vitaskuld mannauður þannig að þetta er „solid bissnissplan“ sem meira að segja hjartalausa Excel-fólkið á að fatta.

Rasistunum er svo ekki viðbjargandi. Heimska og mannvonska eru nefnilega ólæknandi.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Getur þú fundið mig á Fréttablaðið.is í dag?

Þú gætir unnið páskaglaðning frá Nóa Siríus



FRÉTTABLAÐIÐ.IS




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING






DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI

Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 569.800

Tilboð 427.350 kr.

Með Tempur Contour eða Cloud heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 769.800

Tilboð 577.350 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK